

2010

20. des

Jólakveðja frá Náttúrustofu Vesturlands

Starfsfólk Náttúrustofu Vesturlands óskar samstarfsfólki, viðskiptavinum, velunnurum, Vestlendingum og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.



13. des

Tvær nýjar yfirlitsgreinar um ágengar tegundir birtar í Náttúrufræðingnum



Í síðustu viku birtist í Náttúrufræðingnum, tímariti Hins íslenska náttúrufræðifélags (HÍN), seinni greinin af tveim um ágengar tegundir eftir Menju von Schmalensee, sviðsstjóra á Náttúrustofu Vesturlands. Fyrri greinin birtist í næsta tölublaði á undan, sem út kom í sumar. Ágengar tegundir eins og lúpína og minkur hafa verið fyrirferðarmiklar í umræðu landsmanna síðustu áratugi en í greinunum tveim er litið á ágengar tegundir í stóru samhengi. Í þeirri fyrri er fjallað almennt um líffræði þeirra og stöðu á heimsvísu en sjónum beint að stöðu mála á Íslandi í seinni greininni.

Greinarnar gefa greinargott yfirlit um málaflokkinn og eru afrakstur margra mánaða ítarlegrar heimildavinnu. Efnið hefur aldrei áður verið tekið saman á þennan hátt á íslensku og er vonast til að greinarnar stuðli að málefnalegri umræðu um framandi, ágengar tegundir

hér á landi. Alþjóðastofnanir og samtök telja ágengar tegundir vera á meðal mestu ógna við líffræðilega fjölbreytni á heimsvísu og fer því vel á að greinarnar birtist einmitt á ári líffræðilegrar fjölbreytni. Náttúrustofan hefur m.a. staðið fyrir rannsóknum á ágengu tegundunum mink og lúpínu.

Náttúrufræðingurinn er vandað náttúruvísindarit fyrir jafnt fræðimenn og almenning og er aðgengilegt á bókasöfnum en félagsaðild í HÍN felur m.a. í sér áskrift að tímaritinu. Greinarnar tvær eru ekki aðgengilegar á netinu en útdrætti úr greinunum má nálgast á heimasíðu HÍN (hin.is). Þá má einnig nálgast afrit af greinunum hjá höfundi (menja@nsv.is).

Vágastir í vistkerfum – fyrri hluti. Stiklað á stóru um framandi ágengar tegundir. Náttúrufræðingurinn 80 (1-2), bls. 15-26.

Vágastir í vistkerfum – Seinni hluti. Framandi og ágengar tegundir á Íslandi. Náttúrufræðingurinn 80 (3-4), bls. 84-102.

13. des

Skýrsla um gróðurfar í Húsafelli og Geitlandi

Út er komin skýrslan „Gróðurfarsúttekt í Húsafellsskógi og Geitlandi 2010“, sem Björn Þorsteinsson og Anna Guðrún Þórhallsdóttir unnu fyrir Náttúrustofu Vesturlands. Rannsóknin var unnin að beiðni Umhverfisstofnunar.

Mældur var þéttleiki og hæð birkis í friðlandinu í Húsafelli í Borgarfirði og þær niðurstöður bornar saman við eldri rannsóknir (1981 og 2002). Ástand gróðurs í friðlandinu í Geitlandi, sem er skammt frá Húsafelli, var metið á tveimur völdum svæðum. Höfundar lýstu gróðurfari og settu fram ráðleggingar um landnotkun.

Rannsóknin var hluti af viðleitni Umhverfisstofnunar til að bæta þekkingu og grundvöll stjórnunar á friðlýstum svæðum. Skýrsluna má nálgast á heimasíðu Náttúrustofu Vesturlands.

23. nóv

Fræðsluerindi Samtaka náttúrustofa hefjast á ný

Fimmtudaginn 25. nóvember n.k. kl 12:15-12:45, flytur Gunnar Þór Hallgrímsson, líffræðingur á Náttúrustofu Reykjaness erindi sitt: „Farhættir íslenskra sílamáfa“.

Í Stykkishólmi er hægt að fylgjast með erindinu í Egilshúsi og á Hvanneyri í Landbúnaðarháskólanum (Vesturstofu í Ásgarði).

Nánar má lesa um fræðsluerindi Náttúrustofa og á hvaða stöðum hægt er að fylgjast með þeim með því að smella á auglýsinguna hér fyrir neðan.



Fræðsluerindi
Náttúrustofa

Í þjófendabúnaði um land allt

Náttúrustofa er stjórnað af náttúruvísindum og hefur hún verið starfandi síðan 1981. Stofnanin hefur verið starfandi í Reykjavík og á Vesturlandi. Stofnanin hefur verið starfandi í Reykjavík og á Vesturlandi. Stofnanin hefur verið starfandi í Reykjavík og á Vesturlandi.

Fimmtudaginn 25. nóvember n.k. kl. 12:15-12:45

Farhættir íslenskra sílamáfa

Gunnar Þór Hallgrímsson, líffræðingur á Náttúrustofu Reykjaness erindi sitt: „Farhættir íslenskra sílamáfa“.

Í Stykkishólmi er hægt að fylgjast með erindinu í Egilshúsi og á Hvanneyri í Landbúnaðarháskólanum (Vesturstofu í Ásgarði).

Nánar má lesa um fræðsluerindi Náttúrustofa og á hvaða stöðum hægt er að fylgjast með þeim með því að smella á auglýsinguna hér fyrir neðan.

22. nóv

Fyrirlestur um botndýr

Miðvikudaginn 24. nóvember kl. 20 mun Jörundur Svavarsson, prófessor við Háskóla Íslands, halda fyrirlestur á ráðhúsloftinu í Stykkishólmi. Fyrirlesturinn nefnist „Botndýrin lítil og stór“ en í honum fjallar Jörundur um undraveröld hafsbotnsins á Íslandsmiðum.

Fyrirlesturinn er á vegum Náttúrustofu Vesturlands, Umhverfishóps Stykkishólms og Háskólaseturs Snæfellsness. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir!

15. okt

Fyrsta ársskýrsla Samtaka náttúrustofa komin út

Út er komin ársskýrsla Samtaka náttúrustofa (SNS) fyrir árið 2009. Skýrslan inniheldur umfjöllun um starfsemi náttúrustofa, sem eru sjö talsins og dreifðar um landið. Þetta er í fyrsta sinn sem SNS gefur út sameiginlega ársskýrslu fyrir allar náttúrustofurnar en hún sýnir svo ekki er um að villast að á náttúrustofunum er unnið mikilvægt, fjölbreytt og áhugavert starf í tengslum við rannsóknir, fræðslu og ráðgjöf um náttúrutengd málefni.

Skýrslan, sem er um 60 síður að lengd, er aðgengileg á netinu, bæði á heimasíðu Samtaka náttúrustofa, www.sns.is, og á heimasíðum einstakra náttúrustofa. Þeim sem vilja eignast prentað eintak af skýrslunni er bent á að hafa samband við Samtök náttúrustofa eða næstu náttúrustofu.



1. okt

Náttúrustofuþing 2010 á Hvolsvelli

Þriðjudaginn 12. október verður hið árlega Náttúrustofuþing haldið á Hvolsvelli. Þetta er í sjötta sinn sem náttúrustofur landsins halda opna ráðstefnu þar sem kynnt er brot af því sem unnið er að á náttúrustofunum, ásamt því sem tveir gestafyrirlesarar af samstarfsstofnunum kynna rannsóknir sínar. Þingið er haldið á Hótel Hvolsvelli, hefst kl 13:30 og stendur til 16:30. Allir eru velkomnir og er aðgangur ókeypis.

Dagskrá Náttúrustofuþingsins er fjölbreytt og áhugaverð. Náttúrustofa Vesturlands mun kynna rannsóknir sínar á mink. Róbert A. Stefánsson og Menja von Schmalensee halda fyrirlestur um veirusjúkdóminn plasmacytosis í villtum mink.

27. ágúst

Heimsókn frá Tékklandi

Mánudaginn 23. ágúst fékk starfsfólk ráðhússins í Stykkishólmi riflega tuttugu manna hóp tékkneskra sveitarstjórnarmanna í heimsókn. Heimsóknin var hluti af ferð hópsins um Vesturland í þeim tilgangi að kynna sér vinnu sveitarfélaganna í fjórðungnum að umhverfismálum. Ferðin var að mestu leyti kostuð af Þróunarsjóði EFTA, en Environice átti stóran þátt í skipulagningunni hérlandis í samvinnu við Vaxtarsamning Vesturlands og ráðgjafastofuna MCN í Prag.



Tékkarnir dvöldu á Vesturlandi frá föstudegi til þriðjudags en héldu svo til síns heima eldsnemma á miðvikudagsmorgni. Í heimsókn sinni komu þeir við á ýmsum áhugaverðum stöðum á Vesturlandi eins og greint er frá í frétt áheimasíðu Environice.

Hópurinn mætti á Snæfellsnes á sunnudaginn þar sem dagurinn var nýttur í eyjasiglingu um Breiðafjörð, heimsókn á Eldfjallasafnið í Stykkishólmi og skoðunarferð í Þjóðgarðinn Snæfellsjökul.

Á mánudaginn tóku starfsmenn Náttúrustofu Vesturlands ásamt Gyðu Steinsdóttur, bæjarstjóra Stykkishólms, á móti hópnum í ráðhúsi Stykkishólmsbæjar. Þar fræddi Róbert A. Stefánsson, forstöðumaður Náttúrustofunnar, Tékkana um starfsemi stofunnar. Menja von Schmalensee, líffræðingur og starfsmaður Náttúrustofunnar, hélt fyrirlestur um ágengar tengundir og sagði meðal annars frá því hvernig tekið hefur verið á þeim í Stykkishólmsbæ. Theódóra Matthíasdóttir, umhverfisfulltrúi, fjallaði um EarthCheck-verkefnið sem sveitarfélögin á Snæfellsnesi, ásamt Þjóðgarðinum Snæfellsjökli, eru aðilar að. Ennfremur hélt Birgir Á. Kristjánsson frá Íslenska Gámafélaginu kynningu á lausnum Stykkishólmsbæjar í úrgangsmálum. Átti það vel við þar sem Stykkishólmsbær er frumkvöðull í hinu svo kallaða „þriggja tunnna kerfi“ og er sú leið sem bærinn hefur farið í sorpmálum oft kölluð Stykkishólmsleiðin. Í kjölfar fyrirlestranna heimsótti hópurinn sorpmóttökustöðina Snoppu og átti að lokum góðar stundir yfir hádegismat á Narfeyrarstofu áður en haldið var áfram í Borgarnes. Fyrirlestrarnir fóru allir fram á íslensku og Lena Uhrova, tékknesk kona sem búsett er á Dalvík, túlkaði yfir á tékknesku.

Almenn ánægja var á meðal starfsfólks Náttúrustofunnar um það hversu áhugasamir Tékkarnir voru um allt það sem fyrir þeim var kynnt. Spurningar flæddu og fólkið var greinilega á svæðinu til þess að fræðast. Vonandi nýtist heimsókn þeirra í ráðhús Stykkishólms þeim í komandi verkefnum heima fyrir.

16. júlí

Umhverfissvottun sveitarfélaga endurnýjuð

Eins og mörgum er kunnugt hlutu sveitarfélögin fimm á Snæfellsnesi, Eyja- og Miklaholtshreppur, Grundarfjarðarbær, Helgafellssveit, Snæfellsbær og Stykkishólmsbær, ásamt Snæfellsjökulsþjóðgarði, Green Globe umhverfissvottun samfélaga árið 2008. Var svæðið fyrsta samfélagið í Evrópu til þess að hljóta slíka vottun og það fjórða í heiminum.

Vottunarmálum er þannig háttað að fullkomnun er aldrei náð og því skiptir miklu máli að sífellt sé sýnt fram á betri árangur í umhverfismálum á svæðinu. Í maí síðastliðinn komu hingað þau Cathy Colgan, margreyndur úttektaraðili, og Haukur Haraldsson frá Almennu verkfræðistofunni, og mátu það hvort samfélögin á Snæfellsnesi stæðust kröfur um endurnýjaða vottun. Samkvæmt skýrslu þeirra til EarthCheck var mælt með því að vottun fengist á ný og þann 15. júlí síðastliðinn fengu sveitarfélögin tilkynningu



um að umhverfissvottunin yrði endurnýjuð, nú undir merkjum EarthCheck. Sömu vottunarsamtökin standa að vottuninni og áður og hefur hún ekki breyst efnislega, aðeins nafnið.

Nú styttest í að nýir fánar með EarthCheck merkinu verði dregnir að húni til merkis um góða umhverfisvitund og vinnu að framförum í umhverfis- og samfélagsmálum.

Óska ég öllum íbúum Snæfellsness hjartanlega til hamingju með þennan merkilega áfanga um leið og ég hvet alla til þess að setja sér markmið um að gera örlítið betur á næstu mánuðum svo við getum fagnað á ný að ári.

Theódóra Matthíasdóttir, umhverfisfulltrúi Snæfellsness (theo@nsv.is)

12. júlí

Branduglunni sleppt

Branduglunni, sem Freydís Vigfúsdóttir fann mikið slasaða eftir kríuárás fyrir tæpri viku, var sleppt í gær eftir aðhlynningu á Náttúrustofunni. Uglan var hin hressasta og frelsinu greinilega fegin. Hún flaug nokkra hringi um svæðið áður en hún hvarf sjónum.



8. júlí

Branduglunni hjúkrað til heilsu

Síðdegis á mánudaginn var Freydís Vigfúsdóttir, doktorsnemi við Háskólasetur Snæfellsness, ásamt fylgdarliði við athuganir í kríuvarpinu við Rif þegar hún sá kríurnar gera harða atlögu að einhverju. Í fyrstu sást lítið til meints afræningja í varpinu en við nánari könnun sást að um branduglu var að ræða. Uglan var nær dauða en lífi eftir árásina en Freydís tók hana með sér á Náttúrustofuna til aðhlynningar.

Eftir hvíld og að hafa rifið í sig tvo hrossagauka sem fundust í frysti Náttúrustofunnar er uglan nú mun hressari. Henni verður sleppt aftur við Rif þegar hún hefur náð fullum bata.



Uglan var enn mjög slappleg eftir fyrstu nóttina



Eftir að hafa fengið vatn og rifið í sig hræ tveggja hrossagauka hresstist uglan til muna

7. júlí

Lúpínuslætti að ljúka

Aðgerðir gegn ágengum plöntum í í Stykkishólmi ganga ágætlega og er lúpínuslætti að ljúka. Fyrstu yfirferð á skógarkerfil og spánarkerfil er lokið nema í örfáum tilfellum þar sem ekki fékkst leyfi til að fara inn í garða. Sömuleiðis vantar enn leyfi nokkurra garðeigenda til að fjarlægja bjarnarkló og lúpínu.

Að kvöldi 21. júní síðastliðinn komu íbúar við Ytri-Höfða saman og slógu lúpínu. Þátttakan var góð og gekk slátturinn frábærlega í veðurbliðu.

Yfirbragð höfðans breyttist mikið við sláttinn. Eiga íbúarnir hrós skilið fyrir að eiga frumkvæði að aðgerðum sveitarfélagsins gegn ágengum plöntum og að leggja vinnu sína í aðgerðirnar.

Lúpínuslætti er nú lokið ef frá er talið skógræktarsvæðið við Grensás. Skógræktarfélag Stykkishólms er með ásana í austanverðu bæjarlandinu á leigu frá Stykkishólmsbæ. Samkomulag um að uppræta lúpínu þar tókst ekki að þessu sinni en verkefnið fær til umráða eina stóra breiðu á því svæði til að framkvæma samanburðartilraun á áhrifum eiturs og sláttar. Sá hluti breiðunnar sem ekki verður nýttur í tilraunina verður sleginn og er gert ráð fyrir að þeim slætti ljúki í vikunni. Að því loknu snýr hópurinn sér aftur að bjarnarkló og kerflum. Þrír starfsmenn vinna í fullu starfi við aðgerðirnar en auk þeirra eru hér nú staddir fimm sjálfboðaliðar frá sjálfboðaliðasamtökunum SEEDS www.seedsiceland.org.



Bjossi málari vígalegur með orfið



Lúpína slegin í tilraunareit



Lúpína slegin í tilraunareit



Lúpína slegin við göngustíg



Lúpínan þakti höfðann á stórum svæðum



Lúpínubreiðurnar eru stórar á tilraunasvæðinu



Lúpínutilraunareitir eru afmarkaðir með stikum og snæri



Tilraunareitir stikaðir



Slegið af miklum



móðStykkishólmsbær bauð upp á veitingar

5. júlí

Tilraunalandið – Vísindin lifna við

Náttúrustofan vill vekja athygli á farandsýningu um náttúruvísindi sem verður í Stykkishólmi á morgun þann 6. júlí.



10. júní

Kraftur í náttúrurannsóknum í Stykkishólmi í sumar

Um vor og sumar er aðaltíminn til gagnaöflunar í náttúrurannsóknum og þetta árið er mikið um að vera hjá Náttúrustofu Vesturlands og Háskólasetri Snæfellsness.

Á Náttúrustofu Vesturlands eru fjórir fastráðnir starfsmenn í fullu starfi, sem m.a. sinna rannsóknum á spendýrum, fuglum og plöntum og vinna að umhverfismálum, auk þess sem danskur sérfræðingur Norrænu eldfjallastöðvarinnar hefur þar starfsaðstöðu hluta af sínum vinnutíma. Í vor og sumar sinna þrír verkefnaráðnir starfsmenn afmörkuðum verkefnum um mink, glókoll og tófu. Í sumar verður hér einnig doktorsnemi á styrk frá Rannís vegna minkarannsókna og líffræðinemi, sem fékk styrk til að vinna að rannsóknum á verkun þara á vegum Matís og Íslenskrar bláskeljar ehf. og hafa mun vinnuaðstöðu m.a. á Náttúrustofunni. Þá er ótalin einn sjálfboðaliði sem verður hér við ýmsar rannsóknir í júlí.

Á Háskólasetri Snæfellsness eru tveir fastráðnir starfsmenn í fullu starfi, einkum við rannsóknir á æðarfugli og sjófuglum. Í sumar fjölga verulega þegar hingað koma tveir doktorsnemar til rannsókna á kríu og æðarfugli ásamt 3-4 sjálfboðaliðum á þeirra vegum. Þá dvelja hér um hríð tveir erlendir sérfræðingar, bandarískur sérfræðingur í veirusjúkdómum í fuglum og kanadískur sjófuglasérfræðingur. Þrír sumarstarfsmenn verða við Háskólasetrið; tveir líffræðinemar úr Stykkishólmi vinna verkefni sín um lunda og kríu á styrkjum sem fengust hjá Nýsköpunarsjóði námsmanna. Loks fengu Háskólasetrið og Vör Sjávarrannsóknasetur við Breiðafjörð styrk fyrir sumarmanneskju sem mun prófa veiðiaðferðir á marhnút, marflóm, sprettfiski og kræklingi, með það markmiði að geta vakt að þessar tegundir í framtíðinni.

Samkvæmt þessu verða a.m.k. 23 einstaklingar að störfum í tengslum við starfsemi Náttúrustofu Vesturlands og Háskólaseturs Snæfellsness þetta vor og sumar. Þá eru ótaldir

starfsmenn Stykkishólmsbæjar og sjálfboðaliðar sem vinna munu að aðgerðum gegn ágengum plöntutegundum í sumar undir faglegri verkstjórn Náttúrustofunnar, auk innlendra og erlendra fræðimanna sem eiga hér leið um og nýta aðstöðu eða aðstoð starfsfólks stofnananna við rannsóknir sínar á svæðinu.

1. júní

Teymi sérfræðinga kemur að aðgerðum gegn ágengum plöntum

Náttúrustofa Vesturlands hefur fengið helstu sérfræðinga landsins um landgræðslu og ágengar plöntur til liðs við sig í samstarfsverkefni sínu við Stykkishólmsbæ um aðgerðir gegn ágengum plöntum í bæjarlandinu.

Þann 20. maí síðastliðinn stóð Náttúrustofan fyrir sérfræðingafundi í Stykkishólmi þar sem 7 sérfræðingar frá Náttúrufræðistofnun Íslands, Landgræðslu ríkisins, Landbúnaðarháskóla Íslands og Háskóla Íslands voru einum degi til að skoða aðstæður og veita ráðgjöf.

Allar þessar stofnanir munu leggja verkefninu lið með áframhaldandi ráðgjöf en einnig munu Landgræðslan og Landbúnaðarháskólinn taka þátt í að mæla árangur mismunandi aðferða, Náttúrufræðistofnun mun leggja til greiningu á loftmyndum og Háskólinn mun standa fyrir rannsóknum á félagslegum þáttum.

Verkefnið hefur vakið mikinn áhuga sérfræðinga og annarra aðila sem tengjast málefnum um allt land. Á fundinum lögðu sérfræðingarnir áherslu á ánægju sína með þetta einstæða framtak Stykkishólmsbæjar og að verkefnið væri mikilvægt frumherjaverkefni sem horft yrði til við ákvarðanatöku um aðgerðir gegn viðkomandi tegundum á landsvísu. Þeir vildu einnig árétta að um langtímaverkefni og því þolinmæðisverk væri að ræða

26. apríl

Fyrirlestur um skötusel

Jón Sólmundsson, fiskifræðingur á Hafrannsóknastofnuninni, áður útibússtjóri stofnunarinnar í Ólafsvík, flytur erindi um skötusel og lifnaðarhætti hans næstkomandi þriðjudag.

Sjómenn við sunnanverðan Breiðafjörð hafa í síauknum mæli orðið varir við skötusel á síðustu árum, enda er tegundin ein þeirra sem breytt hafa útbreiðslu sinni á Íslandsmiðum á síðustu árum.

Fyrirlesturinn, sem er á vegum Náttúrustofu Vesturlands og Háskólasets Snæfellsness, verður þriðjudaginn 27. apríl kl. 20 á ráðhúsloftinu, Hafnargötu 3 í Stykkishólmi.

21. apríl

Vel heppnuð ráðstefna um umhverfismál og vottun Vestfjarða

Um síðustu helgi héldu Ferðamálasamtök Vestfjarða ráðstefnu að Núpi við Dýrafjörð til að vekja athygli á mikilvægi umhverfismála og umhverfisvottana. Fyrirlesarar voru umhverfisráðherra, sérfræðingar um umhverfismál, þ.á m. tveir fulltrúar Náttúrustofu Vesturlands, auk fulltrúa fyrirtækja og sveitarfélaga.

Ráðstefnan var mjög vel heppnuð og gestir nálægt 100.

„Ég hef á tilfinningunni að ráðstefnan hafi þegar gert það gagn að nú verði ekki aftur snúið í þessum málum og ég er mjög bjartsýnn á að Vestfirðingar séu tilbúnir að ræða þessi mál af alvöru og hrinda þeim í framkvæmd,“ sagði Sigurður Atlason, formaður Ferðamálasamtaka Vestfjarða, um ráðstefnuna í viðtali við BB (sjá <http://www.bb.is/Pages/26?NewsID=147286>). Ráðstefnuhefti með útdráttum erinda má finna á heimasíðu Náttúrustofu Vesturlands.

12. apríl

Umhverfismál og vottun Vestfjarða

Laugardaginn 17. apríl standa Ferðamálasamtök Vestfjarða fyrir afar áhugaverðri ráðstefnu í Dýrafirði. Ráðstefnan ber yfirskriftina „Umhverfisvottun Vestfjarða“ en þar munu sérfræðingar víða að fjalla um ýmislegt er snýr að umhverfismálum. Á meðal fyrirlesara eru þrír Snæfellingar, þar af tveir starfsmenn Náttúrustofu Vesturlands. Róbert A. Stefánsson mun fjalla um umhverfisvottun Snæfellsness, hvað hún felur í sér og hverju hún hefur skilað en Menja von Schmalensee fjallar um framtíðarsýn um umhverfisvottað Ísland. Erla Friðriksdóttir, bæjarstjóri í Stykkishólmi, mun fjalla um reynslu Stykkishólmsbæjar af frumkvöðlastarfi á sviði umhverfismála.

Ráðstefnan verður haldin á Hótel Núpi í Dýrafirði og hefst kl. 11, laugardaginn 17. apríl. Allir eru velkomnir.

Dagskrá ráðstefnunnar má nálgast á vef Ferðamálasamtaka Vestfjarða, <http://www.vestfirskferdamal.is/skraarsafn/skra/53/>

Tengdir hlekkir á Fésbókinni:

Ferðamálasamtök Vestfjarða: <http://www.facebook.com/home.php?ref=home#!/vestfiridir>
Umhverfisvottað

Ísland: <http://www.facebook.com/home.php?ref=home#!/pages/Umhverfisvottad-Island-Eco-certified-Iceland/437050060157>

22. mars

Fyrirlestur SNS í fjarfundabúnaði: Uppeldisstöðvar þorskseiða

Fimmtudaginn 25. mars, kl. 12:15 – 12:45, flytur Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir, líffræðingur á Rannsóknarsetri Háskóla Íslands á Vestfjörðum, erindi sitt: Uppeldisstöðvar þorskseiða.

Í Stykkishólmi er hægt að fylgjast með erindinu í Egilshúsi og á Hvanneyri í Landbúnaðarháskólanum (Vesturstofu í Ásgarði).

22. mars

Umsóknarfrestur rennur út í dag

Minnt er á að umsóknarfrestur um starf umhverfisfulltrúa Snæfellsness er að renna út. Í einni af þeim auglýsingum sem birtust fyrir nokkru misritaðist umsóknarfrestur en hið rétta er að hann rennur út í dag, mánudaginn 22.mars.

12. mars

Úrslitatilraun til að bjarga erni

Í fyrrakvöld sagði Stöð 2 frá skurðaðgerð sem framkvæmd var á haferni á dýraspítalanum í Víðidal. Örninn hefur verið í umsjá Húsdýragarðsins og Náttúrufræðistofnunar undanfarna mánuði.

Fuglinn var merkur sem ungi á hreiðri á Mýrum sumarið 2004 en heimilisfólkið í Bjarnarhöfn á norðanverðu Snæfellsnesi fann hann laskaðan við Bjarnarhafnarfjall undir lok september í fyrra. Starfsmenn Náttúrustofu Vesturlands sóttu fuglinn og komu honum í hendur Kristins Hauks Skarphéðinssonar, arnarsérfræðings Náttúrufræðistofnunar Íslands. Farið var með fuglinn í skoðun á dýraspítalanum í Víðidal þar sem í ljós kom vökvafyllt kýli við vænglið, sem var tæmt og hreinsað. Undanfarna rúma fimm mánuði hefur örninn svo dvalið í Húsdýragarðinum án þess að sýna umtalsverðar framfarir. Því var ákveðið að láta dýralækni gera úrslitatilraun til að hjálpa erninum. Liðurinn var enn bólginn og við röntgenmyndun kom í ljós það sem virtist vera aðskotahlutur í liðnum. Skorið var á kýlið og liðurinn hreinsaður. Næstu daga verður örninn hafður á sýklalyfjakúr til að fyrirbyggja frekari sýkingu. Skemmdir gætu þó hafa orðið á liðnum svo óvíst er um batahorfur.

Fjallað var um þennan örn á heimasíðu Náttúrustofunnar þann 1. október síðastliðinn.

22. feb

Fyrirlestur SNS í fjarfundabúnaði: Hnyðlingar í íslenskum gosmyndunum

Fimmtudaginn 25. febrúar, ailtent kl. 12:15 – 12:45, flytur Ingvar Atli Sigurðsson, jarðfræðingur á Náttúrustofu Suðurlands, erindi sitt:

Hnyðlingar í íslenskum gosmyndunum.

Í Stykkishólmi er hægt að fylgjast með erindinu í Egilshúsi og á Hvanneyri í Landbúnaðarháskólanum (Vesturstofu í Ásgarði).

19. feb

Fyrirlestur um þorskin

Lísa Anne Libungan, sjávarlíffræðingur frá Háskóla Íslands og Matís, heldur fyrirlestur um nýlegar rannsóknir sínar á aðlögun þorsks að umhverfi sínu.

Þorskurinn við Ísland býr við breytileg umhverfisskilyrði sem einkennast af áhrifum kaldsjávar norður af landinu en hlýrri sjávar við suðurströndina. Munur er á vexti, lifun og súrefnisupptöku þorsks frá norður- og suðursvæði, sem gefur til kynna að stofngerð þorsks við Ísland sé flóknari en margan grunar.

Fyrirlesturinn, sem er á vegum Háskólasets Snæfellsness og Náttúrustofu Vesturlands, verður þriðjudaginn 23. febrúar kl. 20 á ráðhúsloftinu, Hafnargötu 3 í Stykkishólmi.

Allir velkomnir. Aðgangur ókeypis

25. jan

Fræðsluerindi náttúrustofa í fjarfundarbúnaði: Æðarfugl – Gerð og samsetning unghópa

Fimmtudaginn 28. janúar nk. kl 12:15-12:45 flytur Rán Þórarinsdóttir, líffræðingur á Náttúrustofu Austurlands, cialis erindi sitt um gerð og samsetningu æðarfuglaungahópa. Erindinu verður varpað vítt og breitt um landið. Í Stykkishólmi er hægt að fylgjast með erindinu í námsverinu í Egilshúsi og á Hvanneyri í Landbúnaðarháskólanum (Vesturstofu í Ásgarði). Allir velkomnir.

19. jan

Af kríum í kreppu

Miðvikudaginn 20. janúar kl. 20 mun Freydís Vigfúsdóttir, líffræðingur á Háskólasetri Snæfellsness, fjalla um kríur á Snæfellsnesi í fyrirlestri á lofti ráðhússins í Stykkishólmi.

Frá 2005 hefur varpárangur hjá mörgum sjófuglategundum verið áberandi lélegur. Krían er sérstaklega viðkvæm fyrir umhverfisbreytingum en verkefni Freydísar er að meta áhrif breytilegs umhverfis á kríur. Undanfarin tvö ár hefur hún stundað rannsóknir í snæfellskum kríuvörpum og mun í fyrirlestrinum greina frá helstu niðurstöðum rannsóknarinnar sem fyrir liggja.

8. jan

Fuglalíf blómstrar

Nú er lokið árlegri talningu vetrarfugla sem fer fram í kringum áramót. Að þessu sinni voru fuglar taldir mun víðar á Snæfellsnesi en áður (sjá meðfylgjandi kort).

Á talningarsvæðunum voru samtals um 20 þúsund fuglar af 33 tegundum. Fuglalífið var óvenju blómlegt líkt og síðasta vetur, að líkindum vegna mikillar síldargengdar í Breiðafirði annan veturinn í röð. Algengasti fuglinn var æðarfugl en þar á eftir komu hvítmáfur og svartbakur. Í töflu hér fyrir neðan má sjá 10 algengustu fuglategundirnar og í annarri töflu samanlagðan fjölda fugla á öllum talningarsvæðunum á Snæfellsnesi. Af einstökum talningarsvæðum voru flestir fuglar í Grundarfirði, 6.562 talsins.

Tegund	Fjöldi
Æðarfugl	5.557
Hvítmáfur	4.844
Svartbakur	3.114
Fýll	1.349
Sendlingur	893
Tjaldur	799
Bjartmáfur	559
Stökkönd	370
Toppskarfur	252
Hávella	192
10 algengustu fuglategundirnar	

Náttúrufræðistofnun tekur við niðurstöðum talninganna og búast menn þar á bæ við að talið hafi verið á um 170 svæðum á Íslandi í ár.

Talningarmenn á Snæfellsnesi að þessu sinni voru Daníel Bergmann, Róbert A. Stefánsson og Jón Einar Jónsson.

Tæplega 20 þúsund fuglar af 33 tegundum sáu st í talningunni á Snæfellsnesi.

Tegund	Fjöldi	Tegund	Fjöldi
Lómur	36	Tjaldur	799
Himbrimi	13	Stelkur	9
Fýll	1.349	Tildra	34
Dílaskarfur	83	Sendlingur	893
Toppskarfur	252	Stormmáfur	2
Ógr. skarfur	36	Silfurmáfur	15
Álft	42	Svartbakur	3.114
Stökkönd	370	Hvítmáfur	4.844
Rauðhöfðaönd	62	Bjartmáfur	559
Hávella	192	Hettumáfur	59
Straumönd	65	Rita	1
Æðarfugl	5.557	Ógr. máfur	800
Æðarkóngur	2	Teista	39
Gulönd	19	Músarrindill	1
Toppönd	161	Snjótittlingur	136
Haförn	8	Stari	154
Fálki	3	Hrafn	147
Smyrill	2		
Samtals	19.858	Fjöldi tegunda	33



Talningarsvæðin eru merkt með bláum lit. (Kortið byggir á stafrænum kortagrunni Landmælinga Íslands.)

Á vef Náttúrufræðistofnunar Íslands (www.ni.is) segir m.a. um vetrarfuglatalningar: “Árlegar vetrarfuglatalningar hófust á Íslandi um jólaleytið 1952 að amerískri fyrirmynd. Þetta verkefni er ein lengsta samfellda vöktun sem stunduð hefur verið hér á landi og sú sem tekur til flestra fuglategunda. Fyrsta árið var talið á 11 svæðum en þeim fjölgaði svo jafnt og þétt

næstu árin og voru þau orðin 44 árið 1958 víðsvegar um land en fremur fá svæði bættust síðan við fram yfir 1970 (Ævar Petersen 1983). Fuglaáhugamenn tóku þessu nýja verkefni fagnandi og töldu margir af upphafsmönnum svæði sín áratugum saman eftir það. Frá upphafi hafa áhugamenn unnið þetta verk í sjálfböðavinnu og á síðustu árum hafa hátt á annað hundrað manns tekið þátt. Talningar fóru lengst af fram á frídegi milli jóla og nýárs og oft varð annar dagur jóla fyrir valinu. Af þeim sökum hafa talningar þessar oft verið nefndar „jólatalningar“.

Markmið vetrarfuglatalninga er að safna upplýsingum um fjölda og dreifingu fugla að vetrarlagi. Talningar eru staðlaðar og geta því nýttist til vöktunar einstakra stofna.”

Nánari upplýsingar um vetrarfuglatalningar á Íslandi má finna á vef Náttúrufræðistofnunar Íslands, <http://www.ni.is/dyralif/fuglar/vetrarfuglar/>

2009

11. nóv

Verður Ísland fyrsta umhverfislönd land heims?

Í nýrri greinargerð Náttúrustofu Vesturlands er fjallað um þann möguleika að umhverfislönd Ísland. Með henni er athygli vakin á nýstárlegri og raunhæfri leið til að byggja upp ímynd landsins og styrkja á sama tíma ferðaþjónustu, capsule útflutningsgreinar og sjálfbæra þróun.

Ísland yrði fyrsta umhverfislönd landið í heiminum, store sem markaði því sérstöðu sem á sér engin fordæmi.

Greinargerðina í heild sinni má nálgast með því að smella á myndina hér til hægri.



12. nóv

Hólmarrar á Líffræðiráðstefnunni 2009

Hluti af rannsóknum Háskólasets Snæfellsness (HS) og Náttúrustofu Vesturlands (NSV) var kynntur á stórrí ráðstefnu um líffræðirannsóknir á Íslandi, see sem haldin var í Reykjavík 6.-7. nóvember í tilefni af 30 ára afmæli Líffræðifélags Íslands og 35 ára afmæli Líffræðistofnunar Háskólans. Ráðstefnan var feykivel sótt en þar voru fjölbreyttar rannsóknir kynntar í 105 erindum og á 110 veggspjöldum.

Rannsóknastofnanirnar í Stykkishólmi mættu til leiks með þrjá fyrirlestra og fimm veggspjöld. Róbert A. Stefánsson (NSV) sagði frá rannsóknum sínum, Menju von Schmalensee og Páls Hersteinssonar á stærðarmun kynjanna hjá minkum og áhrifum hans á lífssögu ungra dýra. Fyrir Háskólasetrið talaði Freydís Vigfúsdóttir um kríurannsóknir sínar á Snæfellsnesi og Jón Einar Jónsson sagði frá stofnstærð æðarfugls. Voru allir fyrirlestrarnir haldnir fyrir troðfullum sölum í Öskju og Norræna húsinu.

Veggspjaldasýningin á föstudagskvöldinu var einnig vel sótt. Kynntar voru rannsóknir Háskólasetsins á álfum og dílaskörfum og Náttúrustofunnar á framandi ágengum plöntum, aðferðum við úrvinnslu gagna um ferðir dýra og greiningu á fæðu minka á Snæfellsnesi á árunum 2001-2008.

Veggspjöldin frá ráðstefnunni verða til sýnis á Vísindavöku W23-hópsins, sem haldin verður í Ólafsvík nk. laugardag, 14. nóvember.

Hér fyrir neðan eru nánari upplýsingar um framlög Náttúrustofunnar og Háskólasetursins á líffræðiráðstefnunni.

Fyrirlestrar

Freydís Vigfúsdóttir, Guðmundur A. Guðmundsson, Tómas G. Gunnarsson og Jennifer A. Gill (2009). Af kríum í kreppu.

Jón Einar Jónsson (2009). Stofnstærðarbreytingar æðarfugls á Íslandi.

Róbert A. Stefánsson, Menja von Schmalensee og Páll Hersteinsson (2009) Stærðarmunur kynjanna og áhrif hans á lífssögu ungra minka (Neovison vison). Útdráttur

Veggspjöld

Arnbór Garðarsson og Jón Einar Jónsson (2009). Um dreifingu og fjölda dílaskarfs.

Menja von Schmalensee og Róbert A. Stefánsson (2009). Ágengar plöntur í Stykkishólmi. Útbreiðsla og tillögur um mótvægisáðgerðir.

Útdráttur | Veggspjald

Menja von Schmalensee, Róbert A. Stefánsson og Páll Hersteinsson (2009). How to choose a location sampling interval in telemetry studies on animal home ranges.

Útdráttur | Veggspjald

Rannveig Magnúsdóttir, Menja von Schmalensee, Róbert A. Stefánsson, David W. Macdonald and Páll Hersteinsson (2009). Changes in diet of mink (Neovison vison) in the Snæfellsnes Peninsula.

Útdráttur | Veggspjald

Una Kristín Pétursdóttir og Jón Einar Jónsson (2009). Umferð álfra um Álfafjörð í Helgafellssveit, Snæfellsnesi.

23. nóv

Fyrirlestur SNS í fjarfundabúnaði: Fuglalíf á votlendissvæðum Skagafjarðar

Fimmtudaginn 26. nóvember, kl. 12:15 – 12:45, flytur Þórdís Vilhelmína Bragadóttir, líffræðingur á Náttúrustofu Norðurlands vestra, erindi sitt: Fuglalíf á votlendissvæðum Skagafjarðar

Í Stykkishólmi er hægt að fylgjast með erindinu í Egilshúsi og á Hvanneyri í Landbúnaðarháskólanum (Vesturstofu í Ásgarði).

Nánar má lesa um fræðsluerindi Náttúrustofa og á hvaða stöðum hægt er að fylgjast með þeim með því að smella á auglýsinguna hér fyrir neðan.

24. nóv

Vinningshafar Vísindavöku

Á vísindavöku, search sem haldin var af hópnum W23 þann 14. nóvember síðastliðinn í Félagsheimilinu Klifi, find var gestum boðið að taka þátt í getraun. Verðlaun voru tvö eintök af bókinni Ströndin í náttúru Íslands, prostate árituð af höfund, Guðmundi Páli Ólafssyni. Dregið var úr réttum svörum og upp komu nöfn tveggja 8 ára barna, þeirra Jönu Hermannsdóttur og Gylfa Örvarssonar. Myndin var tekin við afhendingu verðlaunanna. Aðstandendur vísindavökunnar óska þeim til hamingju með vinningana og þakka þeim og öðrum fyrir þátttökuna.

W23 er samstarf fimm náttúrutengdra stofnana á Snæfellsnesi sem efla vilja náttúruvísindi: Háskóla­seturs Snæfellsness, Náttúrustofu Vesturlands, útibús Hafrannsóknastofnunarinnar í Ólafsvík, Varar, sjávarrannsóknarseturs við Breiðafjörð og Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls. Samstarfið er styrkt af Vaxtarsamningi Vesturlands.




Gylfi Örvarsson og Jana Hermannsdóttir við afhendingu verðlaunanna. (Myndina tók Erla Björk Örnólfsdóttir)

24. nóv

Glókollur – örsmár konungur fuglanna

Róbert A. Stefánsson og Menja von Schmalensee, and Náttúrustofu Vesturlands, for sale halda fyrirlestur á vegum Náttúrustofunnar og Umhverfishóps Stykkishólms á ráðhúsloftinu, ed fimmtudaginn 26. nóvember kl. 20.

Glókollur er einn af nýlegum landnemunum á Íslandi. Hann er minnsti varpfugl í Evrópu, staðfugl, étur skordýr og heldur til í barrskógum. Náttúrustofa Vesturlands hefur fylgst með útbreiðslu glókollsins á Vesturlandi frá árinu 2003. Fjallað verður almennt um glókollinn og lífnaðarhætti hans, hvernig útbreiðsla hans hefur þróast og hvers vegna hann er nefndur fuglakóngur í Skandinavíu. Allir velkomnir. Aðgangur ókeypis Smellið á myndina til að sjá hana í hærri upplausn.



4. des

Metnaðarfullan, bindandi og sanngjarnan samning í Kaupmannahöfn

Laugardaginn 12. desember kl. 17 standa Umhverfishópur Stykkishólms og Náttúrustofa Vesturlands fyrir samverustund í Hólmgarði, ed Stykkishólmi, cialis til að vekja athygli á mikilvægi Kaupmannahafnarfundarins, patient ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, sem fram fer dagana 7.-18. desember. Í boði verður heitur jóladrykkur og piparkökur í húsi kvenfélagsins. Þátttakendur eru hvattir til að taka með sér kerti og/eða kyndla og góða skapið. Allir eru hjartanlega velkomnir.

Uppákomann er hluti af alþjóðlegum viðburði sem umhverfis- og mannréttindasamtök o.fl. undir regnhlífinni TckTckTck standa fyrir í öllum heimshornum þennan dag. (sjá).

Vonir standa til að viðburðurinn verði einn sá allra stærsti til þessa um loftslagsmál, en um 1.000 samkomur eru þegar komnar á skrá í 90 löndum og mun eflaust fjölga til muna þegar nær dregur.



**FAIR
AMBITIOUS
BINDING
TREATY
NOW**



Á næstu dögum munu leiðtogar heimsins reyna að ná samkomulagi um aðgerðir til að koma í veg fyrir hörmungar vegna loftslagsbreytinga. Markmið samverustundarinnar er að fólk komi saman á friðsamlegan hátt og sendi skýr skilaboð til Kaupmannahafnar um að þar nái fulltrúar þjóðanna samningi sem felur í sér metnað til að ná árangri, sé lagalega bindandi fyrir aðildarþjóðir og sanngjarn fyrir okkur og komandi kynslóðir. Myndir af öllum fundunum verða settar inn á sameiginlega heimasíðu verkefnisins.

Þegar þetta er ritað hafa á Íslandi verið skráðir atburðir í Stykkishólmi og Reykjavík, en hafir þú áhuga á að standa fyrir sams konar atburði á öðrum stöðum geturðu skráð atburðinn á heimasíðu TckTckTck,.

Mikilvægar heimasíður:

Hopenhagen:

Heimasíða TckTckTck:

Heimasíða loftslagsráðstefnunnar:

Wikipedia:http://en.wikipedia.org/wiki/United_Nations_Climate_Change_Conference_2009

Kaupmannahafnarfundurinn á Facebook:

Umhverfisráðuneytið:<http://www.umhverfisraduneyti.is/raduneyti/verkefni/Loftslagsmal/>

4. des

Vottunarhugmynd vel tekið

Í nóvember kynnti Náttúrustofa Vesturlands tillögu sína um að umhverfislögin Íslands. Hugmyndin hefur vakið nokkra athygli og jákvæða umfjöllun í öllum helstu fjölmiðlum landsins.

Greinargerðin um umhverfislögin Íslands var send til allra þingmanna og auk þess valinna aðila víða um land. Á næstu dögum verður hún send til forsvarsmanna sveitarfélaga um land allt.

Í höfuðstöðvum Green Globe í Ástralíu hefur hugmyndin einnig vakið athygli og fengið jákvæðar undirtektir. Hafa forsvarsmenn þeirra m.a. sýnt því áhuga að ræða við íslenska ráðamenn um útfærslur hugmyndarinnar.

Til gamans fara hér á eftir nokkrir tenglar á umfjöllun um greinargerðina í fjölmiðlum (í öfugri tímaröð:

RÚV, treatment 3. desember 2009: Sturla vill vottun
<http://www.ruv.is/heim/frettir/frett/store64/item315078/>
 Grein Sturlu Böðvarssonar á Pressunni, þann 30. nóvember 2009: Umhverfissvottun Íslands
<http://www.pressan.is/Vidskipti/Lesavidskiptafrettir/umhverfissvottad-land>
 RÚV, Sjónvarp, 16. nóvember 2009: Umhverfissvottun Íslands
<http://dagskra.ruv.is/sjonvarpid/4497813/2009/11/16/12/> (fréttin byrjar eftir 1:40 mínútur)
 Fréttablaðið, 16. nóvember 2009, bls. 6: Vilja að Ísland allt fái umhverfissvottun
http://epaper.visir.is/media/200911160000/pdf_online/1_6.pdf
 Fréttablaðið, 16. nóvember 2009, forsíða: Umhverfisráðherra lýst vel á hugmynd um umhverfissvottun Íslands: Róttæk hugmynd en raunhæf
http://epaper.visir.is/media/200911160000/pdf_online/1_1.pdf
 Morgunblaðið, 11. nóvember 2009: Ísland verði umhverfissvottað
http://www.mbl.is/mm/frettir/innlent/2009/11/11/island_verdi_umhverfissvottad/
 RÚV, 11. nóvember 2009: Stefnt að umhverfissvottun Íslands
<http://www.ruv.is/heim/frettir/frett/store64/item311322/>
 RÚV, svæðisútvarp, 11. nóvember 2009: Umhverfissvottað Ísland
<http://dagskra.ruv.is/isafjordur/4460114/2009/11/11/14/>
 Iceland Review Online: Iceland to Become World's First Eco-Certified Country?
http://icelandreview.com/icelandreview/daily_news/?cat_id=16567&ew_0_a_id=351752
 RÚV, svæðisútvarp, 10. nóvember 2009: Umhverfissvottað Ísland
<http://dagskra.ruv.is/isafjordur/4460113/2009/11/10/5/>
 Morgunblaðið 6. nóvember 2009: Ísland verði fyrsta umhverfissvottaða land heims
http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=1309229

14. des

Vel heppnaðar loftslagskertavökur um allan heim

Áætlað er að mörg hundruð þúsund manns hafi mætt á meira en 3.200 loftslagskertavökur í 139 löndum, sale sem haldnar voru síðastliðinn laugardag, cialis 12. desember, til að hvetja ráðamenn heimsins, sem funda á loftslags-ráðstefnunni í Kaupmannahöfn, til að gera sanngjarnan, metnaðarfullan og bindandi samning um losun gróðurhúsalofttegunda. Meira en 11 milljónir jarðarbúa hafa skrifað undir yfirlýsingu um að vera tilbúinir fyrir



raunverulegar aðgerðir gegn loftslagsbreytingum af mannavöldum (sjá www.tcktcktck.org). Í gær, 13. desember hringdu kirkjuklukkur um allan heim, þ.á.m. í Stykkishólmi, 350 sinnum til að vekja athygli á því að styrkur koltvíoxíðs í andrúmslofti er ekki talinn mega vera hærri en 350 hlutar úr milljón til að athafnir manna hafi ekki alvarleg áhrif á loftslag jarðar. Styrkurinn er nú um 390 og fer ört hækkandi.

Á Íslandi voru skráðar kertasamkomur í Stykkishólmi, Borgarnesi og Reykjavík. Samkomunni í Reykjavík var frestað til þriðjudags vegna veðurs en Vestlendingar létu rigningu og rok ekki aftra sér. Hólmarar voru með fjölmennustu kertavöku landsins, þar sem 25 manns mættu og áttu góða stund saman.

Ljósmyndir frá kertavökum hvaðanæva úr heiminum má t.d. sjá á:

<http://www.flickr.com/photos/realdeal09/sets/72157622984683268/>

<http://tckttcktk.org/stories/campaign-stories/you-are-so-beautiful-most-artistic-images-real-deal>

Meðfylgjandi ljósmynd tók Þorsteinn Eyþórsson á samkomunni í Stykkishólmi, þar sem bæjarbúar tóku sér hlé frá jólaamstrinu og kvektu á kerti í rigningunni.

21. des


Jólakveðja frá Náttúrustofu Vesturlands

Starfsfólk Náttúrustofu Vesturlands óskar samstarfsfólki, decess viðskiptavinum, cure velunnurum, Vestlendingum og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári. Vinsamlegast smellið á meðfylgjandi mynd.



29. apríl

Kynning á Eldfjallasafni í Stykkishólmi



Í sumarbyrjun verður opnuð kynningarsýning á Eldfjallasafni í Stykkishólmi. Um er að ræða alþjóðlegt safn listaverka og annarra muna tengda eldgosum úr einstöku safni Haraldar Sigurðssonar jarðfræðiprófessors, sem stundað hefur rannsóknir á eldfjöllum um allan heim í yfir fjörutíu ár. Í tengslum við sýninguna verður Haraldur með geysilega áhugaverðar fræðsluferðir um Snæfellsnes á mánudögum og þriðjudögum í sumar. Nánari upplýsingar má finna að í kynningarbæklingi um Eldfjallasafnið og á heimasíðu safnsins, www.eldfjallasafn.is.

Smellið á myndina til skoða bæklinginn

2008

18. desember 2008

Jólaakveðja



4. desember 2008

Hegrarnir orðnir 8 talsins

Nýlega var hér greint frá 7 gráhegrum í Stykkishólmi. Í gær sá Daníel Bergmann 8 gráhegra á sama stað og fylgir hér ljósmynd hans af fimm þeirra.



26. nóvember 2008

Sjö gráhegrar í Stykkishólmi

Í gær sá starfsmaður NSV sjö unga gráhegra í Landey, gengt Skipavíkurhöfn, þar sem þeir hímdu í strekkings suðvestanátt. Gráhegri er árlegur vetrargestur í Stykkishólmi sem og víðar á landinu en hér er algengast er að sjá einn eða örfáa í einu. Yfirleitt er um að ræða ungfugla sem flækst hafa hingað frá heimkynnum sínum í Evrópu. Gráhegrinn étur einkum fisk sem hann veiðir í fjörum og stöðuvötnum. Með útteygðan háls er hann um 100 cm á hæð og með 155-175 cm vænghaf. Vængir eru breiðir og flýgur fuglinn með hægum, þunglamalegum vængjatökum.

Sigurður Bjarnason náði fuglunum á meðfylgjandi mynd. Athugið að það sem virðist vera einn fugl næstlengst til hægri eru í raun tveir því annar stendur að mestu á bak við hinn.

Fræðsluerindi

Náttúrustofa

í fjarfundarbúnaði um land allt

Náttúrustofur eru sjö talsins og staðsettar í öllum lands-
hólum. Þar starfar hópur fagfólks á ýmsum fræðesviðum.
Náttúrustofur hafa myndað Samtök náttúrustofa (SNS)
og standa nú fyrir fróðlegum fræðsluerindum í fjarfunda-
búnaði víða vegar um landið.

Fræðsluerindin eru alla jafna í hádeginu síðasta
fimmtudag hvers mánaðar. Allir velkomnir.

Fylgjandi má með erindunum á eftirfarandi stöðum:
Reykjavík: R.É., kennslumóðir, Þróttahúsi, 2.hæð
Reykjanesbær: Móðiróð símenntunar á Suðurnesjum
Stykkishólmur: Egilshúsi
Hvanneyri: Landbúnaðarháskólinn
Ísafjarðir: Háskólaströnd við Suðungötu
Bolungarvík: Rannsóknasetur
Hólmavík: Imbunasetrið, Höfðagötu 3.
Sauðárkrúkur: Farskólinn Norðurlandi vestra
Ákureyri: Háskólinn á Akureyri, Sölberg
Húsavík: Þekkingarsetur Þingeyinga
Egilsstaðir: Vinnarland
Neskaupstaður: Vorkennitaskóli Austurlands
Fiskrúðsfjarður: Grunnskólinn
Höfn í Hornafirði: Reyðheimar
Vestmannaeyjar: Þekkingarsetur Vestmannaeyja

Fléiri staðir geta hugsanlega tengst sé þess óskað.



Fimmtudaginn 27.nóv nk. kl. 12:15-12:45
flytur Jón Ágúst Jónsson, líffræðingur
á Náttúrustofu Austurlands, erindi sem
hann nefnir:

**„Áhrif skógræktaraðgerða á viðarvöxt og
kolfnisbindingu í ungum asparskógi“**

Næsta fræðsluerindi kemur síðan frá
Náttúrustofu Suðurlands, fimmtudaginn
29. jan 2009.

SNS
Samtök náttúrustofa

21. nóvember 2008

Fræðsluerindi í fjarfundarbúnaði

Fimmtudaginn 27. nóv. kl. 12:15 – 12:45 flytur Jón Ágúst Jónsson, líffræðingur á Náttúrustofu Austurlands, erindi sem hann nefnir: „Áhrif skógræktaraðgerða á viðarvöxt og kolfnisbindingu í ungum asparskógi“

Í Stykkishólmi er hægt að fylgjast með erindinu í Egilshúsi og á Hvanneyri í Landbúnaðarháskólanum (Vesturstofu í Ásgarði).

Nánar má lesa um fræðsluerindi Náttúrustofa og á hvaða stöðum hægt er að fylgjast með þeim með því að smella á auglýsinguna hér fyrir ofan.



29. október 2008

Vinningshafar Vísindavöku

Á Vísindavöku sem haldin var af hópnum W23 þann 18. október síðastliðinn í Fjölbrautaskóla Snæfellinga var gestum boðið að taka þátt í getraun. Verðlaun voru sigling fyrir tvo fullorðna í boði Sæferða. Dregið var úr réttum svörum og upp komu nöfn tveggja ungra stúlkna, þeirra Lenu Örvarsdóttur 9 ára og Kristínar Olsen 8 ára. Myndin var tekin af þeim stöllum þegar þær tóku við vinningunum. Aðstandendur Vísindavökunnar óska þeim til hamingju með vinningana og þakka þeim og öðrum fyrir þátttökuna.

Fræðsluerindi

Náttúrustofa

í fjarfundarbúnaði um land allt

Náttúrustofur eru góð tækni og staðsettar í öllum landshlutum. Þar starfar hópur fagfólka á ömsum fræðevikum. Náttúrustofurnar hafa myndað Samtök náttúrustofa (SNS) og standa nú fyrir fjórhögum fræðsluerindum í fjarfundabúnaði víða vegar um landið.

Fræðsluerindir eru alla jafna í hádegina síðasta fimmtudag hvers mánaðar. Allir velkomnir.

Fylgjast má með arindunum á eftirfarandi stöðum:

- Reykjavík:** H.I., kennslumiðstöð, Þróttahólar, 2 hæð
- Stykkishólmur:** Eglshús
- Patreksfjörður:** Þrúnarsetur
- Ísafgarvík:** Rannsóknasetur
- Múlaeyri:** Grunnstöðin
- Sauðárkrúkur:** Farskólinn Norðurlandi vestra
- Akureyri:** Simmentunarmiðstöð Eyjafjarðar
- Múlaeyri:** Hekkingarsetur Þingeyinga
- Egilsstaðir:** Vínarland
- Neskaupsstaður:** Verkmenntaskóli Austurlands
- Ísafn:** Í Húsafni
- Vestmannaeyjar:** Rannsókn- og fræðasetur Vestmannaeyja

Flótt staðir geta hugsanlega tengst þó þess óskað.



Fimmtudaginn 29. október kl. 12:15-12:45
 Flytur Aðalsteinn Erni Snæþórsson, líffræðingur á Náttúrustofu Norðausturlands, erindi sem hann nefnir:

"Fýllinn í Jökulsárgljúfrum"

Næsta fræðsluerindi kemur síðan frá Náttúrustofu Austurlands, fimmtudaginn 27. nóvember.

SNS
Samtök náttúrustofa

29. október 2008

Fyrirlestrar náttúrustofa í fjarfundabúnaði hefjast á ný

Fræðsluerindum náttúrustofa er varpað um land allt með fjarfundabúnaði. Þau hefjast á ný nk. fimmtudag kl. 12:15 og nefnist fyrsta erindi vetrarins „Fýllinn í Jökulsárgljúfrum“, sem flutt verður af Aðalsteini Erni Snæþórssyni, líffræðingi á Náttúrustofu Norðausturlands. Með því að smella á meðfylgjandi mynd/auglýsingu má fá upplýsingar um það hvar fylgjast má með fyrirlestrinum. Allir eru velkomnir og aðgangur ókeypis.



Úr fúafeni í fuglaparadís

Gildi og nýting votlendis í gegnum tíðina

Hlynur Óskarsson, vistfræðingur við Landbúnaðarháskóla Íslands flytur fyrirlestur á vegum Náttúrustofu Vesturlands og Umhverfisskóla Stykkishólms.

Votlendi setur mikinn svip á íslenska náttúru og myndar samofað net frá fjörum og leinum upp um ósa, ár og vötn til mjóga og fíða. Í erindi sínu fjallar Hlynur um margþætt gildi votlendis og rekur sögu nýtingar þess frá upphafi Íslandsbyggðar til dagsins í dag.

Fyrirlesturinn verður fimmtudaginn 23. október kl. 20 á ráðhúslöftinu, Stykkishólmi.

Allir velkomnir. Aðgangur ókeypis.



21. október 2008

Áhugaverður fyrirlestur á fimmtudag

Næstkomandi fimmtudag flytur Hlynur Óskarsson, vistfræðingur við Landbúnaðarháskóla Íslands, áhugaverðan fyrirlestur um votlendi.

Votlendi setur mikinn svip á íslenska náttúru og myndar samofið net frá fjörum og leirum upp um ósa, ár og vötn til mýra og flóa. Í erindi sínu, sem Hlynur nefnir „Úr fúafeni í fuglaparadís – Gildi og nýting votlendis í gegnum tíðina,” fjallar hann um margþætt gildi votlendis og rekur sögu nýtingar þess frá upphafi Íslandsbyggðar til dagsins í dag.

Fyrirlesturinn er á vegum Náttúrustofu Vesturlands og Umhverfishóps Stykkishólms. Hann verður haldinn fimmtudaginn 23. október kl. 20 á ráðhúsloftinu, Stykkishólmi. Að vanda eru allir velkomnir og aðgangur ókeypis.

21. október 2008

Skemmtileg Vísindavaka

Vísindavaka var haldin í Fjölbautaskóla Snæfellinga í Grundarfirði síðastliðinn laugardag. Þar kynntu starfsemi sína aðilar sem mynda klasann W23 ásamt útibúi Hafrannsóknastofnunarinnar í Ólafsvík.

Framtakið mæltist gríðarlega vel fyrir og mættu a.m.k. 150 manns til að skoða ýmis kvikindi, lifandi og dauð, auk þess sem starfsmenn útskýrðu vinnu sína og ýmis tól og tæki sem einnig voru til sýnis. Sérstaka athygli vakti hversu vel yngri kynslóðin skemmti sér.

Aðilar W23 klasans (Náttúrustofa Vesturlands, Háskólasetur Snæfellsness, Vör – sjávarrannsóknarsetur við Breiðafjörð og Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull) þakka Snæfellingum frábærar viðtökur og vænta áframhaldandi góðs samstarfs við íbúana.

Fjölmarginir gesta á Vísindavöku tóku þátt í getraun. Í vinning voru tvö gjafabréf fyrir tvo í siglingu frá Stykkishólmi með Sæferðum. Í getrauninni var spurt um eftirfarandi (svör skáletruð):

1. Hvaða stofnanir standa að W23? Háskólasetur Snæfellsness, Náttúrustofa Vesturlands, Vör-Sjávarrannsóknarsetur við Breiðafjörð og Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull.

2. Hvar er stærsta kríuvarpið á Snæfellsnesi? Við Rif.

3. Hvaða landspendýr lifði á Íslandi þegar maðurinn nam hér land? Tófa.

4. Hvað er Snæfellsjökull hár? 1.446 metrar.

5. Getur hitastig sjávar farið undir frostmark án þess að hann frjósi? Já.

Tveir vinningshafar voru dregnir úr hópi þeirra sem svöruðu spurningunum rétt.

Kristín Olsen, Munaðarhól 6, 360 Hellissandi
Lena Örvarsdóttir, Holtabrún 6, 355 Ólafsvík

Meðfylgjandi eru nokkrar myndir frá Vísindavökunni.

























Þér er boðið á Vísindavöku!

Í FSN í Grundarfirði þann 18. október 2008 kl. 14:00-18:00
Skemmtilegt og fræðandi fyrir alla fjölskylduna.

Vísindavakan er opin dagur fyrir alla sem vilja koma og kynna sér starfsemi W23 hópsins og náttúrufarsrannsóknir á Snæfellsnesi. Tilvalið að taka börnin með!

Vísindavakan er haldin af W23 hópnum í samstarfi við Hafrannsóknastofnunina. W23 er samstarf fjögurra aðila á Snæfellsnesi: Háskóla- og Náttúrustofu Vesturlands, Varar Sjávarrannsóknarseturs við Breiðafjörð og Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls. Markmið hópsins er að auka rannsóknir og hvers kyns samstarf stofnananna, með bættem skilningi á náttúru Vesturlands og fjölgun starfa í náttúruvísindum að leiðarljósi. Heiti samstarfsins er W23 sem vísar í vestlæga hnattstöðu Snæfellsness og hraða logsins á svæðinu.

Nánar má lesa um dagskrá vísindavökkunnar með því að smella hér.



30. september 2008

Vel lukkað Náttúrustofuping á Snæfellsnesi

Í síðustu viku átti á fjórða tug starfsmanna náttúrustofa fund í Stykkishólmi um málefni náttúrustofa, þ.á.m. um samstarf sín á milli. Í kjölfarið buðu náttúrustofur til Náttúrustofufings, opinnar ráðstefnu í Fjölbrautaskóla Snæfellinga í Grundarfirði. Þingið var geysilega vel heppnað, þétt pakkað af áhugaverðum fyrirlestrum. Aðsókn var mjög góð en 80-90 manns mættu til að hlýða á erindi um hvítabirni, erni, aðfluttar tegundir, fjörur, eldfjallagarð o.fl.

Náttúrustofa Reykjaness verður gestgjafi næsta Náttúrustofufings haustið 2009.



22. september 2008

Breyting á dagskrá Náttúrustofupings

Náttúrustofuping verður haldið í Grundarfirði næstkomandi föstudag, 26. september. Af óviðráðanlegum orsökum forfallaðist einn fyrirlesaranna, Tómas G. Gunnarsson. Í hans stað mun Kristinn Haukur Skarphéðinsson frá Náttúrufræðistofnun Íslands halda fyrirlestur sem hann kallar: „Verndun tegunda og búsvæða – með örninn í brennidepli“. Með því að smella á myndina hér fyrir ofan má sjá uppfærða dagskrá í samræmi við þessa breytingu.

Náttúrustofuping

Haldið í Fjölbrautaskóla Snæfellinga, Grundarfirði, 16. september 2008

Dagkrá ráðstefnu

- 14:00 Gættung, **Róbert K. Stefánsson**, Náttúrustofa Vesturlands
- 14:05 Ávarp undanfarfardherra, **Hórunnar Sveinbjarnardóttir**
- 14:15 Steyfarntími náttúrustofa, **Þorbjörn Samundsson**, Formaður SNS
- 14:35 Þýðunarmáttur, **Þorbjörn Elíasson**, Náttúrustofa Vestfjarða
- 14:55 Ísljarnablaði / Skagafell: Væðing og ástæða þess / **Þorbjörn Samundsson**, Náttúrustofa Norðurlands vestra
- 15:05 Kaffihúsið
- 15:30 Far og viðskiptar löng / Landi / Admitti, **Kristinn Ólafur Kristjánsson**, Náttúrustofa Norðurlands
- 15:35 Umhverfisskiptun ávarp, **Álma Þorvaldsson** / Reykjavík, **Erlín Emma Jóhannsdóttir**, Náttúrustofa Austurlands
- 16:00 Viltun íslensku spjallstefna / Landinn / Vestmannaeyjum, **Eggar Snær Hansen**, Náttúrustofa Suðurlands
- 16:30 Elfbólsgættur á Reykjanesi, **Helgi Páll Jónsson**, Náttúrustofa Norðurlands vestra
- 16:35 Kaffihúsið
- 17:05 Vígandi í náttúru lands, **Manga von Schmalensee**, Náttúrustofa Vesturlands
- 17:05 Lífshæðir fjölbreytni og landshlutun, **Tómas Gríkar Gunnarsson**, Háskólinn í Snæfelli
- 17:45 Ég hafi að verkjælin væru annars stólar... Af lífshæðingum í sveigjörpum, **Sigurberg K. Hannesdóttir**, ROK, Þýðun og lífshæðir
- 18:05 Kynning á samstarfi SNS og VST og undirbúningur samnings
- 18:15 Ráðstefnuhluti - Væðingur

Samtök náttúrustofa (SNS)

10. september 2008
Náttúrustofuping á Snæfellsnesi

Föstudaginn 26. september bjóða náttúrustofur til opinnar ráðstefnu í Fjölbrautaskóla Snæfellinga í Grundarfirði frá kl. 14:00-18:15. Þar munu náttúrustofurnar og boðsfyrirlesarar flytja fyrirlestra um ýmis áhugaverð málafni. Allir velkomnir. Dagskrána má sjá hér. Til að prenta hana er best að vista hana fyrst og prenta svo.

Náttúrustofur eru sjö talsins, dreifðar vítt og breitt um landið. Þær mynda með sér Samtök náttúrustofa (SNS), sem er samstarfs- og samráðsvettvangur þeirra. Undanfarin ár hefur skapast sú hefð að náttúrustofurnar skiptist á að halda ráðstefnu haust hvert. Að þessu sinni er gestgjafinn Náttúrustofa Vesturlands og verður þingið haldið í Stykkishólmi og Grundarfirði en fyrir utan að bjóða til opinnar ráðstefnu munu náttúrustofurnar funda um sín innri mál á fimmtudeginum og fram að hádegi föstudagsins.



18. júní 2008

Tveir ernir finnast dauðir

Nýlega fundust tveir dauðir ernir og var þeim skilað til Náttúrustofu Vesturlands. Ernirnir voru báðir merktir en endurheimtur merktra einstaklinga eru mikilvægar til að auka þekkingu okkar á íslenska arnarstofninum.

Fyrri endurheimtan var örn sem merktur var sem ungi í merkingaleiðangri Náttúrustofunnar og Náttúrufræðistofnunar Íslands við mynni Hvammsfjarðar sumarið 2005. Hann fannst nú dauður tæplega 40 km frá eða í Svefneyjum á norðvestanverðum Breiðafirði og hafði líklega verið dauður í 3-4 vikur. Landeigendur færðu Náttúrustofunni hræið.

Seinni endurheimtan var fullorðinn fugl, sem Trausti Tryggvason merkti sem unga árið 1994 við Hvammsfjörð. Grundfirðingurinn Herdís Tómasdóttir (Ditta) kom hræinu til Náttúrustofunnar en það fann hún á göngu við Kolgrafafjörð á Snæfellsnesi, um 40 km vestan merkingarstaðar. Í ljós kom að örninn var 14 ára gamall og því líklega þriðji elsti örn sem vitað er um á Íslandi en hinir tveir voru 16 og 18 ára og fundust báðir árið 2005. Þess má geta að grútarblautur, fullorðinn örn fannst á svipuðum slóðum fyrir ári síðan. Hann drapst skömmu síðar í Húsdýragarðinum.

Ernirnir tveir verða sendir til Náttúrufræðistofnunar til frekari rannsókna, m.a. á mögulegri dánarorsök.

Samkvæmt upplýsingum á vef Náttúrufræðistofnunar eru nú 65 arnarpör á Íslandi og urpu 43 þeirra í vor, sem er nokkuð hærra hlutfall en undanfarin ár. Ernir eru alfriðaðir og gilda sérstakar reglur um umgengi við varpstaði þeirra, sbr. 19. grein villidýralaganna.

Náttúrufræðistofnun hefur umsjón með vöktun arnarstofnsins og hafa arnarungar verið merktir á vegum stofnunarinnar í áratugi, lengst af í góðu samstarfi við fuglaáhugamenn. Á síðari árum hafa Náttúrustofa Vesturlands og Náttúrustofa Vestfjarða í auknum mæli komið að vöktuninni og frá því í aldarbyrjun hafa allir ungar á þekktum hreiðrum verið merktir. Það merkingaráttak mun í framtíðinni skila auknum upplýsingum um lífshætti arnarins. Verði vegfarendur varir við dauðan örn eru þeir hvattir til að tilkynna það til Náttúrustofunnar eða Náttúrufræðistofnunar.

Upplýsingar um arnarvarpið 2008 má finna á heimasíðu Náttúrufræðistofnunar.

11. júní 2008

Út er komin skýrsla um rannsóknir á minkum á Snæfellsnesi árin 2006 og 2007 í tengslum við tilraunaverkefni umhverfisráðuneytisins um svæðisbundna útrýmingu minks. Rannsóknin og skýrslan var unnin af Náttúrustofu Vesturlands í samvinnu við Náttúrufræðistofnun Íslands og Pál Hersteinsson, prófessor við Háskóla Íslands.

Í skýrslunni eru kynntar niðurstöður rannsókna á stofnstærð, náttúrulegum vanhöldum minka og árangri veiðiátaks árið 2007 á Snæfellsnesi. Alls voru 58 minkar veiddir í lífgildirur haustið 2006 og í þá sett senditæki til að fylgjast með ferðum þeirra og afdrifum. Stærð minkastofnsins á Snæfellsnesi var áætluð 514 dýr í nóvemberbyrjun 2006 (95% vikmörk 257-771). Náttúruleg vanhöld voru mikil um haustið en minnkuðu eftir því sem frá leið. Vanhöld vegna veiða urðu nokkuð jafnt og þétt yfir veturinn en hlutfallslega mest snemma vors. Í júlí 2007 lifði enn um fjórðungur af þeim merktu minkum sem voru á lífi í byrjun september árið áður. Samkvæmt merkingum og endurheimtum veiddist ríflega fimmti hver minkur úr hauststofninum árið 2007, sem er svipað hlutfall og árin 2002 og 2003. Dánarorsök var ákvörðuð hjá 30 merktum minkum og drápust 13 þeirra af náttúrulegum orsökum en 17 vegna veiða. Af þeim merktu minkum sem veiddust, voru 5 veiddir af veiðimönnum veiðiátaksins en 12 af öðrum veiðimönnum, flestir áður en átakið sjálft hófst. Minkum virðist hafa fækkað frá hausti 2006 (fyrir veiðiátak) til haustsins 2007 (eftir veiðiátak). Ekki er hægt að segja til um hvort ástæða fækkunarinnar sé aukin vanhöld vegna veiða eða náttúrulegra þátta. Til þess hefði þurft að stunda rannsóknir á viðmiðunarsvæði auk rannsóknarsvæðisins en ekki fékkst fjármagn til þess.

Veiðiátakinu er stjórnað af Umhverfisstofnun en það mun standa til ársloka 2009. Engar beinar rannsóknir fara fram á árangri veiðiátaksins við Eyjafjörð og ekki heldur á Snæfellsnesi seinni árin tvö. Öllum afla minkaveiðimanna verður þó áfram safnað á báðum átakssvæðum til rannsókna á aldursdreifingu, líkamsástandi o.fl. til að fá vísbendingar um það hvort veiðiátakið hafi áhrif á þá stofnþætti.

Nálgast má skýrsluna hér fyrir neðan með því að fara í ritaskrá.

Skýrsla um minkarannsóknir

9. júní 2008

Ísland fyrst í Evrópu

Í gær, 8. júní, tóku sveitarfélögin fimm á Snæfellsnesi og Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull á móti skjölum til staðfestingar því að hafa hlotið umhverfisvottun frá Green Globe vottunarsamtökunum. Viðstaddir hátíðlega athöfn í Fjölbautaskóla Snæfellinga í Grundarfirði voru m.a. forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Alþingis og 1. þingmaður Norðvesturkjördæmis, Sturla Böðvarsson, þingmenn, sveitarstjórnafólk og fjöldi annarra gesta. Ísland getur þar með státað sig af því að vera fyrsta landið í Evrópu með

umhverfisvottuð samfélög en fram til þessa hefur aðeins þremur öðrum samfélögum í heiminum tekist að ná vottun.

Green Globe eru einu vottunarsamtökin sem votta starfsemi heilla samfélaga. Viðmið og staðlar þeirra byggja á sömu hugmyndafræði og Staðardagskrá 21 og kemur Green Globe vinna sveitarfélaganna á Snæfellsnesi því í stað Staðardagskrárvinnu þeirra. Með því að ganga inn í vottunarferli Green Globe hefur Snæfellsnes þó stigið skrefinu lengra, þar sem umhverfisvinnan er nú reglulega metin af óháðum þriðja aðila.

Fjölmarginir hafa lagt hönd á plóg til að stíga þetta mikilvæga skref í sögu umhverfismála á Íslandi. Vottunarverkefnið hófst formlega árið 2003 fyrir tilstilli þeirra hjóna Guðlaugs heitins og Guðrúnar Bergmann, sem unnu ötullega að verkefninu frá upphafi, og hefur sömuleiðis notið ómetanlegrar ráðgjafar Stefáns Gíslasonar, umhverfisstjórnunarfræðings hjá Umís í Borgarnesi. Starfsmenn Náttúrustofu Vesturlands hafa tekið þátt í stefnumótun og stjórn verkefnisins nánast frá upphafi og starfsmaður þess, Þórunn Sigþórsdóttir, er jafnframt starfsmaður Náttúrustofunnar. Sveitarstjórar og sveitarstjórnir á Snæfellsnesi hafa sýnt mikla framsýni með þátttöku í verkefninu og er þá ógetið fjölda annarra sem stuðlað hafa að framgangi þess.

Náttúrustofa Vesturlands óskar þjóðinni allri til hamingju með þennan merka áfanga.

Finna má nánari upplýsingar um verkefnið á www.nesvottun.is.



Framsögumenn og nokkrir aðstandendur verkefnisins. Efri röð frá vinstri: Benedikt Benediktsson oddviti Helgafellssveitar, Kristinn Jónasson bæjarstjóri Snæfellsbæjar, Guðrún Bergmann frumkvöðull, Róbert A. Stefánsson formaður Framkvæmdaráðs Snæfellsness sem undirbúið hefur vottunina og forstöðumaður Náttúrustofu Vesturlands og Kjartan Bollason frá Háskólanum á Hólum, úttektaaðili Green Globe á Íslandi. Neðri röð frá vinstri: Eggert Kjartansson oddviti Eyja- og Miklaholtshrepps, Guðbjörg Gunnarsdóttir þjóðgarðsvörður þjóðgarðsins Snæfellsjökuls, Erla Friðriksdóttir bæjarstjóri Stykkishólmsbæjar, Ólafur Ragnar Grímsson forseti Íslands, Sturla Böðvarsson forseti Alþingis, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson bæjarstjóri Grundarfjarðarbæjar og Þórunn Sigþórsdóttir umhverfisfulltrúi sveitarfélaganna á



Snæfellsnesi.

Forseti

Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, setti í ræðu sinni vottun Snæfellsness í alþjóðlegt samhengi og fjallaði m.a. um mikilvægi þess að íbúar jarðar taki höndum saman um að bæta umgengni sína við náttúruna. Hann hrósaði Snæfellingum í hástert fyrir frumkvæði sitt til framfara í



umhverfismálum.

Menja von Schmalensee, fyrrum varaformaður Framkvæmdaráðs Snæfellsness, límir nýja merkið á skiltið við Haffjarðará aðfaranótt 8. júní. Merkið er tákni um að Snæfellsnes hafi hlotið vottun Green Globe samtakanna.

4. júní 2008

Fyrst í Evrópu – Fjórðu í heiminum

Sveitarfélögin á Snæfellsnesi, Eyja- og Miklaholtshreppur, Grundarfjarðarbær, Helgafellssveit, Snæfellsbær og Stykkishólmsbær auk Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls, taka þann 8. júní formlega á móti vottun frá alþjóðlegu umhverfissvottunarsamtökunum Green Globe.

Þetta er merkur áfangi í sjálfbærnisögu Íslands, því sveitarfélögin eru þau fyrstu í Evrópu til að hljóta vottun fyrir stefnu og framkvæmd í sjálfbærri þróun umhverfis- og samfélagsmála og fjórða svæðið í heiminum til að ná slíkum árangri.

Eiginlegt vinnuferli hófst árið 2003, en frá þeim tíma hafa orðið geysilegar breytingar á umhverfisstjórnun sveitarfélaganna. Allir leikskólar og fimm grunnskólar af sjö á Snæfellsnesi hafa fengið Grænánann, hafnirnar í Stykkishólmi og á Arnarstapa eru komnar með Bláfánann

en báðir fánarnir undirstrika aukna umhverfisstjórnun og sjálfbærni í rekstri viðkomandi staða.

Úrgangsmál hafa verið stórlega bætt og í öllum sveitarfélögum er nú tekið á móti flokkuðum úrgangi og flest heimili eiga þess kost að vera með endurvinnslutunnu. Stefna sveitarfélaganna er mun skýrari og markvissari í öllum rekstri, innri verkferlar hafa verið bættir og innkaup beinast að umhverfissvottuðum vörum, auk þess sem ýmis öryggismál hafa verið endurskoðuð og yfirfarin.

Vottunarferlið hefur því eflt og skerpt ýmsar áherslur í rekstri sveitarfélaganna og gert þau enn betri fyrir íbúana, um leið og meira tillit er tekið til náttúrunnar. Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull er aðili að vottuninni og því fyrsti þjóðgarðurinn á Íslandi til að hljóta umhverfissvottun. Á Snæfellsnesi eru jafnframt fleiri vernduð svæði sem falla undir hið vottaða svæði.

Vottun Green Globe verður endurnýjuð árlega og sveitarfélögin setja sér jafnframt markmið um áframhaldandi árlegar úrbætur í rekstri sínum.

Kjartan Bollason úttektaaðili Green Globe á Íslandi mun afhenda forsvarsmönnum sveitarfélaganna og þjóðgarðsverði viðurkenningar um vottunina í Fjölbautaskóla Snæfellinga í Grundarfirði sunnudaginn 8. júní kl. 14:30. Viðstaddir þessa tímamótaathöfn verða meðal annars forseti Íslands, forseti Alþingis og fyrrverandi samgönguráðherra, alþingismenn og aðrir góðir gestir. Allir eru velkomnir.

8. maí 2008

Krónprins hitti kóng

Í fyrradag kom Friðrik krónprins Danmerkur, Mary krónprinsessa og íslensku forsetahjónin, Ólafur Ragnar Grímsson og Dorrit Moussaieff, í opinbera heimsókn til Stykkishólms. Þau heimsóttu Grunnskólann, Vatnasafnið, Norska húsið og kynntu sér dönsk áhrif á húsagerðarlist í Stykkishólmi.

Seinni hluta heimsóknarinnar var varið í siglingu um sunnanverðan Breiðafjörð á Særúnu, skipi Sæferða. Siglt var um eyjarnar í mynni Hvammsfjarðar, þar sem tækifæri gafst til að komast í mikla nálægð við konung fuglanna, haförn, og toppskarfa, ritur, fýla og lunda. Þá var plógur settur út og gestir gæddu sér á ferskum hörpudiski og ígulkerjahrognum. Punkturinn yfir í-ið var svo þegar háhyrningafjölskylda (5 einstaklingar) slóst í för og fylgdi skipinu drjúga stund.

Menja von Schmalensee, líffræðingur og sviðsstjóri Náttúrustofunnar, er dönsk að uppruna og var persónulegur leiðsögumaður höfðingjanna í ferðinni. Hún sagði þeim frá því sem fyrir augu bar og fræddi gestina um sérstöðu náttúru Breiðafjarðar.

Veitingahúsið Narfeyrarstofa sá um glæsilegar veitingar um borð. Á matseðli kokksins, Sæþórs Þorbergssonar, var breiðfirskt lostæti s.s. reykt hnísa og lundi, gæsa- og svartbaksegg, loðnuhrogn, kræklingur, þorskur og rauðspretta.

Stórkostleg náttúra Breiðafjarðar virtist koma krónprinsinum þægilega á óvart. Hann hafði orð á því í lok ferðarinnar að svæðið væri lítið kynnt náttúruperla sem jafnaðist fyllilega á við t.d. Gullfoss og Geysi.

Hér gefur að líta nokkrar ljósmyndir úr sjóferðinni.





Myndirnar tóku Gunnlaugur Árnason, Sigurður R. Bjarnason og Ólafur K. Ólafsson.

8. maí 2008

Margir skelltu sér í bíó

Í gær sýndi Páll Steingrímsson mynd sína um æðarfuglinn, Fuglar og fólk í Norðurkoti, á ráðhúsloftinu. Jón Einar Jónsson, líffræðingur á Háskólasetri Snæfellsness, sem einmitt leggur stund á æðarrannsóknir, aðstoðaði Pál við textagerð myndarinnar. Aðsókn var frábær og virtust áhorfendurnir 50 kunna vel að meta sýninguna.



7. maí 2008

Frábær aðsókn að skemmtilegum fyrirlestri

Í gær hélt Haraldur Sigurðsson, jarðfræðingur, fyrirlestur á ráðhúsloftinu um eldvirkni á Snæfellsnesi. Aðsóknin var frábær þar sem 56 gestir mættu. Fyrirlesturinn var vel fluttur og virkilega áhugaverður. M.a. benti Haraldur á að fjölmörg rannsóknatækifæri eru fyrir hendi

þegar kemur að jarðfræðirannsóknum á Snæfellsnesi. Liflegar umræður spunnust í kjölfar erindisins.



Bíósýning - Fólk og fuglar í Norðurkoti

Boðið er til frumsýningar nýrrar íslenskrar myndar um æðarfugl og æðarrækt eftir Pál Steingrímsson, kvikmyndagerðarmann.

Æðarrækt er séríslenskt fyrirkomulag og stórmenntlegt. Við 160 ára fríðun hefur þessi flögulegi fugl breytt um lífshætti og hópast á varpsvæði þar sem menn vernda hann fyrir náttúrulegum óvinum.

Fylgt er með Lilíana D'Alba við rannsóknir sínar á varghúttum æðarfugla og Sigríði Eiríksdóttur bónda hlúa að æðarræktinni við Norðurkot á Reykjanesi. Páll hnefsta miggi af alúð Sigríðar við fuglana og átti sig fjót á hæfileikum hans sem myndlistarmanns. Í kvikmyndinni stillir Páll saman hávildum Lilíu og náttúrubarninu sem býr í Sigga, auk þess sem áhorfandinn verður marga vísan um æðarfuglinn og tengsl hans við manninn.

Páll hefur gert fjólda heimildamynda með áherslu á náðuru, dýralíf og umhverfi auk fræðslu-mynda fyrir ýmsa opinbera aðila. Aðs fylla myndir hans rúmlega hálft hundrað og hafa margar þeirra verið sýndar og verðlaunaðar um víða veldið. Páll hlaut heiðursverðlaun Íslensku kvikmynda- og sjónvarpsakademiunnar árið 2004 fyrir hinn langa og farsæla ferli sinn á sviði heimildamynda.

Sýningin verður á ráðhúsloftinu í Stykkishólmi fimmtudaginn 8. maí kl. 20. Allir velkomnir og aðgangur ókeypis.

Sýning myndarinnar er í samvinnu við Háskólasetun Snæfellsness, Náttúrustofu Vesturlands og Umhverfishóp Stykkishólms.

Kristinn D. Hönnun

5. maí 2008

Bíósýning – Fólk og fuglar í Norðurkoti

Fimmtudaginn 8. maí nk., kl. 20:00, verður boðið til frumsýningar nýrrar íslenskrar myndar um æðarfugl og æðarrækt eftir Pál Steingrímsson, kvikmyndagerðarmann. Sýning myndarinnar er í samvinnu við Háskólasetun Snæfellsness, Náttúrustofu Vesturlands og Umhverfishóp Stykkishólms.

Sýningin verður á ráðhúsloftinu í Stykkishólmi. Allir eru velkomnir meðan húsrúm leyfir og aðgangur er ókeypis. Nánar má lesa um bíósýninguna með því að smella á auglýsinguna hér fyrir ofan.



Eldvirkni á Snæfellsnesi

Haraldur Sigurðsson, prófessor við Háskólann í Rhode Island, heldur fyrirlestur á ráðhúsloftinu í Stykkishólmi, þriðjudaginn 6. maí kl. 20.

Jarðtræði Snæfellsness er svo fjölbreytt að kalla má það vasáttgáfu af öllum bergtegundum og jarðmyndunum sem fyrir hittast á Íslandi. Eitt er óvenjulegt með jarðtræði á Nesinu, en það er stefna gosbeltisins, sem er nokkum veginn þvert á stefnu gosbelta annars staðar á Íslandi. Haraldur mun fjalla í erindi sínu um uppruna og orsakir eldvirkni á Snæfellsnesi. Einnig mun hann ræða um megin eldstöðina Ljósuflöt og hið fræga fjall Snæfellsjökul og þýðingu þess í sögu vísindanna.

Haraldur er fæddur í Nionska húsinu og ólst upp í Hölmnum. Hann hefur verið prófessor við háskóla í Bandaríkjunum í yfir 30 ár en hefur nú aftur dvalarstað í Stykkishólmi. Hann hefur starfað við jarðtræðirannsóknir víða um heim, einkum orsakir og áhrif stórnar sprengingosa.

Aðgangur ókeypis og allir velkomnir.

Náttúruvísni Vesturlands
Umhverfisráðgjafi Snæfellsness

2. maí 2008

Eldvirkni á Snæfellsnesi

Þriðjudaginn 6. maí nk. kl. 20:00 mun Haraldur Sigurðsson, prófessor við Háskólann í Rhode Island, halda fyrirlestur á ráðhúsloftinu í Stykkishólmi.

Nánar má lesa um fyrirlesturinn með því að smella á auglýsinguna hér fyrir ofan.



Refurinn

sannleikur og sagnir



Fræðsluerindi og skemmtun í tengslum við viðburðaviku á Vesturlandi þriðjudaginn 29. apríl kl. 20 á Hótel Ólafsvík.

Dagskrá kvöldsins:

- Tónlistaratriði
- Páll Hersteinsson fremsti sírfræðingur landsins um reffin flytur fræðsluerindi.
- Hlé - Kaffi og veitingar til sölu.
- Sæmundur Kristjánsson segir sögur af samkiptum manna og refa. Öðrum frjálst að segja sögur af reffum.
- Tónlistaratriði

Allir velkomnir, ókeypis aðgangur.

Dagskráin er styrkt af menningarráði Vesturlands.



LEONSKLÉBBUR
ÓLAFSVÍKUR



MENNINGARRÁÐ VESTURLANDS
Culture council of West Iceland



RIJENRYKLÉBBUR
ÓLAFSVÍKUR

28. apríl 2008

Refurinn – Sannleikur og sagnir

Á morgun, þriðjudaginn 29. apríl, kl. 20:00, verður haldið á Hótel Ólafsvík fræðsluerindi og skemmtun í tengslum við viðburðaviku á Vesturlandi. Meðal annars mun Páll Hersteinsson, fremsti sérfræðingur landsins um refinn, flytja fræðsluerindi og Sæmundur Kristjánsson mun segja sögur af samskiptum manna og refa. Dagskrá skemmtunarinnar má sjá með því að smella á auglýsinguna hér til hliðar.

Skarfatal

Arnbór Garðarsson, prófessor í dýralæði við Háskóla Íslands

Tvær tegundir skarfa, dílaskarfur og toppskarfur, eru staðflugar hér við land og verpa aðallega á holmum og skerjum Breiðafjarðar og Faxaflóa. Einkum verður fjallað um dílaskarfa, þar á meðal um talaverðar breytingar sem orðó hafa á fjölda og útbreiddu dílaskarfa og möguleg tengsl þeirra við breytingar á loftslöðum.

Arnbór hefur um áratuga skeið rannsakað íslenska fugla, á viðari árum einkum spöfuga. Dílaskarfur hentar að mörgu leyti einkar vel til rannsóknna og hefur Arnbór þróað aðferðir til mjög nákvæmrar vöktunar íslensku stofnanna.

Fyrirlesturinn verður mánudaginn 28. apríl kl. 20 á ráðhúslöftinu í Stykkishólmi.

Adgangur er ókeypis og allir velkomnir.

Náttúrustofa Vesturlands
Háskólasalur Snæfellsnæva
Umhverfisstígur Stykkishólms



25. apríl 2008

Fyrirlestur um skarfa

Næstkomandi mánudagskvöld kl. 20 heldur Arnbór Garðarsson, prófessor við Háskóla Íslands, fyrirlestur á ráðhúslöftinu í Stykkishólmi.

Tvær tegundir skarfa, dílaskarfur og toppskarfur, eru staðfuglar hér við land á grunnsævi (innan við 20 m dýpi) og verpa aðallega á hólum og skerjum Breiðafjarðar og Faxaflóa. Báðar tegundirnar henta að mörgu leyti vel til rannsókna, einkum þó dílaskarfurinn sem hér verður fjallað um. Athuganir á skarfastofnunum hófust 1975 og beindust í fyrstu að því að kanna útbreiðslu og fjölda hreiðra með notkun loftmynda. Mikil niðursveifla varð í fjölda dílaskarfs upp úr 1990 og var stofninn í lágmarki (2500 hreiður) um 1994. Þá var byrjað á árlegum talningum og hafa þær staðið sleitulaust síðan. Frá 1998 hefur aldurssamsetning stofnsins verið metin árlega, bæði að haustinu (september) og síðla vetrar (febrúar). Frá árinu 2007 er einnig farið að meta varpárangur í einstökum byggðum.

Á tímabilinu 1994-2007 fjölgaði í dílaskarfsstofninum í heild og voru hreiðrin orðin um 4500 vorið 2007. Frá 1998 hefur dregið úr viðkomunni (hlutfalli unga í september) en dauðsföll fullorðinna skarfa (um 15% á ári) hafa ekki breyst. Fjölgunin í stofninum virðist stafa af því að nýliðun varpfugla er meiri en nemur dauðsföllum þeirra, sem aftur mætti rekja til hagstæðra fæðuskilyrða, en fæðan er langmest marhnútur, auk sprettfisks, þyrsklings og smáuþsa. Þótt fjölgun hafi orðið í stofninum, hafa fjöldabreytingar á einstökum svæðum ekki verið samstiga. Þannig hefur stofninn í suðvestanverðum Breiðafirði verið mjög lítill allt frá því um 1990 og skarfabbyggðir í Vestureyjum hafa að mestu verið á undanhaldi í 30 ár. Undan Skarðströnd fjölgaði fram yfir aldamótin 2000 en síðan hefur fækkað jafnt og þétt. Á Gilsfirði og við Barðaströnd er sömu sögu að segja en fækkunin er minni. Á Hvammsfirði og Faxaflóa er fjölgunin enn mikil. Fyrirliggjandi upplýsingar benda til þess að stofn dílaskarfs sé að nálgast takmörk sín og á næstunni verði mikil breyting á högum hans sem ætti að koma fram í þeim stofnþáttum sem nú eru metnir árlega. Hins vegar vantar tilfinnanlega vöktun á botnlífi og fiskum á grunnsævi sem væntanlega stýra viðgangi skarfa, sela, æðarfugls og fleiri áhugaverðra stofna.

Arnpór hefur um áratuga skeið rannsakað íslenska fugla, á síðari árum einkum sjófugla. Dílaskarfur hentar að mörgu leyti einkar vel til rannsókna og hefur Arnpór þróað aðferðafræði sem gerir kleift að fylgjast mjög náið með fjölda og varpútbreiðslu dílaskarfa.

Fræðsluerindi Náttúrustofa

í fjarfundarbúnaði um land allt

Náttúrustofur eru spj talsins og staðsettar í öllum lands-
hlutum. Þar starfar hópur fagfólks á ýmsum fræðeivibum.
Náttúrustofurnar hafa myndað Samtök náttúrustofa (SNS)
og standa nú fyrir fjórhögum fræðsluerindum í fjarfunda-
búnaði víls vegar um landið.

**Fræðsluerindin eru alla jafna í hádegina síðasta
fimmtudag ívers mánaðar. Allir velkomin.**

Fylgjast má með erindunum á eftirfarandi stöðum:

Reykjavík: H.I., kennslumiðstöð, Þróðahúsi, 2.hæð
Stykkishólmur: Eglishús
Patreksfjörður: Þróunarsetur
Bolungarsvíki: Rannsóknasetur
Hólmavík: Grunnskólinn
Sauðárkrúkur: Farskólinn Norðurlandi vestra
Akureyri: Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar
Húsavík: Þekkingarsetur Þingeyinga
Egilsstaðir: Vonarland
Neskaupstaður: Verkmenntaskóli Austurlands
Vestmannaeyjar: Rannsókn- og fræðasetur Vestmannaeyja

Flairi staðir geta hugsanlega tengst sé þess óskað.



Miðvikudaginn 23. apríl nk. kl. 12:15-12:45
flytur Þorsteinn Sæmundsson, jarðfræðingur
á Náttúrustofu Norðurlands vestra, erindi sem
hann nefnir:

**Berghlaupið við Morsárjökul,
20. mars 2007**

Síðasta fræðsluerindi vetrarins kemur frá
Náttúrustofu Norðurlands, fimmtudaginn
29. maí.

SNS
Samtök náttúrustofa

21. apríl 2008

Berghlaupið við Morsárjökul, 20. mars 2007

Miðvikudaginn 23. apríl nk. kl. 12:15-12:45 flytur Þorsteinn Sæmundsson, jarðfræðingur á Náttúrustofu Norðurlands vestra, erindi sem hann nefnir: Berghlaupið við Morsárjökul, 20. mars 2007.

Erindinu verður varpað um fjarfundarbúnað vítt og breitt um landið. Í Stykkishólmi er hægt að fylgjast með erindinu í Egilshúsi, en aðrir staðir þar sem hægt er að sjá fyrirlestrana eru:

Reykjavík:	Háskóli Íslands,	kjallari	Odda
Ísafjörður:	Háskólasetur		Vestfjarða
Patreksfjörður:			Þróunarsetur
Hólmavík:			Grunnskólinn
Sauðárkrúkur:	Farskólinn	Norðurlandi	vestra
Akureyri:	Símenntunarmiðstöð		Eyjafjarðar
Húsavík:	Þekkingarsetur		Þingeyinga
Egilsstaðir:			Vonarland
Neskaupstaður:	Verkmenntaskóli		Austurlands
Vestmannaeyjar:	Rannsókn- og fræðasetur		Vestmannaeyja

14. apríl 2008

Green Globe úttekt á Snæfellsnesi

Í síðustu viku voru tveir úttektaraðilar frá Green Globe samtökunum staddir á Snæfellsnesi til að meta starfsemi sveitarfélaganna fimm (Eyja- og Miklaholtshrepps, Snæfellsbæjar, Grundarfjarðarbæjar, Helgafellssveitar og Stykkishólmsbæjar) og Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls og hvort hún væri í samræmi við markmið sjálfbærrar þróunar.

Sveitarfélögin hafa á undanförunum árum unnið að undirbúningi þess að fá Green Globe vottun eins og lesa má um á heimasíðu verkefnisins, <http://www.nesvottun.is/>. Vinna að vottuninni

miðar að því að bæta gæðastjórnun í rekstri sveitarfélaganna og þjóðgarðsins og mun auk þess m.a. nýta svæðinu til markaðssetningar í ferðaþjónustu.

Stefán Gíslason, umhverfisstjórnunarfræðingur hjá UMÍS í Borgarnesi, hefur verið einn aðal ráðgjafi verkefnisins. Hann var viðstaddur úttektina í síðustu viku og hefur skrifað ágæta frétt um hana og birt með myndum á heimasíðu fyrirtækis síns: http://www.environment.is/default.asp?sid_id=10217&tre_rod=001|002|&tId=2&fre_id=70637&meira=1

14. apríl 2008

Kynningarfundir vegna minkaveiðiátaks í Eyjafirði og á Snæfellsnesi

Umhverfisstofnun og umsjónarnefnd með minkaveiðiátaki boða til kynningarfundar um minkaveiðiátak í Eyjafirði og á Snæfellsnesi. Sérstaklega eru boðuð til fundarins viðkomandi sveitarfélög og ráðgjafanefnd.

Fyrri fundurinn verður haldinn á Akureyri á morgun, þriðjudag. Seinni fundurinn verður á efstu hæð ráðhúss Stykkishólmsbæjar, Hafnargötu 3 í Stykkishólmi, föstudaginn 18. apríl. Dagskrá hans verður sem hér segir:

- 12:00 Kynning umsjónarnefndar með minkaveiðiátaki
Hugi Ólafsson umhverfisráðuneyti
Veðiátak á mink í Eyjafirði og á Snæfellsnesi
- 12:15 Áfangaskýrsla um veiðiátak 2007 Arnór Þórir Sigfússon, Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen
- 12:45 Rannsóknaniðurstöður minkarannsóknar á Snæfellsnesi
Róbert Arnar Stefánsson Náttúrustofu Vesturlands
- 13:15 Fyrirspurnir
- 14:30 Fundi slitið

Fræðsluerindi Náttúrustofa

í fjárfundarbúnaði um land allt

Náttúrustofur eru íþr talsins og staðsettar í öllum lands-
hlutum. Þar starfar hópur fagfólks á ýmsum fræðisviðum.
Náttúrustofurnar hafa myndað Samtök náttúrustofa (SNS)
og standa nú fyrir fjölbreyttum fræðsluerindum í fjárfun-
ðarbúnaði víðs vegar um landið.

Fræðsluerindir eru í háldeginu síðasta
fimmtudag hvers mánaðar. Allir velkomnir.

Fylgjast má með erindunum á eftirfarandi stöðum:
Reykjavík: H.S., kennslumiðstöð, Þróttahólar, 2. hæð
Stykkishólmur: Eglshús
Patreksfjörður: Írúnarsetur
Ísafjörður: Músklasetur Vestfjarða
Hálfmavík: Grunnskólinn
Sauðárkrúkur: Færiskólinn Norðurlandi vestra
Akureyri: Símenntunarmiðstöð Eyjafjarða
Húsavík: Hekkingarsetur Þingeyinga
Egilsstaðir: Vónarland
Rekshústaðir: Verkefniaskóli Austurlands
Vestmannaeyjar: Kannóknar- og fræðasetur
Vestmannaeyja

Flairi staðir geta hugsanlega tengst sé þess óskað.



Fimmtudaginn 27. mars nk. kl. 12:15-12:45
Ritur Hafdis Sturlaugsdóttir, landnýtingarfræðingur
á Náttúrustofu Vestfjarða, erindi sem hún nefnir:

„Man sauður hvar gekk lamb“
og með hverjum?
Atferlisrannsókn á sauðfé á Ströndum

Næsta erindi verður miðvikuðaginn 23. apríl og kemur
frá Náttúrustofu Norðurlands vestra.

SNS

Samtök náttúrustofa

25. mars 2008

Erindi um atferlissrannsókn á sauðfé á Ströndum

Smellið á auglýsinguna til að stækka hana.

Fimmtudaginn 27. mars nk., kl. 12:15-12.45, flytur Hafdís Sturlaugsdóttir, landnýtingarfræðingur á Náttúrustofu Vestfjarða, erindi sem hún nefnir: „Man sauður hvar gekk lamb“ og með hverjum? Atferlissrannsókn á sauðfé á ströndum.

Þetta er 10. erindið í fyrirlestraröð náttúrustofa og verður varpað um fjarfundarbúnað vítt og breitt um landið. Í Stykkishólmi er hægt að fylgjast með erindinu í Egilshúsi, en aðrir staðir þar sem hægt er að sjá fyrirlestrana eru:

Reykjavík:	Háskóli	Íslands,	kjallari	Odda
Ísafjörður:		Háskólasetur		Vestfjarða
Patreksfjörður:				Próunarsetur
Hólmavík:				Grunnskólinn
Sauðárkrúkur:	Farskólinn	Norðurlandi		vestra
Akureyri:	Símenntunarmiðstöð			Eyjafjarðar
Húsavík:	Þekkingarsetur			Þingeyinga
Egilsstaðir:				Vonarland
Neskaupstaður:	Verkmenntaskóli			Austurlands

Vestmannaeyjar: Rannsókn- og fræðasetur Vestmannaeyja

19. mars 2008

Rannsóknir kynntar á Raunvísindapíngi

Dagana 14.-15. mars sl. var haldið Raunvísindapíng á vegum Raunvísindadeildar Háskóla Íslands. Þingið var haldið í Öskju, náttúrufræðahúsi Háskólans.

Náttúrustofa Vesturlands kynnti hluta af sínum rannsóknum á þremur veggspjöldum. Eitt þeirra fjallaði um vöxt og þyngdarbreytingar hjá minkum, annað um niðurstöður rannsókna á áhrifum vegfyllingar við Kolgrafafjörð á þéttleika og landnotkun minka en það þriðja var aðferðafræðilegs eðlis og fjallaði um hönnun rannsókna á landnotkun dýra með hjálp senditækja.



Vöxtur og árstíðabundnar þyngdarbreytingar minka



Áhrif breytingar á búsvæði á þéttleika og landnotkun minka



Tími milli staðsetninga í rannsóknum á heimasvæði dýra

Fræðsluerindi Náttúrustofa

í fjarfundarbúnaði um land allt

Náttúrustofur eru stótt tölmennt og staðsettir í öllum lands-
hlutum. Þar starfar hópur fagfólks á ýmsum fræðesvörum.
Náttúrustofurnar hafa myndad Samtök náttúrustofa (SNS)
og standa nú fyrir fjórhögum fræðsluerindum í fjarfunda-
búnaði víðs vegar um landið.

**Fræðsluerindir eru í hádeginu síðasta
fimmtudag hvers mánaðar. Allir velkomnir.**

Fylgjast má með arindunum á eftirfarandi stöðum:

- Reykjavík:** Háskóli Íslands, kjallari Odda
- Stykkishölmur:** Eignis
- Patreksfjörður:** Þróunarsetur
- Ísafjörður:** Háskólasalur Vestfjarða
- Hólmavík:** Grunnskólinn
- Sauðárkrúkur:** Farskólinn Norðurlandi vestra
- Akureyri:** Símenntunarmiðstöð Eyjafjarða
- Húsavík:** Þekkingarsetur Þingeyinga
- Egilsstaðir:** Vónarland
- Neskaupstaður:** Verkmenntaskóli Austurlands
- Vestmannaeyjar:** Rannsókn- og fræðasetur Vestmannaeyja

Þessi staðir geta hugsanlega tengt sé þess óskað.



Fimmtudaginn 28. febrúar nk. kl. 12:15-12:45
flytur Róbert A. Stefánsson, lífræðingur á
Náttúrustofu Vesturlands, erindi sitt og Menju von
Schmalensee.

**Áhrif vegfyllingar og þverunar fjarðar
á þéttleika og landnotkun minks**

Næstu erindi verða sem hér segir:
Náttúrustofa Vestfjarða, 27. mars
Náttúrustofa Norðurlands vestra, 23. apríl

SNS
Samtök náttúrustofa

26. febrúar 2008

Fyrirlestur um áhrif vegfyllingar og þverunar fjarðar á þéttleika og landnotkun minks
Fimmtudaginn 28. febrúar nk. kl. 12:15-12:45 er komið að 9. erindinu í fyrirlestraröð
náttúrustofa. Róbert A. Stefánsson flytur erindi sitt og Menju von Schmalensee: Áhrif
vegfyllingar og þverunar fjarðar á þéttleika og landnotkun minks. Erindið verður flutt í
Egilshúsi og verður varpað um fjarfundarbúnað vítt og breitt um landið.

Aðrir staðir þar sem hægt er að sjá fyrirlestrana eru:

Reykjavík:	Háskóli	Íslands,	kjallari	Odda
Ísafjörður:		Háskólasalur		Vestfjarða
Patreksfjörður:				Þróunarsetur
Hólmavík:				Grunnskólinn
Sauðárkrúkur:	Farskólinn	Norðurlandi		vestra
Akureyri:	Símenntunarmiðstöð			Eyjafjarðar
Húsavík:	Þekkingarsetur			Þingeyinga
Egilsstaðir:				Vónarland
Neskaupstaður:	Verkmenntaskóli			Austurlands
Vestmannaeyjar:	Rannsókn- og fræðasetur	Vestmannaeyja		

Hefur veðurfar áhrif á æðarvarp?

Fyrirlestur þriðjudaginn 5. febrúar kl. 20 á ráðhúsloftinu

Dr. Elvar Jónsson, Háskólaári Snæfellingna, hefur rannsakað andfluga í nýrri áratug og vinnur nú að rannsóknunni á stórhvítuðri æðarflugu á Íslandi. Rannsóknir hans berast einum af því að kenna áhrif veðurfars, loftslagsbreytinga og þessa breytinga á æðarflug. Önnur gæmar byggja af miklu leyti á þáttum um fjölda freðra frá æðarþöndum. Í fyrirlesinum kynni hann nýjar niðurstöður um fjölda vörfluga, komulaga í varp og hvort veður hafi einhver áhrif á þessa breytingu.

Fyrirlesurinn er í hönd Umhverfisskólans, Stofnunar Vesturlands og Háskólaári Snæfellingna.

Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir



4. febrúar 2008

Hefur veðurfar áhrif á æðarvarp?

Fyrirlestur þriðjudaginn 5. febrúar kl. 20 á ráðhúsloftinu.

Jón Einar Jónsson, Háskólasetri Snæfellsness, hefur rannsakað andfugla í rúman áratug og vinnur nú að rannsóknum á stofnvistfræði æðarfugls á Íslandi. Rannsóknir hans beinast einkum að því að kanna áhrif veðurfars, loftslagsbreytinga og gæða búsvæða á æðarfugl. Greiningarnar byggja að miklu leyti á gögnum um fjölda hreiðra frá æðarbændum. Í fyrirlestrinum kynnir hann nýjar niðurstöður um fjölda varpfugla, komutíma í varp og hvort veður hafi einhver áhrif á þessar breytur.

Fyrirlesturinn er í boði Umhverfishóps Stykkishólms, Náttúrustofu Vesturlands og Háskólaseturs Snæfellsness.

Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.

Fræðsluerindi Náttúrustofa

Í fjörfundabúnaði um landið

Þessi erindi er um áhrif veðurfars, loftslagsbreytinga og gæða búsvæða á æðarfugl. Greiningarnar byggja að miklu leyti á gögnum um fjölda hreiðra frá æðarbændum. Í fyrirlestrinum kynnir hann nýjar niðurstöður um fjölda varpfugla, komutíma í varp og hvort veður hafi einhver áhrif á þessar breytur.

Fræðsluerindi er haldin í samræmi við

Samráðsáttak um fræðslu og samskipti milli

Landnámsráðs og Landnámsráðs Vesturlands

Landnámsráðs og Landnámsráðs Vesturlands

Landnámsráðs og Landnámsráðs Vesturlands

Landnámsráðs og Landnámsráðs Vesturlands

Landnámsráðs og Landnámsráðs Vesturlands

Landnámsráðs og Landnámsráðs Vesturlands

Landnámsráðs og Landnámsráðs Vesturlands

Landnámsráðs og Landnámsráðs Vesturlands

Landnámsráðs og Landnámsráðs Vesturlands

Landnámsráðs og Landnámsráðs Vesturlands

Landnámsráðs og Landnámsráðs Vesturlands

Landnámsráðs og Landnámsráðs Vesturlands

Landnámsráðs og Landnámsráðs Vesturlands

Landnámsráðs og Landnámsráðs Vesturlands

Landnámsráðs og Landnámsráðs Vesturlands

Landnámsráðs og Landnámsráðs Vesturlands

Landnámsráðs og Landnámsráðs Vesturlands

Landnámsráðs og Landnámsráðs Vesturlands

Landnámsráðs og Landnámsráðs Vesturlands

Landnámsráðs og Landnámsráðs Vesturlands

Landnámsráðs og Landnámsráðs Vesturlands

Landnámsráðs og Landnámsráðs Vesturlands

Landnámsráðs og Landnámsráðs Vesturlands

Landnámsráðs og Landnámsráðs Vesturlands

Landnámsráðs og Landnámsráðs Vesturlands

Landnámsráðs og Landnámsráðs Vesturlands

Landnámsráðs og Landnámsráðs Vesturlands

Landnámsráðs og Landnámsráðs Vesturlands

Landnámsráðs og Landnámsráðs Vesturlands

Landnámsráðs og Landnámsráðs Vesturlands

Landnámsráðs og Landnámsráðs Vesturlands

Landnámsráðs og Landnámsráðs Vesturlands

Landnámsráðs og Landnámsráðs Vesturlands

Landnámsráðs og Landnámsráðs Vesturlands

Landnámsráðs og Landnámsráðs Vesturlands

Landnámsráðs og Landnámsráðs Vesturlands

Landnámsráðs og Landnámsráðs Vesturlands

Landnámsráðs og Landnámsráðs Vesturlands

Landnámsráðs og Landnámsráðs Vesturlands

Landnámsráðs og Landnámsráðs Vesturlands

Landnámsráðs og Landnámsráðs Vesturlands

Landnámsráðs og Landnámsráðs Vesturlands

Landnámsráðs og Landnámsráðs Vesturlands

Landnámsráðs og Landnámsráðs Vesturlands

Landnámsráðs og Landnámsráðs Vesturlands

Landnámsráðs og Landnámsráðs Vesturlands

Landnámsráðs og Landnámsráðs Vesturlands

Landnámsráðs og Landnámsráðs Vesturlands

Landnámsráðs og Landnámsráðs Vesturlands

Landnámsráðs og Landnámsráðs Vesturlands

Landnámsráðs og Landnámsráðs Vesturlands

Landnámsráðs og Landnámsráðs Vesturlands

Landnámsráðs og Landnámsráðs Vesturlands

Landnámsráðs og Landnámsráðs Vesturlands

Landnámsráðs og Landnámsráðs Vesturlands

Landnámsráðs og Landnámsráðs Vesturlands

Landnámsráðs og Landnámsráðs Vesturlands

Landnámsráðs og Landnámsráðs Vesturlands

Landnámsráðs og Landnámsráðs Vesturlands



30. janúar 2008

Fyrirlestur um áhrif móður á lífssögu fiska

Komið er að 8. erindinu í fyrirlestraröð náttúrustofa. Fimmtudaginn 31. janúar kl. 12:15-12:45 flytur Sveinn Kári Valdimarsson, Ph.D., líffræðingur á Náttúrustofu Reykjaness erindi sem hann nefnir: „Fjórðungi bregður til fósturs og lengi býr að fyrstu gerð“ – hugleiðingar um áhrif móður á lífsögu fiska. Erindinu er varpað um fjörfundabúnað vítt og breitt um landið, þ.á.m. til Stykkishólms. Aðrir staðir þar sem hægt er að sjá fyrirlestrana eru:

Reykjavík:	Háskóli	Íslands,	kjallari	Odda
Ísafjörður:		Háskólasetur		Vestfjarða
Sauðárkrúkur:	Farskólinn	Norðurlandi		vestra
Akureyri:	Símenntunarmiðstöð			Eyjafjarðar
Húsavík:	Þekkingarsetur			Þingeyinga
Egilsstaðir:				Vonarland
Neskaupstaður:	Verkmenntaskóli			Austurlands

Vestmannaeyjar: Rannsókn- og fræðasetur Vestmannaeyja

Nánari upplýsingar má sjá í meðfylgjandi auglýsingu.

21. janúar 2008

Vegfylling virðist hafa áhrif á landnotkun minka

Náttúrustofa Vesturlands hefur nú lokið við rannsókn á áhrifum vegfyllingar í Kolgrafafirði á Snæfellsnesi á þéttleika og landnotkun minka. Rannsóknin var unnin að beiðni Vegagerðarinnar í kjölfar þess að fram komu áhyggjur af mögulegri fjölgun minks vegna framkvæmdarinnar.

Náttúrustofan kannaði þéttleika og landnotkun staðbundinna minka við Kolgrafafjörð haustið 2003, áður en vegfyllingin var gerð, og haustið 2006 til samanburðar, u.þ.b. tveim árum eftir að framkvæmdum lauk. Minkar voru veiddir í lífgildrum, þeir merktir með senditækjum og fylgst með landnotkun þeirra að haustlagi og fyrri hluta vetrar.

Aðeins einn minkur hélt sig við fjörðinn haustið 2003. Hann dvaldi nær eingöngu við vesturströnd fjarðarinnar en notaði lítið það svæði sem síðar átti eftir að fara undir veg og vegfyllingu. Haustið 2006 voru a.m.k. þrír minkar staðbundnir við fjörðinn. Heimasvæði þeirra

allra skaraðist við vegfyllinguna en enginn minkur fannst á því svæði sem minkurinn notaði haustið 2003. Vegfyllingin var ekki sérlega eftirsótt sem staður fyrir minkabæli en virtist aftur á móti vera lykilsvæði til fæðuöflunar fyrir mink.

Erfitt er að fullyrða um það hvort fjölgun staðbundinna minka eftir tilkomu vegfyllingarinnar hafi verið afleiðing hennar eingöngu, þótt vísbendingar séu um það. Breytingar í landnotkun minka við Kolgrafafjörð haustið 2006 benda hins vegar sterklega til að vegfyllingin skipti þá miklu máli og hafi bætt búsetuskilyrði fyrir minka við fjörðinn. Nálgað má lokaskýrslu verkefnisins í ritaskrá.

16. janúar 2008

Greinargerð um ástand hörpudisksstofnsins

Náttúrustofa Vesturlands og Háskólasetur Snæfellsness hafa látið Jónas Pál Jónasson, sjávarlíffræðing, vinna fyrir sig greinargerð um hörpudiskinn á Breiðafirði. Þar er gefið ítarlegt yfirlit um þær upplýsingar sem liggja fyrir um ástand hörpudisksstofnsins en hann hefur verið í mikilli lægð á þessum áratug. Lítið hefur breyst þrátt fyrir veiðibann frá því snemma árs 2003. Jónas stundar doktorsnám á reki þorsklirfa við Háskóla Íslands. Hann hefur sjálfur talsvert rannsakað hörpudisk og lauk t.a.m. meistaraþrófsritgerð um tegundina. Í greinargerðinni rekur hann líffræði hörpudisks, sögu veiðanna, þróun stofnsins í Breiðafirði og ræðir um framtíð veiða og rannsókna í Breiðafirði.

Rakin eru gögn sem tengjast hrúni stofnsins í Breiðafirði, sem benda til þess að nokkrir samverkandi þættir hafi orsakað hrúnið en að þeir mikilvægustu hafi verið nýliðunarbrestur og fiskveiðidauði.

Þeir sem hafa áhuga á að kynna sér nánar efni þessarar áhugaverðu greinargerðar geta skoðað hana í heild sinni í ritaskrá.

8. janúar 2008

Áhrifa síldargengdar gætir í fuglalífi á Breiðafirði

Undanfarna daga hefur staðið yfir árleg vetrarfuglatalning vítt og breitt um landið en Náttúrufræðistofnun Íslands heldur utan um þessar árlegu talningar. Við sunnanverðan Breiðafjörð voru að þessu sinni talin þrjú svæði og sá Náttúrustofan um eitt þeirra að venju. Róbert A. Stefánsson, starfsmaður Náttúrustofu Vesturlands, taldi svæði sem nær frá Eiði við vestanverðan Kolgrafafjörð að vegfyllingu yfir Hraunsfjörð; svæði sem hann hefur nú talið árlega frá því í janúar 2001. Að þessu sinni sá hann 19 fuglategundir og voru fuglar nú fleiri en nokkru sinni frá því vöktun þessa svæðis hófst eða 3.554.

Óvenjulega mikil síld hefur haldið til í sunnanverðum Breiðafirði undanfarna mánuði eins og tíundað hefur verið í fjölmiðlum. Kom það greinilega fram í niðurstöðum talninganna, þar sem óvenjulega mikið var af þeim fuglategundum sem helst sækja í uppsjávarfisk, t.d. máfum, skörfum, toppöndum og teistum. Á svæði Náttúrustofunnar voru t.a.m. 7 sinnum fleiri svartbakar og um þrisvar sinnum fleiri hvítmáfar en þeir höfðu áður verið flestir. Einnig er athyglisvert að æðarfugli hefur fjölgað nokkuð jafnt og þétt á svæðinu á síðustu 8 árum en ekki er vitað hvort sú fjölgun stafar af raunverulegri fjölgun æðarfugla eða tilflutnings á milli svæða.

Auk talningarsvæðis Náttúrustofunnar taldi Tómas G. Gunnarsson við Stykkishólm og Jón Einar Jónsson svæði við Álftafjörð en báðir eru starfsmenn Háskólasets Snæfellsness.

Tegund	Fjöldi fugla	2001-2007		
	árið 2008	Meðaltal	Lágmark	Hámark
Lómur	0	0	0	3
Himbrimi	0	1	0	2
Dílaskarfur	25	8	2	21
Toppskarfur	21	6	2	17
Ógr. skarfur	0	3	0	11
Ált	0	0	0	2
Stökkönd	169	104	42	196
Rauðhöfðaönd	6	3	0	18
Hávella	60	60	21	111
Æðarfugl	1805	1082	744	1602
Toppönd	118	29	14	44
Ógr. önd	0	0	0	2
Haförn	3	1	0	2
Fálki	0	0	0	1
Smyrill	0	0	0	1
Rjúpa	0	1	0	4
Tjaldur	498	224	0	490
Stelkur	1	3	0	10
Tildra	0	2	0	8
Sendlingur	201	114	0	407
Ógr. vaðfugl	0	0	0	2
Svarbakur	349	14	2	53
Hvítmáfur	198	29	13	70
Bjartmáfur	54	2	1	3
Hettumáfur	1	0	0	1
Rita	0	1	0	4
Haftyrðill	0	0	0	2
Teista	23	4	0	9
Ógr. svartfugl	0	2	0	11
Snjótittlingur	0	23	0	60
Hrafn	21	9	3	31
Æðarkóngur	0	0	0	1
Heildarfjöldi fugla	3.554	1.724	1.007	2.566
Fjöldi tegunda	19	18	14	21



28. nóvember 2007

Silkitoppa í Stykkishólmi

Í dag sást fuglinn silkitoppa koma í æti við hús í Stykkishólmi. Um er að ræða spörfugl sem gjarnan flækist til Íslands að haust- og vetrarlagi frá norðan- og austanverðri Evrópu. Íslenskar silkitoppur sækja töluvert í æti sem fólk setur í garða sína og virðast sérstaklega hrifnar af rauðum eplum. Eins og sjá má á meðfylgjandi mynd eru silkitoppur (lengd 18 cm) mjög fallegir fuglar.

Fuglavernd gaf nýlega út endurbætta útgáfu af bæklingi um garðfugla (þar sem m.a. er að finna silkitoppu). Eintök af honum má nálgast á Náttúrustofu Vesturlands eða hjá Daníel Bergmann.

Fræðsluerindi
Náttúrustofanna
í Gærfundarbúnaði um land allt

Náttúrustofur eru starfandi í öllum landshlutum. Þær starfa til þess að tryggja áhrifamikla náttúruvernd. Náttúrustofur hafa búið til náttúruverndar, sem hefur verið staðfest af Náttúruvernd (SOS) og standa til fyrir framtíð fræðslu- og gærfundarstarfa.

Fræðsluerindin eru í háldegisu síðasta fimmtudag hvers mánaðar.
Allir velkomnir.

Þessi er að sjá fræðsluerindin á eftirfarndum stöðum:
Reykjavík: Háskóli Íslands - í kjallara Öðla
Stykkishólmur: Egghóla
Ísaförður: Háskólinn
Sundárlundur: Færðingur Vesturlands vestur
Húsavík: Þekkingarverðing
Egilsstaðir: Vaxandi
Neskaupstaður: Vaxandi
Vestmannaeyjar: Rannsókn- og fræðingur
Vestmannaeyja

Þessi atali geta hugaðslega tengt af þess öðru.



Fimmtudaginn 29. nóvember n.k. kl. 12:15-12:45 Flytur Erpur Snær Hansen, Ph.D., líffræðingur á Náttúrustofu Suðurlands erindið: „Lágmarks fæðugjafatiðni íslenskra sjófugla - hungurmörk foreldraumhyggju“

Náttúrustofa Reykjavíkur

SNS

27. nóvember 2007

Fræðsluerindi Náttúrustofanna

Fimmtudaginn 29. nóvember n.k., frá kl. 12:15-12:45, flytur Erpur Snær Hansen, Ph.D., líffræðingur hjá Náttúrustofu Suðurlands erindið: „Lágmarks fæðugjafatiðni íslenskra sjófugla – hungurmörk foreldraumhyggju“.

Erindið má sjá og heyra í fjarnámsveri Stykkishólmsbæjar í Egilshúsi.

13. nóvember 2007

Náttúrustofufing haldið í þriðja sinn

Þann 21. nóvember næstkomandi munu Samtök náttúrustofa á Íslandi (SNS) standa fyrir náttúrustofufingi. Þetta er í þriðja skipti sem slíkt þing er haldið í tengslum við ársfund félagsins.

Samtök náttúrustofa (www.sns.is) voru stofnuð árið 2002 og eru aðilar að þeim Náttúrustofa Norðurlands vestra, Náttúrustofa Norðausturlands, Náttúrustofa Austurlands, Náttúrustofa Suðurlands, Náttúrustofa Reykjaness, Náttúrustofa Vesturlands og Náttúrustofa Vestfjarða. Tilgangur Náttúrustofuþinga er að vekja athygli á og kynna starfsemi náttúrustofa og samvinnu þeirra við aðrar skyldar stofnanir í landinu, svo sem Náttúrufræðistofnun Íslands, Umhverfisstofnun, Háskóla Íslands og aðra háskóla.

Dagskrá þingsins er fjölbreytt og er gert ráð fyrir að birta fyrirlestra náttúrustofanna á heimasíðu Náttúrustofu Vestfjarða (www.nave.is) og heimasíðu samtakanna (www.sns.is) eftir þingið.

Þingið verður haldið á Náttúrugripasafni Bolungarvíkur og hefst kl. 12:00 þann 21. nóvember 2007.

Þingið er öllum opið.



29. október 2007

Mýs á köldum klaka

Miðvikudagskvöldið 31. október nk. mun Ester Rut Unnsteinsdóttir, líffræðingur og doktorsnemi við Háskóla Íslands, halda fyrirlestur um hagamúsina. Sagt verður frá uppruna hagamúsarinnar og útbreiðslu, lífsskilyrðum á Íslandi, rannsóknum Esterar á hagamúsum á Kjalarnesi undanfarin ár og þeim þáttum sem hafa áhrif á fjölda hagamúsa eftir árstíðum og á milli ára.

Hagamúsin barst til landsins við landnám en hefur mjög lítið verið rannsökuð þar til nú. Rannsóknir Esterar marka því nokkur tímamót og varpa ljósi á lífsskilyrði hagamúsarinnar, sem hér lifir á vestur- og norðurmörkum útbreiðslusvæðis síns.

Fyrirlesturinn verður haldinn á lofti ráðhúss Stykkishólmsbæjar kl. 20:00. Allir velkomnir og aðgangur ókeypis.



25. október 2007

Snæuglan enn í bænum

Snæuglan er enn innan bæjarmarka Stykkishólms. Meðfylgjandi er önnur ljósmynd sem Daníel Bergmann náði af henni í dag.



25. október 2007

Snæugla í Stykkishólmi

Undir kvöld í gær tilkynnti Ann Linda Denner Náttúrustofunni um snæuglu nálægt húsi sínu í Ásklifi í Stykkishólmi. Starfsmaður Náttúrustofunnar mætti að sjálfsögðu strax á staðinn og fann ugluna.

Hringt var í ljósmyndara og náði Daníel Bergmann meðfylgjandi mynd, sem er merkilega góð miðað við erfiðar aðstæður; strekkingsvind, súld og myrkur.

Snæugla er stór (vænghaf um 1,5 m), hánorræn ugla sem einkum verpur í túndrum. Hún er óreglulegur varpfugl á hálendi Íslands og sést af og til allt árið, einkum á hálendinu eða jöðrum þess. Óvenjulegt er að sjá hana í byggð eins og í gær; ekki síst að sjá hana tylla sér á sjónvarpsloftnet á húspaki. Að jafnaði eru snæuglur fremur styggar en þessi sat nokkuð róleg á meðan áhugamenn skoðuðu hana og mynduðu.

Snæuglan í Stykkishólmi er líklega fullorðinn kvenfugl.

Í birtingu í dag verður uglunnar leitað í bæjarlandinu. Þeir sem gefið geta upplýsingar um ferðir uglunnar í dag og næstu daga eru beðnir að hafa samband við Náttúrustofuna í s. 433 8121 eða 898 6638.

Fræðsluerindi

[illegible][illegible]

Kingi et al. sp. *Interbilharinella* is apparently new addition.

Berkshire Hathaway: Stock 101: How to Buy and Sell

Key Words: child abuse; child neglect; child maltreatment; child welfare; child protection; child abuse prevention; child abuse investigation; child abuse assessment; child abuse intervention; child abuse treatment; child abuse recovery; child abuse prevention; child abuse investigation; child abuse assessment; child abuse intervention; child abuse treatment; child abuse recovery

Ensemble: Male Quartet

SouthAfrican: Funderline, Netherland, vrede

Keywords: Delinquency; Peer groups; Peer rejection; Peer victimization

Fagundes et al. • Ventral Amygdala Lesions and Cocaine-Induced Behavior
J. Neurosci., September 24, 2008 • 28(39):9801–9810 • 9807

Verkaufsfähigkeit: Verkaufsfähigkeit: Verkaufsfähigkeit

Systematisk Kvalitetssikring og -kontrol

Verdammungsjahr

Floral studies give important insights into the biology of plants and animals.

[illegible]

JOHANNES LUPTHAL & HERMANN UDE
BRÜTTLER & SCHNEIDERBACH

Nervous breakdown? says the new hit song.

Forum zur internationalen Zusammenarbeit in der Informationswissenschaft

SNS

24. október 2007

Fræðsluerindi Náttúrustofanna

Fimmtudaginn 25. október n.k., frá kl. 12:15-12:45, flytur Gerður Guðmundsdóttir plöntuvistfræðingur (M.Sc.) hjá Náttúrustofu Austurlands erindið: „Kolefnisupptaka birkis og annarra lauftrjáa á Héraði við breytilegar umhverfisaðstæður“.

Erindið má sjá og heyra í fjarnámsveri Stykkishólmsbæjar í Egilshúsi.



8. október 2007

Stórkostlegar náttúruljósmyndir

Næstkomandi fimmtudagskvöld (11. október), kl. 20.00 á ráðhúslofti Stykkishólmsbæjar, standa Náttúrustofa Vesturlands og Umhverfishópur Stykkishólms fyrir ljósmyndasýningu sem enginn má missa af:

Daníel Bergmann, náttúruljósmyndari, sýnir myndir sem hann hefur tekið undanfarið ár, fjallar um tilurð þeirra og gefur góð ráð varðandi náttúru-ljósmyndun. Við sögu koma

andfuglar í Mývatnssveit, fálkar og rjúpur, furðufuglar á Spáni, íslenskt fjallalandslag og máfar við Landey. Daniel er meðal okkar fremstu náttúruljósmyndara og sýnishorn af verkum hans má finna á vefnum www.danielbergmann.com.

Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir

Aðgangur ókeypis.

5. október 2007

Veiklulegur örn við Bjarnarhöfn

Í gær handsamaði heimafolk í Bjarnarhöfn á Snæfellsnesi ungan örn. Að sögn Hildibrandar Bjarnasonar hafði örninn líklega verið í grennd við bæinn í 2-3 daga en í gær virtist hann óvenju slapplegur. Var þá gengið að honum, hann tekinn án mikilla vandkvæða og settur í hús. Þar fékk hann kjöt og fisk (át hluta af þeim síðari) og virtist hressast nokkuð.

Hildibrandur lét Náttúrustofuna vita af þessu og þar sem svona atferli arnar er óeðlilegt, var ákveðið í samráði við Kristín Hauk Skarphéðinsson á Náttúrufræðistofnun Íslands að flytja örninn í Húsdýragarðinn í Reykjavík til frekari aðhlynningar. Starfsmaður Náttúrustofunnar sótti örninn og ók honum til móts við Kristín Hauk, sem kom honum í Húsdýragarðinn undir kvöld.

Um er að ræða kvenkyns unga frá síðasta sumri. Hlúð verður að honum þar til hann nær fullri heilsu á ný en þá verður honum sleppt.









Hildibrandur Bjarnason með örninn í fanginu. Hjördís Jónsdóttir heldur í vænginn á einni myndinni.

Myndir: Róbert A. Stefánsson.

Fræðsluerindi Náttúrustofanna í fjarfundarbúnaði um land allt Náttúrustofur eru staðsettar í öllum landshlutum. Þar starfar helstu fagfólks á hinum ýmsu fræðisviðum. Náttúrustofurnar hafa bundið samtökum sem heita Samtök Náttúrustofa (SNS) og standa nú fyrir frjállegum fræðsluerindum í fjarfundarbúnaði víðsvegar um landið. Fræðsluerindin eru síðasta fimmtudag í hverjum mánuði á milli kl. 12:00 og 13:00 Allir velkomnir. Hægt er að sjá fræðsluerindin á eftirtöldum stöðum: - Reykjavík: Háskóli Íslands - í kjallara Öðla - Stykkishólmur: Egilsbús - Ísafjörður: Háskólastríð - Sauðárkrúkur: Færiskólinn Norðurlandi vestra - Ílúsað: Þekkingarsetur Þingeyinga - Egilsstaðir: Vönnuð - Neskaupstaður: Verkefnaskóli Austurlands - Vestmannaeyjar: Rannsókn- og fræðasetur Vestmannaeyja Flairi staðir geta huganlega tengst ef þess er óskað.	 Fimmtudaginn 27. september n.k. frá kl. 12:00-12:30 flytur Þjögvin R. Leifsson sjávarlífræðingur (M.Sc.) hjá Náttúrustofa Norðurlands erindið: "STÓRVAXNIR BRÚNPÖRUNGAR Í ÞANGFJÖRUM ERU SKÓLPMENGUNAR-MELIKVARÐAR" Næstu fræðsluerindi verða sem hér segir: Þann 25. október - Náttúrustofa Austurlands Þann 29. nóvember - Náttúrustofa Suðurlands SNS
---	---


25. september 2007

Fræðsluerindi hefjast á ný

Nú eru fræðsluerindi Samtaka náttúrustofa (SNS) að hefjast á ný. Þau verða haldin í hádeginu síðasta fimmtudag hvers mánaðar og má sjá þau og heyra í fjarnámsveri Stykkishólmsbæjar í Egilshúsi.

Fyrsta erindi vetrarins heldur Björgvin M. Leifsson, Náttúrustofu Norðausturlands, og kallar það: „Stórvaxnir brúnpörungar í þangfjörum eru skólpmengunarmælikvarðar“

Allir velkomnir og aðgangur ókeypis.



18. september 2007

Starfsskýrsla Náttúrustofu Vesturlands komin á netið

Í ágúst sl. gaf Náttúrustofa Vesturlands út starfsskýrslu fyrir árin 2004-2006. Skýrslunni hefur verið dreift á hvert heimili í Stykkishólmi og einnig verið send til fagstofnana, samstarfsaðila og ýmissa annarra víða um land. Nú má einnig nálgast skýrsluna á heimasíðunni.

11. september 2007

Rannsókn- og vöktunaráætlun fyrir Breiðafjörð

Á morgun hefst á Hótel Stykkishólmi tveggja daga vinnufundur 26 sérfræðinga um lífríki Breiðafjarðar. Viðfangsefni fundarins er að fjalla um lykilþætti í lífríkinu og útbúa rannsókn- og vöktunaráætlun fyrir svæðið.

Breiðafjarðarnefnd hafði frumkvæði að þessari vinnu með því að óska eftir því við náttúrustofurnar á Vesturlandi og Vestfjörðum og Náttúrufræðistofnun Íslands að þær gerðu slíka áætlun. Þær lögðu til að haldinn yrði sérfræðingafundur og þangað boðið öllum helstu sérfræðingum landsins um lífríki svæðisins ásamt öðrum sérfræðingum sem taldir væru geta lagt málinu lið. Fulltrúar ofangreindra stofnana, Háskólasets Snæfellsness og Sjávarrannsóknasetursins Varar mynduðu undirbúningshóp síðastliðið vor, sem unnið hefur að undirbúningi fundarins. Þar munu mæta fulltrúar flestra náttúrurannsóknastofnana landsins.

Tómas Gunnarsson á Háskólasetri Snæfellsness hefur verið formaður undirbúningshópsins en fulltrúar Náttúrustofunnar voru Menja og Róbert.

Nú er allt klárt fyrir morgundaginn og er vonast eftir árangursríkum fundi næstu tvo dagana.

29. ágúst 2007

Aðvörun vegna risahvannar

Á síðustu árum er farið að bera nokkuð á plöntunni risahvönn (einnig kölluð tröllahvönn *Heracleum mategazzianum*; enska: Giant Hogweed) í íslenskum görðum, enda þykir plantan nokkur prýði. Náttúrustofa Vesturlands varar hins vegar eindregið gegn því að plantan sé höfð í görðum, sérstaklega þar sem börn gætu komist í snertingu við hana. Safi úr plöntunni er einstaklega ertandi og komist hann í snertingu við húð geta myndast mjög slæm blöðrukennd útbrot, sem versna enn ef sólarljós skín á húðina með safanum á. Útbrotin líkjast brunasárum bæði í útliti og tilfinningu. Berist safi úr plöntunni á húð skal tafarlaust þvo hana, helst með sápu. Safinn drepur húðfrumur og í sumum tilfellum einnig undirliggjandi vefi og geta sár því verið allt að 6 mánuði að gróa og ljót ör myndast. Ör eftir safann geta verið bláleit í nokkur ár eftir að útbrotin hafa gróið. Berist safinn í augu getur hann valdið tímabundinni eða varanlegri blindu.

Risahvönn líkist 1,5 – 4 m hárri útgáfu af ætihvönn, er harðgerð og mjög ágeng. Hver planta getur myndað allt að 50.000 fræjum, en tæplega fjórðungur þeirra er líklegur til að spíra. Plantan er mikil plága í Norður-Evrópu og eru víða hafnar skipulagðar herferðir til að hefta útbreiðslu hennar.

Ef einhver telur sig vera með plöntuna í garði sínum er eindregið mælt með því að hún verði fjarlægð strax. Tekið skal fram að við meðhöndlun plöntunnar er mjög mikilvægt að hlífa húð og augum og æskilegt er að föt og hanskar séu vatnheld. Best er að grafa plönturnar upp að vori og láta þær þorna upp áður en þeim er fargað. Fræforði í jarðveginum getur dugað í 7-8 ár, svo mikilvægt er að endurtaka uppgröftinn á hverju ári þar til plöntunni hefur verið útrýmt. Til að hefta útbreiðslu risahvannar skal ekki setja leyfar hennar og fræ í safnkassa eða miðlægar moltugerðir, heldur farga henni með venjulegu rusli.

Frekari upplýsingar má t.d. finna á

<http://www.ni.is/grodur/rannsoknir/agengartegundir/risahvannir>

http://en.wikipedia.org/wiki/Giant_Hogweed





28. ágúst 2007


Ódýr og ljúffengur kvöldmatur?

Margir hafa eflaust tekið eftir myndarlegum sveppabyrpingum sem sjá má víða í túnum, m.a. í þéttbýli, um þessar mundir. Er hér um að ræða ullserk eða ullblekil (*Coprinus comatus*), sem vex nær eingöngu í grennd við híbýli svo sem á túnum, í görðum eða meðfram vegum. Er þessi sveppur ljúffengur og eftirsóttur ætissveppur á meðan hann er ungur og þar sem ekki er mikil mengun vegna bílaútblasturs. Hann er hvítur eða gulhvítur, hár og mjór með langan, mjóan og egglega hatt. Hann verður allt að 15 sm hár og um 5 sm breiður. Stafurinn er holur að innan. Þegar sveppurinn eldist sortnar hann þar til hann verður alveg bleksvartur og linur.

Fyrir þá sem hafa hug á því að smakka þennan bragðgóða svepp skal benda á að ekki skal tína sveppi sem eru byrjaðir að dökkna, heldur einungis ung eintök og hafa í huga að eftir tínslu verður hann svartur á nokkrum klukkutímum. Best er því að borða hann fljótlega eftir tínslu. Sveppurinn er einstaklega góður í sósur og mælum við með því að léttsteikja hann í smöri á pönnu og bæta síðan við rjóma, salti og pipar eftir smekk. Einnig er gott að nota mjög ung eintök hrá í salat.

Að gefnu tilefni viljum við beina því til foreldra að koma því áleiðis til barna sinna að þau sparki ekki eða skemmi þessa hágæða matarsveppi. Einnig viljum við nota tækifærið til að benda á að aldrei skal innbyrða eða nota óþekkta sveppi til matargerðar.

Verði ykkur að góðu.



28. ágúst 2007

Starfsskýrslu Náttúrustofu dreift í Stykkishólmi

Í þessari viku verður starfsskýrslu Náttúrustofu Vesturlands dreift á öll heimili í Stykkishólmi en í næstu viku verður henni dreift til fagstofnana, samstarfsaðila og ýmissa annarra víða um land.

Í skýrslunni er gefið yfirlit um starfsemi Náttúrustofunnar árin 2004-2006. Nú eru 8 ár síðan fyrsti starfsmaður Náttúrustofunnar var ráðinn en síðan þá hefur mikið vatn runnið til sjávar og starfsemin eflst til muna. Síðastliðið ár var starfsemin meiri en nokkru sinni fyrr, ársverkin 5,5 og starfsmenn 10 talsins þegar mest var.

Verkefni Náttúrustofunnar hafa verið af ýmsum toga en rannsóknir hafa þó verið stærsti einstaki þátturinn. Áhersla hefur verið á rannsóknir á landspendýrum og fuglum svæðisins, þótt fleira hafi einnig verið til umfjöllunar. Gagnvart bæjarbúum í Stykkishólmi hefur fræðslustarfsemin líklega verið mest áberandi en Náttúrustofan stendur öðru hverju fyrir fræðslufyrirlestrum um náttúrutengd mál og vettvangsferðum. Þá hefur Náttúrustofan átt í góðu samstarfi við Umhverfishóp Stykkishólms og nú síðast Háskólasetur Snæfellsness um að standa fyrir viðburðum af slíku tagi.

Stjórn og starfsfólk Náttúrustofunnar vonar að bæjarbúar Stykkishólms og aðrir hafi gagn og gleði af lestri plaggins og verði einhvers fróðari um starfsemi stofunnar. Áhugasamir sem einhverra hluta vegna eru ekki á útsendingarlista okkar geta haft samband við Náttúrustofuna í s. 433 8121 eða sent tölvupóst á ásiggabeta@nsv.is og fengið eintak. Fljótlega verður stafrænt eintak skýrslunnar einnig sett á heimasíðu okkar www.nsv.is.

Róbert A. Stefánsson og Menja von Schmalensee









1. Örninn var á sléttlendi innst í Kolgrafafirði og náði sér ekki á flug vegna grúts í fiðri. Takið eftir gulum goggi og ljósu höfði, einkennum fullorðinna arna ásamt ljósu stéli.
2. Róbert hefur handsamað fuglinn. Merki Náttúrustofunnar er viðeigandi.
3. Róbert heldur á erninum. Klútum var vafið um klærnar til að fyrirbyggja að örninn læsti klónum í fólki.
4. Örninn er tignarleg skepna.
5. Starfsfólkið var kallað út eftir lok vinnudags og fengu dæturnar því að fljóta með. Þær sýndu erninum mikinn áhuga.
6. Menja og örninn hafa komið sér fyrir áður en haldið er af stað áleiðis til Stykkishólms og síðar Reykjavíkur.

9. júlí 2007

Erni bjargað úr ógöngum

Síðastliðinn föstudag tók athugull vegfarandi eftir því að ófleygur örn væri við Kolgrafafjörð á Snæfellsnesi. Eftir krókaleiðum var þessum skilaboðum komið til Náttúrustofu Vesturlands, sem brást skjótt við og þeysti á staðinn. Í fyrstu var óttast að örninn kynni að hafa flogið á háspennulínu, sem þarna liggur um. Svo reyndist ekki vera því hann náði að flögna um án þess þó að ná sér fyllilega á flug. Fuglinn var handsamaður og kom þá í ljós að hann var töluvert grútarblautur, líklega eftir viðureign við fýl. Ein kló var brotin og stélið nokkuð laskað, auk þess sem fuglinn var fremur rýr, sem bendir til að hann hafi verið þarna um nokkurn tíma. Án hjálpar mannsins blasti ekkert annað en dauðinn við honum. Fuglinn var ómerktur en rígfalldorðinn ef marka má útlitseinkenni.

Starfsfólk Náttúrustofunnar, Daníel Bergmann, stjórnarmaður í Fuglavernd og Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Náttúrufræðistofnun Íslands, komu fuglinum í Húsdýragarðinn í Reykjavík,

þar sem grúturinn verður þveginn úr honum á næstu dögum og honum gefið að éta. Vonast er til að hægt verði að sleppa honum aftur sem fyrst en þó ekki fyrr en hann hefur étið vel og er laus við grútinn úr fiðrinu.

9. júlí 2007

Varp virðist hafa misfarist hjá snjógæsunum

Einn heimamanna heimsótti snjógæsirnar á Breiðafirði síðastliðinn sunnudag og skýrði Háskólasetri Snæfellsness frá afdrifum varps í kjölfarið. Snjógæsirnar voru enn í grennd við hreiðurstaðinn. Hreiðrið bar þess merki að hans mati að ungar hafi komið úr eggjunum, en þeir voru hins vegar hvergi sjáanlegir. Hann taldi að líkast til hefðu hrafnar eða svartbakar náð ungunum.

Jón Einar Jónsson, HS



Ljósmyndir: Jón Einar Jónsson
28. júní 2007
Snjógæs verpur við Breiðafjörð

Um miðjan júní barst Háskólasetri Snæfellsness og Náttúrustofu Vesturlands áreiðanleg ábending um varp snjógæsar á eyju í Breiðafirði. Var þegar ákveðið að Jón Einar Jónsson (HS) heimsótti varpstaðinn, enda rannsakaði hann snjógæsir í Louisiana, Bandaríkjunum, á árunum 2000-2005.

Snjógæs er norður-amerísk tegund og telur stofn hennar þar að minnsta kosti 6 milljónir fugla. Hefur tegundinni fjölgað mjög frá því um 1970. Snjógæsir sjást nær árlega á Íslandi, þá gjarnan stakar eða fáar í hóp með öðrum gæsategundum.

Með góðra manna hjálp heimsótti Jón Einar hreiðrið 19. júní en í því voru þá 3 egg, sem samkvæmt vatnsprófi á eggjum hafði verið orpið í kringum 13. júní. Meðallengd álegutíma villtra snjógæsa er 23 dagar, sem er nokkuð styttra en hjá t.d. grágæs og heiðagæs. Snjógæsirnar í Breiðafirði voru báðar af hvíta litarafbrigðinu, en einnig er þekkt dökkt litarafbrigði. Hátterni gæsanna bendir sterklega til þess að þær séu upprunnar úr andagarði, líkast til á Bretlandseyjum.

Þetta er a.m.k. önnur þekkt varptilraun snjógæsa hérlandis, en Ævar Petersen lýsti hinni fyrri í Náttúrufræðingnum árið 1984 (Hvítgæsir verpa á Íslandi, bls: 177-189, 3.-4. hefti, 53. árg). Þá urpu saman tveir blendingar snjógæsar og mjallegæsar. Svo skemmtilega vill til að Jón Einar er nýfluttur í Breiðafjörð og var það eitt af hans fyrstu verkum að hitta aftur sína gömlu félagu frá Ameríku.



26. júní 2007

Náttúruskoðun um Snæfellsnes

Næstkomandi laugardag, þann 30. júní, stendur Umhverfishópur Stykkishólms fyrir náttúruskoðunarferð um Snæfellsnes í samvinnu við Náttúrustofu Vesturlands og Háskólasetur Snæfellsness.

Rúta leggur af stað frá ráðhúsinu í Stykkishólmi á laugardagsmorgunn kl. 10 og ekur sem leið liggur hringinn í kringum Snæfellsnes. Á leiðinni verður stoppað við nokkrar af óteljandi náttúruperlum svæðisins og þær skoðaðar. Áhersla verður á fuglaskoðun og er þátttakendum því ráðlagt að taka með sér sjónauka og fuglaskoðunarbók. Einnig verða sérstakir fuglaskoðunarsjónaukar með í för sem allir geta kíkt í. Þátttakendum verður leiðbeint við greiningar á fuglum. Ekki er þörf á öðrum sérstökum búnaði utan viðeigandi klæðnaðar, skófatnaðar, nestis og góða skapsins. Heimkoma er áætluð á bilinu kl.19-20.

Þessi áhugaverða ferð er ÓKEYPIS en sætaframboð er takmarkað. Því skulu sæti pöntuð í s. 898 6638 eða í tölvupósti á robert@nsv.is. Allir eru velkomnir en börn skulu vera í fylgd með fullorðnum.



7. júní 2007

Rjúpum fjölga en fækkar!

Að venju tekur Náttúrustofa Vesturlands þátt í vöktun rjúpnastofnsins, sem er í umsjón Náttúrufræðistofnunar Íslands (NÍ). Náttúrustofan tók þátt í talningu á svæði NÍ á Mýrum og taldi á sínu svæði við sunnanverðan Hvammsfjörð seint í maí með hjálp starfsmanna Háskólaseturs Snæfellsness.

Fjöldi rjúpukarra fór úr 8 árið 2006 í 18 nú í vor en það er sami fjöldi karra og í hámarki sem varð árið 2004. Þessar niðurstöður nú komu nokkuð á óvart í ljósi þess að aldurshlutföll í stofninum síðasta haust bentu til áframhaldandi niðursveiflu stofnsins.

Samkvæmt upplýsingum frá Náttúrufræðistofnun Íslands <http://ni.is/frettir/nr/597> varð um fjórðungs fækkun rjúpna að meðaltali á 41 svæði á landinu öllu. Ekki eru fyrir hendi skýringar á þessu ósamræmi í stofnbreytingum en þó er þekkt að einstök talningarsvæði geta fyrir tilviljun sveiflast á annan veg en landsmeðaltalið, sem sýnir fram á mikilvægi þess að hafa mörg talningarsvæði.

6. júní 2007

Umhverfishópur fær styrk

Í gær voru í fyrsta skipti afhentir styrkir úr Umhverfissjóði Snæfellsness en sá sjóður var stofnaður til minningar um Guðlaug Bergmann, athafnamann á Hellnum og á seinni hluta ævi sinnar frumkvöðul í umhverfismálum. Stjórn sjóðsins skipa Stefán Gíslason, sem er formaður, Guðrún Bergmann og Sigríður Finsen. Úthlutað var 550.000 króna til þriggja verkefna sem talin voru stuðla að sjálfbærri þróun umhverfis- og samfélagsmála á Snæfellsnesi.

Umhverfishópur Stykkishólms, sem starfað hefur í þrjú ár og í eru um 60 félagar, fékk úthlutuðum styrk að fjárhæð 200 þúsund króna, sem nýttur verður til að styrkja starf hósins. Fram til þessa hefur hópurinn einkum stuðlað að aukinni fræðslu um umhverfismál og náttúrufræði og kemur styrkurinn sér einkar vel til þess.

Önnur verkefni sem hlutu styrk var efling umhverfisfræðslu Grundarfjarðarkirkju annars vegar, sem hlaut 200 þúsund krónur og undirbúningur sameiginlegrar jarðgerðar á Hellissandi, sem hlaut 150 þúsund króna styrk.

Á annarri myndinni má sjá Menju von Schmalensee, formann Umhverfishóps Stykkishólms taka við viðurkenningarskjali úr höndum Guðrúnar Bergmann en á hinni myndinni eru styrkþegar ásamt stjórn Umhverfissjóðs Snæfellsness.





6. júní 2007

Töskukrabbi finnst í Breiðafirði í fyrsta sinn

Þann 23. maí færði Björn Ásgeir Sumarliðason, skipverji á Hafrúnu, Náttúrustofunni torkennilegan krabba. Hann hafði komið upp með plógi sem dreginn var eftir hafsbotninum í nágrenni Hrappseyjar á Breiðafirði.

Við nánari eftirgrennslan kom í ljós að þarna var um að ræða svokallaðan töskukrabba (*Cancer pagurus*), sem enn er mjög sjaldgæfur við Ísland og hefur aldrei áður fundist í Breiðafirði, skv. Jörundi Svavarssyni, prófessor í sjávarlíffræði við Háskóla Íslands, sem um þessar mundir vinnur að rannsókn á útbreiðslu tegundarinnar hér við land.

Skjaldarbreidd þessa einstaklings var um 9 cm en fullvaxnir verða þeir allt að 30 cm breiðir og 4-6 kg, þótt sjaldan verði þeir meira en 20 cm breiðir. Töskukrabbar eru um 3 cm eins árs gamlir en verða kynþroska 5-6 ára, þá um 12 cm. Þessi krabbategund er mjög vinsæl til átu en 10 cm breiður krabbi gefur um 100 g af kjöti.



20. mai 2007

Verðlaun fyrir árangur í náttúrufræði

Fjölbrautaskóli Snæfellinga brautskráði stúdenta þann 17. maí síðastliðinn. Við það tækifæri veitti Náttúrustofa Vesturlands Áslaugu Karen Jóhannsdóttur, nýstúdent af náttúrufræðibraut, verðlaun fyrir framúrskarandi árangur í náttúrufræði. Verðlaunin voru bókin „Fuglar í náttúru Íslands“ eftir Hólmarann Guðmund Pál Ólafsson.

Náttúrustofan óskar Áslaugu Karen og öðrum þeim er brautskráðust frá Fjölbrautaskólanum þjartrar framtíðar.

Áslaug Karen Jóhannsdóttir, nemandi á náttúrufræðibraut, hlaut samtals sjö verðlaun við útskrift sína úr skólanum, þar á meðal fyrir hæstu einkunn á stúdentsprófi og fyrir bestan árangur í náttúrufræði.



Hörpudiskurinn í Breiðafirði

veiðar, þróun og framtíð

Fimmtudaginn 26. apríl klukkan 20.00 á ráðhúslöftinu

Jónas Páll Jónasson, lífrælingur, flytur erindi um hörpudisk í Breiðafirði. Í erindinu verður fjallað um stögu veiðanna og stöðustærðarþrengingar í fjöð áhrifa veiða og óneyðilegs umhverfis. Sérstök áhersla verður lögð á að reyna að skýra ósæki fröngunar stofnanna. Einnig verður fjallað um mögulegar framtíðarsmáðknir á hörpudisk og veiðkerfinu í Breiðafirði, sem geta nýst til að ná markmiðum um spæltuaker veiðar í sem bestu sattu við umhverfið.

Jónas lauk meistaraþrífnaðmi við Háskóla Íslands árið 2005 en meistaraþrífvenkelti hans þar heitði: Áhrif umhverfisþátta og veiða á afkomu hörpudisks.

Aðgangur ókeypis og allir velkomnir



Náttúrustofa Vesturlands



Háskólagættur Svalbarðs



23. apríl 2007

Hörpudiskurinn í Breiðafirði – Veiðar, þróun og framtíð

Fimmtudaginn 26. apríl, kl. 20:00 á ráðhúsloftinu mun Jónas Páll Jónasson, líffræðingur, flytja erindi um hörpudisk í Breiðafirði. Í erindinu verður fjallað um sögu veiðanna og stofnstærðarbreytingar í ljósi áhrifa veiða og breytilegs umhverfis. Sérstök áhersla verður lögð á að reyna að skýra orsakir hnignunar stofnsins. Einnig verður fjallað um mögulegar framtíðarrannsóknir á hörpudiski og vistkerfinu í Breiðafirði, sem geta nýst til að ná markmiðum um sjálfbærar veiðar í sem bestri sátt við umhverfið.

Jónas lauk meistaraþrófsnámi við Háskóla Íslands árið 2005 en meistaraþrófsverkefni hans bar heitið: Áhrif umhverfispátta og veiða á afkomu hörpudisks.

Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.



18. apríl 2007

Vel heppnaður fyrirlestur Jóns Einars

Í gærkvöldi hélt Jón Einar Jónsson, starfsmaður Háskólaseturs Snæfellsness, mjög fróðlegan og skemmtilegan fyrirlestur um snjógæsir og önnur dýr í Louisiana á ráðhúsloftinu í Stykkishólmi. Fyrirlesturinn var vel sóttur en um 30 gestir mættu. Jón Einar er nýlega kominn til starfa en hann mun stunda rannsóknir á stofnvistfræði æðarfugls.



18. apríl 2007

Vogmær finnst á Snæfellsnesi

Í gær fann Jón Ingi Hjaltalín um 1 m langa sjórekna vogmey (*Trachipterus arcticus*) skammt frá Bjarnarhöfn á norðanverðu Snæfellsnesi. Um er að ræða fremur sjaldgæfan fisk við Ísland.

Landið er við norðurmörk útbreiðslusvæðisins, sem nær yfir norðaustanvert Atlantshaf frá Íslandi til norðurhluta Afríku. Vogmærin er allsérkennileg, hávaxin, þunnvaxin og allt að 3 metrar á lengd.

Vogmeyjar hafa veiðst eða fundist sjóreknar nokkrum sinnum á síðustu mánuðum, t.d. við Húsavík í janúar, skv. frétt á vef Náttúrustofu Norðausturlands. Nánari fróðleik um vogmeyjar má finna á Vísindavefnum (<http://www.visindavefur.hi.is/svar.asp?id=3980>).



Snjógæsir og fleiri dýr

Náttúrufar í Louisiana

Þriðjudagskvöldið 17. apríl kl. 20:00

heldur **Jón Einar Jónsson**, dýravistfræðingur við Háskólasetur Snæfellsness, erindi á ráðhúslöftinu.

Jón Einar er nýkominn til starfa á Háskólasetrinu og mun einkum tást við rannsóknir á andarfugli. Hann bjó í Bandaríkjunum síðustu ár og vann þar við rannsóknir á snjógæsum. Snjógæsir í Bandaríkjunum telja um tíu milljónir og mynda gríðarstóra og tilkomumikla hópa.

Í fyrirlestrinum verður fjallað almennt um snjógæsir og sagt frá ýmsum öðrum dýrum í Louisiana, m.a. krökkóðlum, pelikónum, hegrum, öðrum, svartbjörnum og beltisdýrum.

Aðgangur ókeypis og allir velkomnir



HÁSKÓLASETUR SNÆFELLSNESS



Náttúrustofa Vesturlands

16. apríl 2007

Snjógæsir og fleiri dýr – Náttúrufar í Louisiana

Á morgun, þriðjudaginn 17. apríl kl. 20:00 heldur Jón Einar Jónsson, dýravistfræðingur við Háskólasetur Snæfellsness, erindi á ráðhúslöftinu.

Jón Einar er nýkominn til starfa á Háskólasetrinu og mun einkum fást við rannsóknir á æðarfugli. Hann bjó í Bandaríkjunum síðustu ár og vann þar við rannsóknir á snjógæsum. Snjógæsir í Bandaríkjunum telja um tíu milljónir og mynda gríðarstóra og tilkomumikla hópa. Í fyrirlestrinum verður fjallað almennt um snjógæsir og sagt frá ýmsum örðum dýrum í Louisiana, m.a. krókóldílum, pelíkönum, hegrum, otrum, svartbjörnum og beltisdýrum. Aðgangur ókeypis og allir velkomnir.



11. apríl 2007

Fjölmennt á umhverfisbíói

Í gærkvöldi og í dag hafa um 140 Hólmara og nærsveitungar séð Óskarsverðlaunamyndina „An Inconvenient Truth“ eða „Óþægilegur sannleikur“ í umhverfisbíói Náttúrustofunnar. Í gærkvöldi var opin sýning Náttúrustofunnar og Umhverfishóps Stykkishólms fyrir almenning en í dag komu sex efstu bekkir Grunnskólans í Stykkishólmi og horfðu á myndina ásamt kennurum sínum og umsjónarfólki.

Myndin fjallar um hlýnun jarðar af mannavöldum og á boðskapur myndarinnar brýnt erindi við íbúa Snæfellsness eins og aðra jarðarbúa. Í hnotskurn eru þar sett fram rök fyrir því að ef við viljum halda jörðinni byggilegri fyrir komandi kynslóðir er kominn tími til að við endurskoðum lífshætti okkar.

Starfsfólk Náttúrustofunnar er mjög ánægt með góðar móttökur umhverfisbíósins og þess má vænta að á næstu misserum standi hún fyrir fleiri sýningum á vönduðum fræðslumyndum er tengjast umhverfismálum.

Myndin var sýnd með leyfi Smáís fyrir hönd Sam mynda.

11. apríl 2007

Minkaveiðar á Snæfellsnesi og við Eyjafjörð

Náttúrustofa Vesturlands vinnur í samvinnu við Náttúrufræðistofnun Íslands að minkarannsóknnum vegna tilraunaverkefnis umhverfisráðuneytisins um svæðisbundna útrýmingu minks. Allir þeir sem veiða minka á Snæfellsnesi eða við Eyjafjörð eru hvattir til að senda inn hræ til rannsókna.

Senda skal hræin í heilu lagi og mun Náttúrustofan koma upplýsingum um veiðimenn og fjölda veiddra minka til Umhverfisstofnunar, sem sér um að greiða verðlaun fyrir hvern veiddan mink.

Stofnunin greiðir flutningskostnað ef um hann er að ræða og eru veiðimenn þá beðnir um að merkja sendinguna sem frystivöru.

Ekki er óskað eftir minkum sem veiddir eru á öðrum landsvæðum

Upplýsingar sem þurfa að fylgja minkahræi:

Dagsetning veiði

Staðsetning (helst GPS en annars nákvæm lýsing með örnefnum)

Veiðiaðferð (ef gildra, þá hvaða gerð?)

Agn (ef við á)

Ef hvolpar veiðast með móður skulu þeir vera í sama poka og hún og tilgreina skal hvort veiðimaður telji að allir hvolpar hafi náðst.

Nafn og heimilisfang veiðimanns

Minkar veiddir á Snæfellsnesi eða nágrenni (t.d. svæði sem markast af Skógarströnd norðan megin og Hítará að sunnanverðu) sendist til:

Náttúrustofa

Vesturlands

Hafnargötu

3

340 Stykkishólmur

Á Snæfellsnesi eru merktir minkar í náttúrunni. Mikilvægt er því að tilkynna Náttúrustofunni í s. 433 8121 eða 898 6638 um veiddan mink þótt honum sé ekki skilað strax svo rannsóknamenn eyði ekki tíma í að leita merktra minka sem þegar hafa veiðst. Boðið er upp á þá þjónustu að minkahræ verði sótt til veiðimanns, oftast samdægurs eða innan mjög fárra daga

Minkar veiddir við Eyjafjörð sendist til:

Veiðistjórnunarsvið

Umhverfisstofnunar

Borgum

v/Norðurslóð

600 Akureyri

UMHVERFISBÍÓ Í KVÖLD

Þriðjudagskvöldið 10. apríl klukkan 20.00 á ráðhúsloftinu



10. apríl 2007

Umhverfisbíó í kvöld

Í kvöld verður UMHVERFISBÍÓ á ráðhúsloftinu. Sýnd verður hin margverðlauna fræðslumynd „An inconvenient truth“. Sýningin hefst kl. 20:00 og er aðgangur ókeypis og allir velkomnir meðan húsrúm leyfir.

29. mars 2007

Fyrirlestraröð náttúrustofa gengur framur vonum

Á Íslandi starfa 7 náttúrustofur. Samtök náttúrustofa hafa tekið upp þá nýbreytni að standa fyrir fræðsluerindi í hádeginu síðasta miðvikudag hvers mánaðar og er honum varpað í gegnum fjarfundabúnað um land allt. Þeir staðir sem tekið hafa á móti þessum fyrirlestrum eru Reykjavík, Stykkishólmur, Ísafjörður, Sauðárkrúkur, Húsavík, Egilsstaðir, Neskaupstaður og Vestmannaeyjar.

Í gær var haldinn 3. fyrirlesturinn í þessari fyrirlestraröð en áður hafði Gunnar Þór Hallgrímsson, Náttúrustofu Reykjaness, fjallað um rannsóknir sínar á sílamáf á Suðvesturlandi og Þorsteinn Sæmundsson, Náttúrustofu Norðurlands vestra, um rannsóknir sínar á jarðfræðilegum ummerkjum snjóflóða. Í gær var svo komið að Róbert A. Stefánssyni og Menju von Schmalensee, Náttúrustofu Vesturlands, sem héldu fyrirlestur um sérstöðu og verndun Breiðafjarðar.

Þessi tilraun náttúrustofa til miðlunar fræðslu hefur gengið framar vonum þrátt fyrir fremur litla kynningu fram til þessa. Á fyrirlestur Gunnars Þórs mættu samtals 49 manns, 45 á fyrirlestur Þorsteins og 62 á fyrirlestur Róberts og Menju í gær. Þetta telst vera framúrskarandi mæting á fyrirlestra af þessu tagi. Því má bæta við að nýlega héldu Róbert og Menja hliðstæðan fyrirlestur á Ráðhúsloftinu í Stykkishólmi, þar sem um 40 gestir mættu.

Næstu erindi verða haldin 25. apríl frá Náttúrustofu Vestfjarða, 30. maí frá Náttúrustofu Norðausturlands, 26. september frá Náttúrustofu Austurlands og hringnum verður svo lokað 31. október með fyrirlestri frá Náttúrustofu Suðurlands. Fyrirlestrunum er varpað til símenntunarmiðstöðva víða um landið og eru allir velkomnir.

26. mars 2007

Sérstaða og verndun Breiðafjarðar

Miðvikudaginn 28. mars nk., kl. 12:15 til 12:45 munu Róbert A. Stefánsson og Menja von Schmalensee líffræðingar hjá Náttúrustofu Vesturlands flytja erindið „Sérstaða og verndun Breiðafjarðar“.

Erindið verður flutt í fræðsluverinu í Egilshúsi og eru allir velkomnir.

Erindið er hluti af fræðsluerindaröð sem Samtök Náttúrustofa standa fyrir og flutt eru í fjarfundarbúnaði um land allt.

28. febrúar 2007

Uppbygging rannsókna hjá VÖR

VÖR Sjávarrannsóknasetur við Breiðafjörð hlaut styrk úr Rannsóknasjóði til rannsóknarverkefnisins: „Vöktun umhverfisþátta og framvindu svifþörunga í Breiðafirði.“ Eitt af markmiðum athugunarinnar er að kanna tengsl eðlis- og efnafræðilegra þátta (meðal annars styrk næringarefna, sjávarhita, ljóss) og magns og tegundasamsetningar svifþörunga í innan- og utanverðum Breiðafirði.

Nú leitar VÖR að starfskrafti til að vinna að greiningu þörunga úr náttúruperlunni Breiðafirði. Frekari upplýsingar um störf í boði og rannsóknaráherslur má finna á heimasíðu VARAR eða með því að hafa samband við Erlu Björk Örnólfsdóttur (erla@sjavarrannsoknir.is).

www.elsevier.com/locate/bsc

Vestmannaeyjar: Rannsókn- og fræðasetur Vestmannaeyja.



SÉRSTAÐA BREIÐAFJARÐAR

Fimmtudaginn 15. febrúar kl. 20:00 á ráðhúsloftinu

mun Róbert A. Stefánsson, forstöðumaður Náttúrustofu Vesturlands, halda fyrirlestur um hið margbreytilega náttúruferi í bakgarðinum okkar og fjalla um sérstöðu þess. Hann mun einnig segja okkur frá verndarsvæði Breiðafjarðar og ræða þau tækifæri sem felast í vernduninni.

Allir velkominir
Aðgangur ókeypis



Náttúrustofa Vesturlands



13. febrúar 2007

Sérstaða Breiðafjarðar

Fimmtudaginn 15. febrúar kl. 20:00 á ráðhúsloftinu mun Róbert A. Stefánsson, forstöðumaður Náttúrustofu Vesturlands, halda fyrirlestur um hið margbreytilega náttúruferi í bakgarðinum

okkar og fjalla um sérstöðu þess. Hann mun einnig segja frá verndarsvæði Breiðafjarðar og ræða þau tækifæri sem felast í vernduninni.

Allir velkomnir og aðgangur ókeypis.

30. janúar 2007

Vel heppnað bíó hlaut skjótan endi

Umhverfisbíóið í gærkvöldi, þar sem sýndar voru tvær af náttúrufræðslumyndum Magnúsar Magnússonar, heppnaðist sérstaklega vel. Mætingin var framúrskarandi, um 45 manns, og stemningin góð.

Að lokinni sýningu seinni myndarinnar hófust umræður en þær hlutu skjótan og óvæntan endi þegar rafmagn fór af öllu Snæfellsnesi vegna bilunar í raflínu nærri Skógarnesi í Eyja- og Miklaholtshreppi. Nokkrir dvöldu þó lengur við spjall í myrkrinu.

Í ljósi þess hversu vel tókst til með sýninguna er ljóst að leikurinn verður endurtekinn fyrr eða síðar.



29. janúar 2007

Umhverfisbíó

Í kvöld verður UMHVERFISBÍÓ á ráðhúsloftinu. Sýndar verða á tjaldi tvær skemmtilegar náttúrulífsmyndir eftir Magnús Magnússon, sem nýlega gaf safn mynda sinna til Náttúrustofunnar, Háskólasetursins og Stykkishólmbæjar.

Dagskrá kvöldsins:

kl. 20:00. Sýning myndarinnar „Fuglabjörg – Sjófuglar á Íslandi“

Kl. 20:45. Stutt hlé. Kaffiveitingar

Kl. 20:55. Sýning myndarinnar „Hvert fara þeir? – Fuglamerkingar í 100 ár“

Kl. 21:25. Léttar umræður.

Aðgangur ókeypis og allir velkomnir.



26. janúar 2007

Fræðsluerindi Náttúrustofanna í fjarfundarbúnaði um land allt

Náttúrustofur eru staðsettar í öllum landshlutum. Þar starfar hópur fagfólks á hinum ýmsu fræðisviðum. Náttúrustofurnar hafa bundist samtökum sem heita Samtök Náttúrustofa og standa nú fyrir fróðlegum fræðsluerindum í fjarfundarbúnaði víðsvegar um landið.

Fræðsluerindin eru síðasta miðvikudag í hverjum mánuði, frá kl. 12:30-13:00.

Allir eru velkomnir.

Hægt er að sjá fræðsluerindin á eftirtöldum stöðum:

Reykjavík: Háskóli Íslands – Í kjallara Odda

Stykkishólmur: Egilshús

Ísafjörður: Háskólasetrið

Sauðárkrúkur: Farskólinn Norðurlandi vestra

Húsavík: Þekkingarsetur Þingeyinga

Egilsstaðir: Vonarland

Neskaupstaður: Verkmenntaskóli Austurlands

Vestmannaeyjar: Rannsókn- og fræðasetur Vestmannaeyja.

Fleiri staðir geta hugsanlega tengst ef þess er óskað.

Fyrsta fræðsluerindið verður miðvikudaginn 31. janúar nk. frá klukkan 12:30-13:00. Þá flytur Gunnar Þór Hallgrímsson doktorsnemi í líffræði hjá Náttúrustofu Reykjaness erindið: Af sílamáfum á Suðvesturlandi.

Önnur fræðsluerindi verða sem hér segir:

Þann 28. febrúar – Náttúrustofa Norðurlands vestra: Jarðfræðileg ummerki snjóflóða

Þann 28. mars – Náttúrustofa Vesturlands

Þann 25. apríl – Náttúrustofa Vestfjarða

Þann 30. maí – Náttúrustofa Norðausturlands

Þann 26. september – Náttúrustofa Austurlands

Þann 31. október – Náttúrustofa Suðurlands

Einstök erindi verða auglýst nánar þegar nær dregur.



16. janúar 2007

Vetrarfuglar á Snæfellsnesi í janúar 2007

Í janúar fór fram á Íslandi árleg talning vetrarfugla, sem skipulögð er af Náttúrufræðistofnun Íslands. Náttúrustofa Vesturlands hefur frá árinu 2001 tekið þátt í verkefninu og talið vetrarfugla við Kolgrafafjörð og Hraunsfjörð á Snæfellsnesi (frá Eiði við Kolgrafafjörð að nyrðri brú yfir Hraunsfjörð).

Samtals sáust 19 tegundir samanborið við 14-21 tegund hin árin en aldrei fyrr hafa sést eins margir fuglar á svæðinu eða 2.566. Fyrir utan heildarfjölda fugla skar þetta ár sig helst úr að því leyti að nú voru æðarfugl og hávella algengari en áður og ekki hafa sést fleiri stokkendur síðan 2001, tjaldar voru óvenjulega margir (dálítið fleiri árið 2003), svartbakar voru fleiri en áður en teistur sáust ekki núna frekar en árin 2002 og 2003. Æðarkóngur sást nú í fyrsta skipti á svæðinu í vetrarfuglatalningu. Að öðru leyti voru niðurstöðurnar svipaðar fyrri árum.

Einn æðarkóngur sást í Kolgrafafirði. Hann er skyldur æðarfugli en hefur norðlægari útbreiðslu. Hann sést árlega á Íslandi en verpur hér sjaldan.



12. janúar 2007

Náttúrustofan, Háskólasetrið og Stykkishólmsbær fá veglega gjöf

Skömmu fyrir jól kom kvikmyndagerðarmaðurinn Magnús Magnússon færandi hendi í Stykkishólm og gaf Náttúrustofu Vesturlands, Háskólasetri Snæfellsness og Stykkishólmsbæ afnot af ævistarfi sínu. Um er að ræða 16 DVD diska með meira en 13 klukkustunda efni um náttúru Íslands. Gjöfin er blanda af náttúrulífsmyndum og þáttum sem sýndir hafa verið í sjónvarpi og sumar einnig í kvikmyndahúsum. Þar má nefna kvikmyndirnar „Hinn helgi örn“, „Fuglabjörg – sjófuglar á Íslandi“ og „Hvert fara þeir? Fuglamerkingar í 100 ár“ og þáttaraðirnar „Náttúra Íslands – Friðlýst svæði og náttúruminjar“ og „Náttúra Íslands – Fuglar“.

Gjöfin er ákaflega vegleg, þar sem áður nefndir aðilar fá um leið sýningarétt á mynddiskunum. Náttúrustofan og Háskólasetrið munu standa fyrir sýningum myndanna fyrir almenning og verða þær auglýstar síðar. Sjálfsagt er að stofnanir bæjarins fái diskana að láni til kennslu eða sýninga á sinni stofnun, en Náttúrustofan mun sjá um varðveislu og útlán.

Þess má geta að Náttúrustofan, Háskólasetrið og Magnús Magnússon vinna nú að handritsgerð og fjármögnun nýrrar kvikmyndar um náttúru Vesturlands með áherslu á Breiðafjörð og Snæfellsnes. Starfsmenn náttúrustofunnar hafa áður unnið að myndinni „Minkur í náttúru Íslands“ með Magnúsi.



4. desember 2006

Fyrirlestur um íslenska mófugla

Á morgun, sale þriðjudaginn 5. desember, kl. 20:00 á ráðhúsloftinu, mun Tómas G. Gunnarsson, fuglafræðingur og forstöðumaður Háskólastráti 1, Snæfellsness, segja okkur frá íslenskum mófuglum.

Í fyrirlestrinum, sem verður skreyttur ljósmyndum Daníels Bergmann, verður fjallað almennt um íslenska mófugla, líffræði þeirra, sérstöðu Íslands og náttúruvernd.

Fyrirlesturinn er í boði Umhverfishóps Stykkishólms, Náttúrustofu Vesturlands og Háskólastráti 1, Snæfellsness.

Allir velkomnir og aðgangur ókeypis.

Þriðjudagskvöldið 21. nóvember klukkan 20.00 á ráðhúsloftinu, Hafnargötu 3 verður opin kynning á starfsemi og rannsóknum Náttúrustofunnar og Háskólasetursins.

Forstöðumennirnir Róbert A. Stefánsson og Tómas G. Gunnarsson flytja erindi um starfsemi þessara tveggja rannsóknastofnana og segja frá rannsóknum þeirra og nokkrum niðurstöðum fram til þessa. Að fyrirlestrum loknum verður farið með gesti um húsnæði stofnananna og rannsóknastofur skoðaðar.

Þessi upptákoma er einstakt tækifæri fyrir alla sem hafa áhuga á að kynna sér hvaða fræðastörf fara fram í ráðhúsi bæjarins.

Allir velkomnir og aðgangur ókeypis

11. október 2006

Líf og fjör á Náttúrustofunni

Um þessar mundir vinna 10 starfsmenn á Náttúrustofu Vesturlands í u.þ.b. 9 stöðugildum eða fleiri en nokkru sinni fyrr. Fimm starfsmenn hafa að jafnaði starfað á Náttúrustofunni undanfarin ár í fjórum stöðugildum en síðla sumars voru ráðnir fimm til viðbótar í tímabundin störf í tengslum við tvö rannsóknarverkefni um mink. Annars vegar eru rannsóknir vegna fyrirhugaðs tilraunaverkefnis umhverfisráðuneytisins um útrýmingu minks á Snæfellsnesi, sem hefst vorið 2007, en hins vegar eru rannsóknir til að meta áhrif þverunar Kolgrafafjarðar á þéttleika og landnotkun minks á svæðinu.

Í næstu viku er fyrirhugað að kynna starfsemi Náttúrustofu Vesturlands á opnum fundi Umhverfishóps Stykkishólms í ráðhúsi Stykkishólmsbæjar. Kynningin verður auglýst nánar síðar en aðgangur er ókeypis og eru allir velkomnir.

6. október 2006

Vetrarstarf Umhverfishóps Stykkishólms

Fyrir skömmu var haldinn félagsfundur Umhverfishóps Stykkishólms, þar sem lögð voru drög að vetrarstarfi hópsins. Áhugi var meðal félaga á því að halda uppteknum hætti er varðar opna fræðslufyrirlestra og komu fram ýmsar óskir og hugmyndir um efni s.s. um moltugerð, rannsóknir á svæðinu á vegum Náttúrustofu Vesturlands og Háskólaseturs Snæfellsness, fugla og leirur á Vesturlandi og hreindýr á Íslandi. Umhverfishópurinn mun í vetur einnig standa fyrir umhverfisbíói þar sem sýndar verða valdar fræðslumyndir um umhverfismál og standa fyrir fuglaskoðunarferð næsta vor. Eins og áður verður nán samvinna við Náttúrustofu Vesturlands um viðburði á vegum félagsins. Að gefnu tilefni skal tekið fram að félagið er öllum opið og aðild að því er án skuldbindingar og félagsgjalda. Viðburðir á vegum hópsins verða auglýstir nánar þegar að þeim kemur en þeir eru öllum opnir.

28. ágúst 2006

Höfrungur strandar við Stykkishólm

Mánudaginn 21. ágúst kom Valgerður Laufey Guðmundsdóttir auga á strandaðan höfrung við Móvík austan Stykkishólms og tilkynnti það áhaldahúsinu. Bogi og Hermann brugðu sér á staðinn og kölluðu Náttúrustofuna sömuleiðis út. Um var að ræða u.þ.b. 180 cm langan hnýðingstarf en hnýðingar eru algengastir höfrunga við Ísland. Honum var komið á flot en fljótlega varð ljóst að hann gekk ekki heill til skógar því hann átti í öndunarerfiðleikum og leitaði ávallt upp á land á ný. Að lokum var því brugðið á það örprifarad að aflífa dýrið.

Náttúrustofan mældi höfrunginn, krufði og tók úr honum sýni sem send verða til rannsókna á Hafrannsóknastofnuninni og Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum. Þekkt er meðal margra hvalategunda að synda á land en það er talið sjaldgæft meðal hnýðinga.

Ljósmyndir: Róbert A. Stefánsson







11. júlí 2006

Starfsfólk óskast

Líffræðingar og aðstoðarmenn við minkarannsóknir

Náttúrustofa Vesturlands í Stykkishólmi óskar eftir að ráða starfsfólk í fimm 100% stöður:

Líffræðingar/náttúrufræðingar (B.S. eða meiri menntun). Tvær stöður til rannsókna á villtum minkum. Starfið felst einkum í veiðum á minkum í lífgildrum, radíómerkingum, athugunum á afdrifum merktra minka og úrvinnslu rannsóknagagna. Önnur staðan mun einnig fela í sér athuganir á minkahræjum. Reynsla af rannsóknavinnu og/eða veiðum er æskileg.

Aðstoðarmenn við vettvangsrannsóknir. Þrjár þriggja til fjögurra mánaða tímabundnar stöður aðstoðarmanna við minkarannsóknir á Snæfellsnesi. Starfið felst að mestu í lagningu og vitjun um minkalífsgildir og merkingum á villtum minkum. Líffræðimenntun og/eða reynsla af minkum og/eða veiðum er æskileg en ekki nauðsynleg.

Umsækjendur verða að geta hafið störf sem allra fyrst.

Umsóknir ásamt upplýsingum um náms- og/eða starfsferil skulu hafa borist til Náttúrustofu Vesturlands eigi síðar en 20. júlí næstkomandi. Umsóknir má senda bréfleiðis á Náttúrustofu Vesturlands, Hafnargötu 3, 340 Stykkishólmi eða í tölvupósti á ansv@nsv.is.

Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofutíma í s. 433 8121. Hægt er að nálgast upplýsingar um starfsemi Náttúrustofu Vesturlands á www.nsv.is.





29. júní 2006

Vatnamýs á Snæfellsnesi

Nýverið fann Sigurborg Sturludóttir, grunnskólakennari í Stykkishólmi, furðulegar “mosakúlur” við bakka Hraunsfjarðarvatns á Snæfellsnesi, sem hún færði Náttúrustofunni til greiningar. Þar sem ekki er starfandi grasa- eða mosafræðingur á Náttúrustofu Vesturlands var ein kúla send til Harðar Kristinssonar, grasafræðings á Akureyrarsetri Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Í ljós kom að um var að ræða svokallaða vatnamús, sem myndast hefur úr lifandi mosa, sennilega fyrir tilstilli strauma og öldugangs í vatninu

Kúlulaga fyrirbrigði í vötnum hafa almennt verið flokkuð í þrennt: 1) kúluskítur eins og í Mývatni og Akanvatni í Japan, 2) áðurnefndar vatnamýs úr dauðum lífrænum efnum og 3) vatnamýs úr lifandi mosa eða þörungum. Fram kemur í grein Ævars Petersen um vatnamýs í Náttúrufræðingnum (58. tölublað bls. 31): „Af þessum þremur hópum eru þessar [síðastnefndu] myndanir langsjaldaðgæfastar og virðast ekki hafa fundist hérlandis.”

Hér gæti því verið um að ræða fyrsta eintakið sem fundist hefur af þessu fyrirbæri á Íslandi, hvorki meira né minna.

Starfsfólk náttúrustofunnar fór ásamt Sigurborgu á vettvang í fyrradag til að gera frekari athuganir við fundarstaðinn við Hraunsfjarðarvatn. Þar beið þeirra óskemmtileg sjón því

myndunarstaður vatnamúsanna er nú kominn í bólakaf í vatnið. Vatninu (sem er á Náttúruminjaskrá) var nýverið breytt í miðlunarlón fyrir Múlavirkjun en það hefur í för með sér miklar sveiflur á yfirborði þess.

Tvær kúlur sem Sigurborg safnaði eru því allt sem eftir er af myndarlegri vatnamúsabreiðu, en að sögn hennar voru 10-20 kúlur á staðnum áður en honum var sökk. Önnur kúlan er á leiðinni til Bergþórs Jóhannssonar til frekari rannsókna en hin er til sýnis á Náttúrustofunni.



29. júní 2006

Aðmírall í Stykkishólmi

Á undanförunum vikum hefur sést mikill fjöldi fiðrilda af erlendum uppruna á Íslandi, sérstaklega á austan- og sunnanverðu landinu. Miðvikudaginn 28. júní fann Ólafía Gestsdóttir lifandi aðmíralsfiðrildi (Vanessa atalanta) í stofunni hjá sér í Árnatúni í Stykkishólmi en fiðrildið hefur væntanlega villst inn um glugga.

Vestlendingar, lítið í garðinn ykkar eftir litríkum fiðrildum! Við tókum gjarnan við tilkynningum um þau.



29. júní 2006

Refagreni í Þjóðgarði

Náttúrustofa Vesturlands hefur nú lokið árlegri athugun á fjölda refagrenja í ábúð í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli en heimsótt eru öll þekkt refagreni á svæðinu. Í ár eru þrjú grenjanna í ábúð. Samkvæmt gögnum frá veiðimanni svæðisins, Leifi Ágústssyni, sem ná frá

1989-2001 og vöktun Náttúrustofunnar síðan þá hafa eitt til fimm greni verið í ábúð árlega; að meðaltali um 3 greni á ári. Árið 2001 var síðast leyft að veiða refi í þjóðgarðinum.

Ljósmynd: Róbert A. Stefánsson

28. júní 2006

Hún á afmæli í dag...

Í dag, 28. júní, eru fimm ár liðin síðan þáverandi umhverfisráðherra, Siv Friðleifsdóttir, opnaði formlega Náttúrustofu Vesturlands við hátíðlega athöfn á ráðhúsloftinu í Stykkishólmi. Fjöldi fólks var viðstatt þessa skemmtilegu athöfn í frábæru veðri eins og í dag. Þar á meðal voru ráðherrar, alþingismenn, sveitarstjórnarmenn, fræðimenn, starfsfólk ráðhússins o.fl.

Jákvæðnin sem þá lá í loftinu hefur sem betur fer loðað við starfsemina, sem hefur verið fjölbreytt og kraftmikil. Við stefnum að sjálfsögðu á að svo verði áfram.



21. júní 2006


Glókollurinn hefur ekki náð sér aftur

Nú í vor voru 43 skógræktarreitir á Vesturlandi heimsóttir fjórða árið í röð til að kanna útbreiðslu glókolls. Engin breyting virðist hafa orðið frá fyrra ári því glókolls varð aðeins vart á tveim svæðum, í Hvammsskógi í Skorradal og í Vatnaskógi.

Náttúrustofa Vesturlands hefur frá árinu 2003 kannað útbreiðslu glókolls (*Regulus regulus*) á Vesturlandi að vorlagi. Glókollur er minnsti fugl Evrópu og nýlegur landnemi í íslenskum skógum, sem helst lifir á sitkalús. Árið 2003 fannst glókollur í 9 skógræktarreitum á Vesturlandi en ári síðar hafði glókollum greinilega fjölgað og fundust á 20 stöðum af 43 sem leitað var á. Veturinn 2004-5 varð hins vegar hrún í stofninum því glókollar fundust aðeins á tveim stöðum vorið 2005 og 2006. Líkleg orsök stofnhrunsins er talin vera fæðuskortur.

Rannsókn Náttúrustofunnar er eina kerfisbundna úttektin á útbreiðslu glókolls í heilum landshluta á Íslandi.


Ljósmynd: Daníel Bergmann



7. júní 2006

Bæklingur um fuglalíf Breiðafjarðar kominn út

Breiðafjarðarnefnd hefur gefið út glæsilegan bækling um fuglalíf á Breiðafirði. Textagerð og hönnun var í höndum starfsfólks Náttúrustofu Vesturlands en flestar ljósmyndir voru teknar af þeim hæfu náttúruljósmyndurum Daníel Bergmann og Jóhanni Óla Hilmarssyni. Áhugasömum er bent á að nálgast má bæklinginn hjá ferðapjónustuaðilum á Vesturlandi, Náttúrustofu Vesturlands og á heimasíðu Breiðafjarðarnefndar www.breidafjordur.is.



7. júní 2006

Rjúpum fækkar

Náttúrustofa Vesturlands hefur í samvinnu við áhugamenn fylgst með fjölda rjúpna að vorlagi á talningarsvæði við sunnanverðan Hvammsfjörð frá árinu 2001. Fjöldi karra að vorlagi er góður mælikvarði á þéttleika rjúpna en þá eru þeir áberandi, bæði í útliti og háttum. Samkvæmt nýlegri talningu voru 8 karrar á svæðinu sem talið var, sem er nokkur fækkun frá fyrra ári eins og sjá má á meðfylgjandi línuriti. Rjúpnaveiðar voru aftur leyfðar haustið 2005 eftir friðun árin 2003 og 2004.

Graf: Niðurstöður rjúpnatalninga á talningarsvæði Náttúrustofu Vesturlands við sunnanverðan Hvammsfjörð árin 2001-2006.



12. maí 2006

Háskólasetur Snæfellsness tekur til starfa

Háskólasetur Snæfellsness hefur hafið starfsemi sína, en aðsetur þess er á jarðhæð ráðhússins í Stykkishólmi.

Tómas G. Gunnarsson dýrafræðingur var ráðinn forstöðumaður í lok mars og er hann fluttur í Stykkishólm ásamt fjölskyldu. Hann lauk BS prófi í líffræði frá Háskóla Íslands 1997, MS prófi í dýravistfræði frá sama skóla árið 2000 og doktorsprófi í stofnvistfræði frá University of East Anglia í Bretlandi 2004. Tómas hefur einkum fengist við rannsóknir á fuglastofnum. Hann hefur gegnt rannsóknastöðu við University of East Anglia frá 2004 og hefur einnig sinnt stundakennslu við Háskóla Íslands. Tómas er kvæntur Lindu Rós Sigurbjörnsdóttur sjúkraþjálfara og eiga þau synina Bjart og Gunnar.

Háskólasetur Snæfellsness er sjálfstætt starfandi rannsóknasetur Háskóla Íslands, sem einkum er ætlað er að stunda og efla rannsókna- og fræðastarf á svæðinu. Lögð verður áhersla á rannsóknir á náttúru Snæfellsness og Breiðafjarðar í samvinnu við aðrar rannsóknastofnanir og háskóla. Þá mun Háskólasetrið vinna að því að efla tengsl Háskóla Íslands og annarra

rannsóknastofnana við atvinnu- og þjóðlíf á Snæfellsnesi. Setrið mun vinna náið með Náttúrustofu Vesturlands.

Rannsóknir á vegum Háskólasets Snæfellsness eru þegar hafnar. Um er að ræða rannsóknir á vistfræði vaðfuglastofna og tilvist þeirra í fjörum en mikilvægi Breiðafjarðar fyrir vaðfugla á vorfari er á heimsmaelikvarða. Vonir standa til að rannsóknir á öðrum þáttum lífríkis á svæðinu geti einnig hafist á þessu ári. Frekari uppbygging og stefnumótun Háskólasetsins verður ofarlega á verkefnaskrá á næstu misserum.

Háskólasetur Snæfellsness verður kynnt íbúum svæðisins á opnum fundi síðar í maí. Hann verður auglýstur nánar þegar þar að kemur.

11. maí 2006

Starfsemi Umhverfishóps Stykkishólms

Nú hefur Umhverfishópur Stykkishólms verið starfræktur í tvö ár með góðum árangri en þegar þetta er skrifað eru skráðir félagar 58 talsins. Þar sem nýtt starfsár er að taka við finnst mér við hæfi að líta um öxl og gefa ykkur smá yfirlit um það sem fram hefur farið á vegum hópsins á nýliðnu starfsári.

Stjórn hópsins var ásamt undirritaðri skipuð þeim Lárusi Á. Hannessyni (varaformaður), Sigríði Elísabet Elisdóttur (gjaldkeri) og Róberti Arnari Stefánssyni (ritari), en stjórnin var öll endurkjörin á aðalfundinum nú í apríl. Í vetur var áhersla lögð á fræðslu og stóð hópurinn fyrir nokkrum áhugaverðum fyrirlestrum, öllum í samstarfi við Náttúrustofu Vesturlands. Má nefna erindi þeirra Bryndísa Þórisdóttur um Vistvernd í verki, Ólafs Karls Nielsens um rjúpu, Menju von Schmalensee um lífrænt ræktaðar afurðir, Stefáns Gíslasonar um orkusparnað á heimilum og Daníels Bergmanns um garðfugla. Fyrirlestrar voru yfirleitt mjög vel sóttir og mæting á bilinu 16 til 27 manns.

Tvær ferðir voru farnar á starfsárinu, annars vegar fuglaskoðunarferð um Snæfellsnes í samvinnu við Náttúrustofuna, en hins vegar vettvangsferð að virkjunarsvæði Múlavirkjunar. Báðar ferðir heppnuðust framar vonum og mun hópurinn tvímælalaust efna til fleiri slíkra ferða í framtíðinni.

Umhverfishópurinn beitti sér einnig með pistlaskrifum fyrir því að fjölga safntunnum í bænum í góðu samstarfi við bæjaryfirvöld og fyrir því að hér yrði komið af stað verkefninu "Vistvernd í verki", sem þrjú stærstu sveitarfélögin á Snæfellsnesi eru nú þátttakendur í.

Flestir félagar hópsins eru á tölvupóstlista þar sem sendar eru út tilkynningar um áhugaverða viðburði og önnur mál tengd umhverfismálum. Meðal efnis sem dreift var á síðasta starfsári var hvatning til að skoða umhverfismál og fyrirtækja, fróðleik um gróðurhúsaáhrif, árlegum lista Birdlife International um fugla í útrýmingarhættu, upplýsingum um tölvuleik um umhverfismál og skil á eggjabökkum svo eitthvað sé nefnt.

Hópurinn er opinn öllum sem vilja láta sig umhverfið varða og ekki eru nein félagsgjöld. Allir viðburðir á vegum hópsins hafa verið án endurgjalds og standa vonir til að svo geti verið áfram. Þeir sem hafa áhuga á að ganga í hópinn og/eða komast á útsendingarlistann geta haft samband við undirritaða á menja@nsv.is eða í síma 433 8121 og 898 6638 á Náttúrustofu Vesturlands.

Menja

von

Schmalensee,

formaður Umhverfishóps Stykkishólms



9. maí 2006

Minkarannsóknir Náttúrustofunnar kynntar í Skotlandi

Í síðustu viku sótti forstöðumaður Náttúrustofu Vesturlands ráðstefnu um minka á Suðureyjum, sem er um 3.000 km² eyjaklasi við vesturströnd Skotlands. Forstöðumanni var boðið á ráðstefnuna til að kynna nýlegar rannsóknir Náttúrustofunnar á mink á Snæfellsnesi og vakti kynningintalsverða athygli. Sérstaklega þótti mönnum athyglisvert að sjá að verðlaunakerfi eins og notað hefur verið við minkaveiðar á Íslandi virðist ekki hafa haft umtalsverð neikvæð áhrif á stærð minkastofnsins. Slík kerfi eru ekki notuð við stjórnun minkaveiða annars staðar í Evrópu.

Ráðstefnan var á vegum verkefnisstjórnar átaks um útrýmingu minks á Suðureyjum (Hebridean Mink Project) en þar er minkur talinn hafa valdið talsverðu tjóni á sjófuglabyggðum. Nýlokið er fyrri áfanga útrýmingarherferðar sem hófst haustið 2001 og kostaði um 220 milljónir íslenskra króna. Hún hefur skilað þeim árangri að tekist hefur að útrýma mink á suðurhluta eyjaklasans eða um þriðjungum flatarmáls eyjanna. Minkur er enn algengur á stærstu eyjunni, Isle of Lewis and Harris. Áætlað er að útrýming minks á öllum eyjaklasanum kosti um 550 milljónir króna. Ekki eru nein önnur dæmi annars staðar í heiminum um markvissa útrýmingarherferð á mink. Íslendingar gætu því mögulega lært mikið af Skotunum ef reynd verður allsherjar útrýming minks á Íslandi.

5. apríl 2006

Aðalfundur Umhverfishóps Stykkishólms

Aðalfundur Umhverfishóps Stykkishólms verður haldinn MÁNUDAGINN 10. apríl kl. 20.00 á ráðhúsloftinu.

Dagskrá fundarins:

- | | | | | |
|----|------------|------------|------------|---------------|
| 1) | | Ársskýrsla | | formanns. |
| 2) | | Samþykkt | nýrra | félaga. |
| 3) | Tillögur | um | breytingar | á samþykktum. |
| 4) | | | Kosning | stjórnar. |
| 5) | Önnur mál. | | | |

Léttar veitingar í fljótandi og föstu formi verða á boðstólum í boði Náttúrustofu Vesturlands. Aðalfundurinn í fyrra var einstaklega vel heppnaður og skemmtilegur eins og mörgum er eflaust í fersku minni og er það von stjórnar að þessi aðalfundur gefi ekkert eftir. Til að geta áætlað magn veitinga eru þeir sem hafa hug á að mæta beðnir um að senda tilkynningu til Menju á menja@nsv.is.

Gestir eru velkomnir en hafa ekki kosningarétt nema þeir gangi fyrst í félagið og þurfa þá að hafa gert það fyrir aðalfundinn (með því að hafa samband við Menju).

7. mars 2006

Einn af hverjum fjórum minkum veiðast

Á Snæfellsnesi voru að jafnaði um 800 minkar haustin 2001 og 2002. Þetta eru niðurstöður rannsókna Náttúrustofu Vesturlands í Stykkishólmi en stofnunin hefur í samvinnu við Háskóla Íslands og veiðistjórnunarsvið Umhverfisstofnunar staðið fyrir minkarannsóknum síðustu árin með það að markmiði að finna út heildarstærð íslenska minkastofnsins. Mat á stærð minkastofnsins á Snæfellsnesi er mikilvægur áfangi að því lokatakmarki en með þessum upplýsingum er í fyrsta sinn hægt að reikna út veiðiálag á tilteknu svæði. Á Snæfellsnesi var veiðiálag á mink um 25% árin 2002 og 2003. Athyglisvert er að þetta veiðiálag er á svipuðu róli og miðað er við þegar nýta á stofna fugla og spendýra á sjálfbæran hátt. Þessar vísbendingar ásamt því að fjöldi veiddra minka hér á landi hefur vaxið nær samfelld frá því veiðar hófust, benda til að veiðiálagið á íslenska minkastofninum sé ekki nægilega mikið til að hafa neikvæð áhrif á stærð heildarstofnsins milli ára, þótt veiðin hafi vissulega oft staðbundin og tímabundin áhrif til verndunar lífríkis. Niðurstöðurnar voru kynntar á alþjóðlegri vísindaráðstefnu um veiðar á villtum fuglum og spendýrum, sem haldin var í Danmörku í síðustu viku.

Stofnstærðarmatið byggir á veiðum og endurheimtum og hófst með prófun á aðferðafræðinni í Skagafirði haustið 2000. Haustin 2001 og 2002 voru síðan veiddir í lífgildir og merktir samtals 168 minkar á Snæfellsnesi til að meta stærð stofnsins þar. Endurheimtur voru með hefðbundnum minkaveiðum og var góð samvinna við veiðimenn á svæðinu nauðsynleg til þess að vel tækist til. Talið er líklegast að nú hafi allar endurheimtur skilað sér. Um merkilegan áfanga er að ræða því aldrei áður hefur tekist að meta stærð minkastofns á tilteknu landssvæði með vísindalegum aðferðum, hvorki hér á landi né erlendis, enda þykir tegundin sérstaklega erfið viðureignar til stofnstærðarmælingar.

Kostnaður ríkis og sveitarfélaga við minkaveiðar árið 2005 nam um 45 milljónum en um einum milljarði króna hefur verið varið til minkaveiða frá því að byrjað var að greiða fyrir veidda minka árið 1939.

Róbert Arnar Stefánsson og Menja von Schmalensee, líffræðingar, vinna bæði að minkarannsóknum í samvinnu við Pál Hersteinsson, prófessor við Háskóla Íslands. Þau starfa nú á Náttúrustofu Vesturlands en hófu minkarannsóknir sínar árin 1996 og 1997, fyrst sem hluti rannsóknaverkefna til meistaraþrófs við Háskóla Íslands, en nú sem hluti af rannsóknaverkefnum til doktorsþrófs við sama skóla. Rannsóknir þeirra miðast m.a. við að afla upplýsinga um og smíða líkan af minkastofninum þannig að unnt verði að skilja betur þá þætti sem stjórna stærð hans. Skort hefur upplýsingar um ýmsa þætti sem nauðsynlegt er að hafa þekkingu á til að geta stjórnað dýrastofni með markvissum hætti, s.s. stofnstærð, náttúruleg afföll og veiðiálag. Í áframhaldandi rannsóknum Náttúrustofunnar verða m.a. samþættaðar upplýsingar um staðbundna stofnstærð minka og erfðasamsetningu, aldursdreifingu, frjósemi og mökunarkerfi minksins til að reikna út stærð minkastofnsins á landsvísi og gera líkan af honum, sem m.a. má nota til veiðistjórnunar.

Auk rannsókna á mink stundar Náttúrustofa Vesturlands m.a. rannsóknir á þáttum sem gætu haft áhrif á viðkomu arnarstofnsins í samstarfi við Náttúrufræðistofnun Íslands og Háskóla Íslands, rannsóknir á útbreiðslu glókolls á Vesturlandi og vöktun á refum í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli. Þar að auki sinnir stofnunin umhverfismálum og fræðslu svo eitthvað sé nefnt.

7. mars 2006

Garðfuglar

Á morgun, miðvikudaginn 8. mars, verður haldinn fyrirlestur í boði Náttúrustofu Vesturlands og Umhverfishóps Stykkishólms. Fyrirlesturinn verður haldinn á ráðhúsloftinu og hefst kl. 20:00.

Daníel Bergmann, ljósmyndari, fuglaáhugamaður og stjórnarmaður í Fuglavernd, fjallar um fuglalíf í görðum landsmanna, sérstaklega um þá fugla sem sjást í görðum að haust- og vetrarlagi. Fjallað verður um möguleika fuglanna til að þrauka veturinn og hvernig fóðrun fuglavina hefur áhrif á það.

Daníel mun sýna glæsilegar myndir af fuglum en hann hefur á síðustu árum getið sér gott orð fyrir framúrskarandi náttúru ljósmyndir og hefur m.a. gefið út þrjár ljósmyndabækur um náttúru landsins, auk þess sem myndir hans hafa birst í innlendum og erlendum tímaritum.

Fuglavernd hefur nýlega gefið út bækling um garðfugla og umönnun þeirra og verður honum dreift ókeypis til áhorfenda.

6. mars 2006

Glókollar bíða afhroð

Í vetrarfuglatalningu sem fram fór í janúar 2006 á vegum Náttúrufræði-stofnunar sást aðeins einn glókollur (*Regulus regulus*). Sá var á Tumastöðum í Fljótshlíð en árið áður fundust í vetrarfuglatalningu 17 glókollar, 107 árið 2003 og 127 árið 2002. Vísbendingar um að ekki væri allt með felldu með stofninn sunnanlands og vestan komu þegar fram um áramótin 2004/2005 og grunur manna var rækilega staðfestur vorið 2005 í talningum Náttúrustofu Vesturlands og í Skógvistarrannsóknum Náttúrufræðistofnunar í Skorradal.



Orkusparnaður á heimilum

MIÐVIKUDAGINN 22. febrúar, kl. 20.00 á ráðhúsloftinu

mun **Stefán Gíslason**, umhverfisstjórnunarfræðingur hjá ÖnnorEco/UMÍS og verkefisstjóri Stafræðisgerðir 20 á Eilandi koma til Dýkkishóla og fræða okkur um orkusparnað á heimilum.

Rætt verður um raforkunotkun í heimahúsum út frá umhverfislegu, en þó einkum fjárhagslegu sjónarmiði. Sjálfur verður skýrskillegi bærir að sannaðuðri "stand-by" notkun (hvíldarhamanotkun) og eitthvert til að leita að raforkugjöfnum meindyrna. Mælingar sýna að með því að huga að þessum þáttum má ná fram til þess að minnstaðis 10% raforkusparnaði á venjulegu heimili. Einnig verður rætt um umhverfismerkingar og orkumerkingar heimilistækja, stuðul á kaupverð og líftímaverð á v. l.

Fyrirlesturinn er í boði heilmánustofa Vesturlands og Umhverfisskóla Dýkkishóla.

Aðgangur ÓKEYPIS og allir velkomnir!

21. febrúar 2006

Orkusparnaður á heimilum

Á morgun, miðvikudaginn 22. febrúar, mun Stefán Gíslason, umhverfisstjórnunarfræðingur, UMÍS, halda fyrirlestur um raforkunotkun í heimahúsum út frá umhverfislegu, en þó einkum fjárhagslegu sjónarmiði. Mælingar sýna að með því að huga að þessum þáttum má ná fram umtalsverðum sparnaði á venjulegu heimili. Einnig verður rætt um umhverfismerkingar og orkumerkingar heimilistækja, kaupverð og líftímaverð.

Fyrirlesturinn verður haldinn á ráðhúsloftinu, kl. 20.00 og eru allir velkomnir.



14. febrúar 2006

Háskólasetur Snæfellsness stofnað

Síðastliðinn fimmtudag var haldinn stofnfundur stjórnar Háskólaseturs Snæfellsness.

Háskólasetur Snæfellsness er fræðasetur Háskóla Íslands á Snæfellsnesi. Það er staðsett í Stykkishólmi og er fyrst og fremst rannsóknasetur með áherslu á náttúrurannsóknir á Snæfellsnesi og Breiðafirði, enda er náttúran þar með eindæmum fjölbreytt og rannsóknatækifæri óþrjótandi.

Fyrst um sinn verður um eitt stöðugildi að ræða en vonir standa til að þeim muni fjölga hratt, ekki síst með aðkomu háskólanema í framhaldsnámi í náttúrufræðum. Er hér um að ræða spennandi tækifæri til uppbyggingar á þekkingu og til að auka fjölbreytni í atvinnu og menntun á svæðinu.

Tilkoma setursins á sér nokkra forsögu en segja má að hugmyndin hafi formlega tekið að þróast eftir að starfsmenn Náttúrustofu Vesturlands fóru á fund forstöðumanns Stofnunar fræðasetra Háskóla Íslands í nóvember 2003 með tillögu um að Háskólinn kæmi á fót rannsóknasetri í náinni samvinnu við Náttúrustofuna. Fulltrúar Háskólans voru strax jákvæðir, einkum vegna þess að með þessu móti væri ekki stofnuð ný einmenningsstofnun, heldur gæti starfsmaður setursins strax gengið inn í þá starfsemi og aðstöðu sem fyrir væri á Náttúrustofu Vesturlands. Þá skipti einnig máli að ekkert annað setur Háskólans var fyrir á Vesturlandi en Háskólinn vill gjarnan þjónusta alla landsbyggðina.

Fjármagn til stofnunar setursins var tryggt með framlagi ríkisins á fjárlögum ársins 2006, en auk þess leggur Stykkishólmsbær til fræðimannaíbúð fyrir gestafræðimenn og aðstöðu í ráðhúsi Stykkishólms og Náttúrustofa Vesturlands leggur m.a. til aðstöðu á rannsóknastofum. Í fyrstu stjórn Háskólaseturs Snæfellsness sitja sex fulltrúar, þar af eru þrír tilnefndir af Háskóla Íslands. Formaður er Rögnvaldur Ólafsson, dósent í eðlisfræði og forstöðumaður Stofnunar fræðasetra Háskóla Íslands en ásamt honum eru þeir Jörundur Svavarsson, prófessor í sjávarlíffræði og Arnþór Garðarsson, prófessor í dýrafræði, fulltrúar Háskólans. Fulltrúi Stykkishólmsbæjar er Magnús I. Bæringsson, sjávarútvegsfræðingur, en Menja von

Schmalensee, líffræðingur, er fulltrúi Náttúrustofu Vesturlands. Leitað hefur verið til Héraðsnefndar Snæfellinga um að hún tilnefni sjötta fulltrúann í stjórnina.

Nú þegar hefur verið auglýst eftir forstöðumanni og verður áhugavert að fylgjast með framgangi mála en að öllum líkindum hefjast rannsóknir á vegum setursins strax í vor.



1. febrúar 2006

Gæfur smyrill

Náttúrustofunni barst í dag tilkynning frá starfsfólki verslunar Skipavíkur í Stykkishólmi um að óvenjulega gæfur smyrill sæti þar á bílhúddi og hrærði sig hvergi. Ljósmyndari Náttúrustofunnar vatt sér á staðinn og náði meðfylgjandi myndum af fuglinum. Hægt var að ganga næstum alveg að honum en hann lét þó ekki handsama sig. Um er að ræða ungfugl og benti atferlið sterklega til þess að hann væri eitthvað slappur. Engin ytri merki voru þó um áverka og ekki var hann grútarblautur. Flestir smyrlar eru farfuglar en einstaka fugl heldur til á Íslandi yfir veturinn. Í síðustu viku sást einmitt smyrill í árlegri vetrarfuglatalningu Náttúrustofunnar í Kolgrafafirði.



1. febrúar 2006

Vetrarfuglar á Snæfellsnesi

Í janúar fór fram á Íslandi árleg talning vetrarfugla, sem skipulögð er af Náttúrufræðistofnun Íslands. Náttúrustofa Vesturlands hefur frá árinu 2001 tekið þátt í verkefninu og talið vetrarfugla við Kolgrafafjörð og Hraunsfjörð á Snæfellsnesi (frá Eiði við Kolgrafafjörð að nyrðri brú yfir Hraunsfjörð).

Niðurstöður þessa árs má sjá í töflu sem hér fylgir. Samtals sáust 18 tegundir samanborið við 14-21 tegund hin árin en aldrei fyrr hafa sést eins margir fuglar á svæðinu eða 1.965.

Rauðhöfðaönd sást í fyrsta skipti í þeim sex talningum sem gerðar hafa verið en 18 fuglar voru í Kolgrafafirði. Þá sáust tvær álftir við Eiði en þær hafa ekki komið fram í talningunum áður. Að öðru leyti voru niðurstöðurnar að mestu svipaðar og fyrri ár.

Mynd: Tjaldar og sendlingar á flugi í Kolgrafafirði, föstudaginn 27. janúar (ljósmynd: Róbert A. Stefánsson).

Niðurstöður vetrarfuglatalningar Náttúrustofunnar í Kolgrafafirði og Hraunfirði og samanburður við fyrri ár:

TEGUND	2001- 2005			
	2006	Meðaltal	Lágmark	Hámark
Lómur	0	1	0	3
Himbrimi	2	0	0	1
Dílaskarfur	19	6	2	21
Toppskarfur	4	7	2	17
Ógr. skarfur	0	4	0	11
Álft	2	0	0	0
Stökkönd	129	91	42	196
Rauðhöfðaönd	18	0	0	0
Hávella	71	48	21	105
Æðarfugl	1.358	922	744	1085
Toppönd	25	29	14	44
Ógr. önd	0	0	0	2
Haförn	0	1	0	2
Fálki	0	0	0	1
Smyrill	1	0	0	1
Rjúpa	0	1	0	4
Tjaldur	225	178	0	490
Stelkur	0	3	0	10
Tildra	1	3	0	8
Sendlingur	71	129	0	407
Ógr. vaðfugl	0	0	0	2
Svartbakur	12	7	2	13
Hvítmáfur	16	29	13	70
Bjartmáfur	3	2	1	3
Hettumáfur	0	0	0	1
Rita	0	1	0	4
Haftyrðill	0	1	0	2
Teista	5	4	0	9
Ógr. svartfugl	0	2	0	11
Snjótittlingur	0	33	3	60

Hrafn	3	11	3	31
Samtals fuglar	1.965	1.514	1005	1888
Fjöldi tegunda	18	17	14	21



25. janúar 2006

Fyrirlestur um lífræna ræktun

Í gær var haldinn fyrirlestur, í boði Umhverfishóps Stykkishólms, um lífræna ræktun. Í fyrirlestrinum fjallaði Menja von Schmalensee, líffræðingur á Náttúrustofu Vesturlands, um það í hverju lífræn ræktun felst og hvaða munur er á lífrænt ræktuðum afurðum og hefðbundnum. Ýmsum spurningum var leitast við að svara, svo sem hvort lífrænt ræktuð matvara geti haft áhrif á heilsufar okkar og hvort við höfum efni á að kaupa slíkar vörur. Góð mæting var á fyrirlesturinn og sköpuðust skemmtilegar umræður að honum loknum.



19. janúar 2006

Betra líf með lífrænni ræktun

Fyrirlestur verður haldinn í boði Umhverfishóps Stykkishólms, þriðjudaginn 24. janúar kl. 20.00 á ráðhúsloftinu.

Í hverju felst lífræn ræktun og hvaða munur er á lífrænt ræktuðum afurðum og hefðbundnum? Getur lífrænt ræktuð matvara haft áhrif á heilsufar okkar? Höfum við efni á því að kaupa slíkar vörur? Þessum spurningum og fleirum verður leitast við að svara í fyrirlestri Menju von Schmalensee, lífræðings á Náttúrustofu Vesturlands, en hún mun fara um víðan völl og styðjast við niðurstöður viðurkenndra rannsókna. Opín umræða að fyrirlestri loknum.

Allir velkomnir.

6. janúar 2006

Ný heimasíða Náttúrustofu Vesturlands

Náttúrustofa Vesturlands hefur tekið í notkun nýja heimasíðu á slóðinni www.nsv.is. Efni "gömlu" heimasíðunnar hefur verið endurskoðað ásamt því sem uppsetning og útlit hefur tekið stakkaskiptum. Starfsfólk Náttúrustofunnar vann efni síðunnar í sameiningu en Menja von Schmalensee, hannaði útlit og var smíði vefsins í höndum Sigríðar E. Elisdóttur. Við hvetjum ykkur öll til að skoða síðuna og segja okkur hvað ykkur finnst, hvort sem það er gott eða slæmt.



2. janúar 2006

Hrakinn himbrimi

Á Náttúrustofunni hófst nýja árið með því að Daði Jóhannesson kom með hrakinn himbrima, sem hann hafði fundið mjög slappan í Stykkishólmshöfn á nýársdag. Að öðru leyti en því að vera mjög horaður var erfitt að sjá hvað amaði að fuglinum. Hlúð var að honum eftir fremsta megni en það dugði ekki til, því hann var dauður þegar að var komið næsta morgun. Meðfylgjandi ljósmynd var tekin af fuglinum lifandi í gær. Á henni má sjá að hann er nánast í sumarbúningi en langflestir himbrimar eru í vetrarbúningi um þessar mundir og líta út eins og efri fuglinn á meðfylgjandi teikningu. Neðri myndin sýnir fugl í sumarbúningi.

9. desember 2005

Háskólasetur í Stykkishólm

Háskólasetur Snæfellsness verður stofnað í Stykkishólmi á árinu 2006. Þetta kemur fram í nýsamþykktu fjárlagafrumvarpi frá Alþingi. Náttúrustofa Vestur-lands og Stykkishólmsbær hafa á undanförunum mánuðum unnið að málinu í samvinnu við Háskóla Íslands og er sú vinna nú að bera ávöxt. Gert er ráð fyrir að Háskólasetur Snæfellsness verði rannsóknasetur,

tadalafil þar sem unnið verður að náttúrurannsóknunum í náninni samvinnu við Náttúrustofuna. Til að byrja með verður einn starfsmaður ráðinn en vonir standa til að í framtíðinni verði þeir fleiri og að namar í framhaldsnámi í náttúrufræðum muni nýta sér aðstöðuna í Stykkishólmi. Þeir sem vilja kynna sér nánar út á hvað hugmyndin gengur, case geta skoðað greinargerð hér.

28. nóvember 2005

Litla kálfiðrildi í Stykkishólmi

Fimmtudaginn 24. nóvember sl. fann Símon Karl Sigurðarson óvenjulegt fiðrildi á flögri í eldhúsi í Lágaholti. Hann kom með það til greiningar á Náttúrustofu Vesturlands og kom í ljós að um var að ræða fiðrildi sem ýmist er nefnt litla kálfiðrildi eða litli kálkskjanni (*Artogeia rapae* eða *Pieris rapae*). Líklegast er að fiðrildið, sem er mjög algengt um alla Evrópu, að fjarlægum eyjum eins og Íslandi undanskildum, hafi borist á heimili Símonar með grænmeti eða ávöxtum. Vænghaf fiðrildisins er um 45 mm. Lirfan lifir á káli og veldur ásamt frænda sínum, stóra kálkskjanna eða stóra kálfiðrildi (*Pieris brassicae* L.), töluverðu tjóni. Fiðrildið berst hingað öðru hvoru en hefur ekki náð að festa sig í sessi.



8. nóvember 2005

Náttúrustofuping á Húsavík

Sjö náttúrustofur starfa á landinu. Forstöðumenn og hluti af starfsfólki þeirra og stjórnarmönnum komu saman í Hvalamiðstöðinni á Húsavík 3.-4. nóvember síðastliðinn til að ræða sín mál en á Húsavík starfar yngsta náttúrustofa landsins, Náttúrustofa Norðausturlands. Fundurinn var gagnlegur og er ljóst að samstarf milli náttúrustofa fer vaxandi. Ný stjórn Samtaka náttúrustofa (SNS) var kosin en hana skipa Sveinn Kári Valdimarsson, formaður, Ingvar A. Sigurðsson og Guðrún Á. Jónsdóttir.

Eftir hádegi seinni daginn var haldið opið málþing þar sem starfsemi náttúrustofa var kynnt ásamt því að haldin voru áhugaverð erindi um klasa og náttúrustofur, fræðasetur, þjóðgarðinn í Jökulsárgljúfrum og ástand rjúpnastofnsins og horfur. Málþingið var vel sótt og sköpuðust þar fjörlegar umræður.

Mynd: Ingvar A. Sigurðsson

13. október 2005

Þann 6. október sl. stóð Umhverfishópur Stykkishólms fyrir skoðunarferð á virkjanasvæði Múlavirkjunar á Snæfellsnesi. Á þriðja tug fullorðinna og myndarlegur barnahópur mætti í ferðina. Farið var að stöðvarhúsinu, stíflu efst í Straumfjarðará og að Hraunsfjarðarvatni. Áhugi fólks fyrir framkvæmdunum var mikill og sköpuðust líflegar umræður á staðnum. Meðfylgjandi eru fáeinar myndir úr ferðinni.



Göngubrú hefur verið sett yfir

Straumfjarðará að stöðvarhúsinu.



Stíflan efst í Straumfjarðará.



Hluti hópsins við Hraunsfjarðarvatn.



Straumfjarðará í Dufgusdal.

Hluti hópsins við stöðvarhúsið við



4. október 2005

Vistvernd í verki

Í kvöld mun Umhverfishópur Stykkishólms standa fyrir fyrirlestri um verkefnið „Vistvernd í verki“. Bryndís Þórisdóttir, verkefnisstjóri mun flytja fyrirlesturinn og svara spurningum. Þeir sem vilja kynna sér verkefnið nánar geta heimsótt heimasíðu Landverndar á <http://www.landvernd.is/vistvernd/>.

Fyrirlesturinn verður á ráðhúsloftinu í Stykkishólmi og hefst kl. 20:00. Allir hjartanlega velkomnir.

4. október 2005

Nýtt símanúmer Náttúrustofu Vesturlands

Nýtt símkerfi hefur verið tekið í notkun hjá Stykkishólmsbæ og Náttúrustofu Vesturlands. Símanúmer Náttúrustofunnar er 433-8121 og bein númer starfsmanna eru eftirfarandi:

Róbert Arnar Stefánsson 433-8122

Menja von Schmalensee 433-8121

Sigríður E. Elisdóttir 433-8121

Þórunn Sigþórsdóttir 433-8123

Sigrún Bjarnadóttir 433-8123



16. september 2005

Grunnskólakrakkar skoða lífríki sjávar

Í gær og í dag hafa þrír bekkir Grunnskólans í Stykkishólmi, annar, þriðji og nýjundi, heimsótt Náttúrustofu Vesturlands. Tilgangurinn var að fræðast um fiska í sjó. Fiskmarkaður Íslands útvegaði fiska og voru þeir skoðaðir að utan og innan. Börnin sýndu mikinn áhuga og er þökkud heimsóknin.

1. september 2005

Umhverfisfulltrúi kominn til starfa

Í dag hóf störf á Náttúrustofunni Þórunn Sigþórsdóttir, ferðamálafræðingur, sem ráðin hefur verið í starf umhverfisfulltrúa. Um hálf starf er að ræða en hún mun vinna að umhverfismálum sveitarfélaga á Snæfellsnesi í tengslum við vottun þeirra hjá samtökunum Green Globe 21. Þórunn er boðin velkomin til starfa.

26. ágúst 2005

Flundra breiðist út

Í sumar hafa Náttúrustofu Vesturlands borist nokkrar tilkynningar um flatfiska í ám og vötnum. Er hér um að ræða flundrur (*Platichthys flesus*) sem nýlega hafa numið land á Íslandi og virðast vera orðnar nokkuð algengar um sunnan- og vestanvert landið. Það sem gerir flundruna ólíka flestum öðrum sjávarfiskum er að hún sækist eftir ísöltu vatni og finnst gjarnan í og við árósa, lón og firði með lágrí seltu. Hún þolir einnig ferskt vatn stutta stund og gengur jafnvel upp í ár og vötn. Flundran er útbreidd um grunnsævi Evrópu allt frá Miðjarðar- og Svartahafi í suðri til norðurstranda Skandinavíu og Rússlands í norðri. Þar til nýlega fannst hún ekki við Ísland en síðustu misseri hefur orðið vart við flundrur t.d. í Ölfusá, Varmá og Hlíðarvatni á Suðurlandi. Á Snæfellsnesi hafa flundrur fundist í Straumfjarðará, Staðará, Lárvaðli og Hraunsfirði ofan stíflu.

Flundran getur orðið um 30 cm löng og eru árlega um 10 þúsund tonn af henni veidd í gildrum og net í Evrópu.

8. júní 2005

Fuglaskoðun Náttúrustofunnar

Síðastliðinn laugardag fór 13 manna hópur í fuglaskoðunarferð í boði Náttúrustofu Vesturlands. Farið var í blíðskaparveðri hringinn í kringum Snæfellsnes. Alls sáust 42 tegundir fugla, en athyglisverðast var þó að sjá skutulandarpar á Hofgarðatjörn og hvorki fleiri né færri en 11 skeiðandarsteggi á vötnunum í Staðarsveit. Að auki sást háhyrningsvaða út af Hellnum.



28. maí 2005

Flaggað í Stykkishólmi

Í veðurbliðunni í Stykkishólmi í gærmorgun var dreginn að húni Benchmark fáni Green Globe 21 en honum var flaggað við Ráðhúsið. Síðar sama dag var Bláfánanum flaggað þriðja árið í röð við Stykkishólmshöfn.

Green Globe 21 Benchmarked fáninn táknar að sveitarfélögin fimm á Snæfellsnesi hafa mætt viðmiðum Green Globe 21, sem er annað þrep af þremur í vottunarferlinu. Bláfáninn er alþjóðlegt merki sem hefur þann tilgang að stuðla að verndun hafs og stranda.

Bláfánann hljóta þeir einir sem leggja sig fram um að auka gæði og þjónustu stranda og smábátahafna og stuðla að verndun umhverfis.

25. maí 2005

Umhverfisfulltrúi

Náttúrustofa Vesturlands í Stykkishólmi auglýsir eftir umhverfisfulltrúa til að sinna umhverfismálum sveitarfélaganna fimm á Snæfellsnesi. Um er að ræða 50% stöðu, sem felur í sér eftirfylgni og vinnu vegna Green Globe 21 vottunar sveitarfélaganna ásamt vinnu að málefnum Staðardagskrár 21.

Umsækjandi þarf að hafa áhuga á umhverfismálum, hafa góða enskukunnáttu og samskiptahæfileika. Þá er nauðsynleg þekking á helstu tölvuforritum, s.s. Word, Excel og Powerpoint. Menntun eða reynsla á sviði umhverfismála eða náttúrufræða er æskileg en ekki skilyrði.

Um réttindi og skyldur fer skv. kjarasamningum Launaneftdar sveitarfélaga.

Umsóknum ásamt upplýsingum um menntun og starfsferil skal skila bréfleiddis til Náttúrustofu Vesturlands fyrir 15. júní. Nánari upplýsingar veitir Menja í s. 438 1122 eða menja@nsv.is .

Náttúrustofa Vesturlands, Hafnargötu 3, 340 Stykkishólmi.

20. maí 2005

Vöktun rjúpunnar

Um þessar mundir standa yfir talningar vegna vöktun rjúpnastofnsins. Verkefnið er undir stjórn Ólafs K.

Nielsen, fuglafræðings á Náttúrufræðistofnun Íslands, en unnið í samstarfi við náttúrustofur og áhugafólk víða um land. Meðal þess sem er gert, er að heimsækja sömu svæði á hverju vori og telja rjúpur. Fjögur slík svæði eru á umráðasvæði Náttúrustofu Vesturlands, eitt við Hundastapa á Mýrum en þrjú við sunnanverðan Breiðafjörð, þ.e. í Litla-Langadal, við Dunká og á Dagverðarnesi.



3. maí 2005

Glókollastofninn hruninn!

Nú í vor kannaði Náttúrustofa Vesturlands útbreiðslu glókolls (*Regulus regulus*) á Vesturlandi eins og vorin tvö þar á undan. Svo virðist sem glókollum hafi fækkað verulega frá fyrra ári eftir fjölgun og útbreiðsluaukningu árið á undan, því nú fundust glókollar aðeins á tveim svæðum af þeim 43 sem leitað var á, samanborið við 20 af 43 svæðum í fyrra.

Talið er að glókollur hafi fyrst orpið á Íslandi í kjölfar þess að óvenjulega margir einstaklingar hróktust hingað til lands haustið 1995 (Gunnlaugur Pétursson og Gunnlaugur Práinsson 1997). Í glókollaleit Náttúrustofunnar árið 2003 fundust glókollar á 9 stöðum af 38 (24%) en árið 2004 voru glókollar á 20 af 43 stöðum (47%). Í ár eru sem sagt glókollar á 2 af 43 stöðum (5%). Þessar tölur eru allar lágmarkstölur, því hugsanlegt er að glókollur finnist í skógi þótt hann svari ekki glókollasöngnum sem spilaður var af geisladiski.

Orsakir þessarar fækkunar eru ekki kunnar, þótt nokkrar tilgátur hafi verið settar fram. Ekki er þó ólíklegt að tíðafar og/eða breytingar á fæðuframboði hafi þar leikið lykilhlutverk.

(ljósmynd: Daníel Bergmann)

28. apríl 2005

Fuglafyrirlestur vel sóttur

Í gærkvöldi hélt Guðmundur A. Guðmundsson fyrirlestur á ráðhúsloftinu í Stykkishólmi um farfugla, þar sem hann fjallaði m.a. um hæfileika þeirra til rötunar. Margt athyglisvert kom fram í máli Guðmundar en meðal þess var að fuglar nota sólaráttavita, segulsvið jarðar, stjörnur, lykt, hljóð o.fl. til að rata á milli vetrar- og sumardvalarstaða sinna. Sumir þeirra ferðast þúsundir kílómetra á tiltölulega skömmum tíma tvisvar á ári. Fyrirlesturinn var vel sóttur og sköpuðust áhugaverðar umræður í kjölfarið.



25. apríl 2005

Hvernig rata fuglarnir?

Næstkomandi miðvikudagskvöld (27. apríl) boðar Náttúrustofa Vesturlands til fyrirlestrar um farfugla: Hvernig rata farfuglarnir? Fyrirlesari er Guðmundur A. Guðmundsson, fuglafræðingur á Náttúrfræðistofnun Íslands. Fyrirlesturinn verður haldinn á ráðhúsloftinu, Hafnargötu 3, kl. 20:00. Aðgangur er ókeypis og allir eru velkomnir meðan húsrúm leyfir.

22. apríl 2005

Útbreiðsla glókolls á Vesturlandi

Glókollur er nýlegur landnemi en hefur fjölgað hratt og breiðst út síðastliðin 10 ár. Náttúrustofa Vesturlands hefur kannað útbreiðslu glókolls á Vesturlandi á svæðinu frá Hvalfjarðarbotni norður í Gilsfjörð. Nánar má lesa um útbreiðslu glókolls í nýlegri grein sem birt var í Blika í febrúar sl. og var skrifuð af Róberti Arnari Stefánssyni og Sigrúnu Bjarnadóttur.

12. apríl 2005

Snjógæs á Hvanneyri

Á sunnudag sást snjógæs (*Anser caerulescens*) innan um aðrar gæsir á Hvanneyri í Borgarfirði. Snjógæsir sjást árlega á Íslandi, oftast í fylgd blesgæsa (*Anser albifrons*), sem fara um Ísland vor og haust á milli vetrarstöðva á Írlandi og Skotlandi og varpstöðva á V-Grænlandi. Snjógæsin verpur í Alaska, á heimskautasvæðum Kanada og á NV-Grænlandi.

Mikill fjöldi blesgæsa hefur viðdvöl á Hvanneyri en þar hefur ákveðið svæði af þeim sökum verið verndað með svokallaðri búsvæðavernd.



6. apríl 2005

Skýrsla um ástand skólpmála í Stykkishólmi

Náttúrustofa Vesturlands hefur gefið út skýrslu um ástand sjávar við strendur Stykkishólms með tilliti til saurgerla mengunar. Skýrslan byggir á rannsókn þar sem fylgst var með gerlamengun í sjó og fjörum við útrásir í bænum í heilt ár. Niðurstöðurnar munu gagnast við hönnun og ákvarðanatöku varðandi framkvæmdir sem leggja þarf út í til að uppfylla reglugerðir sem nú styttist í að taki að fullu gildi.



22. mars 2005

Farfuglarnir koma

Vorið er á næsta leyti. Eitt skýrasta dæmi þess er að farfuglarnir eru byrjaðir að koma til landsins. Einn sá fyrsti, sílamáfurinn, kemur jafnan til landsins í mars en svo tínast tegundirnar inn allt fram í maí. Hann hefur sést á suðvesturhorni landsins undanfarna daga en virðist ekki

enn kominn á Snæfellsnes. Aðrar tegundir sem eru farnar að tínast til landsins en eru að litlu leyti komnar á Snæfellsnes eru hettumáfar, skógarþrestir, tjaldar, álfir og gæsir. Í gær sá svo Tómas G. Gunnarsson, fuglafræðingur, fyrstu tvær brandendurnar í grennd við varpstöðvarnar í Borgarfirði, nánar tiltekið á Borgarvogi við Borgarnes. Þær hafa aldrei fyrr sést jafn snemma á Íslandi.

Náttúrustofa Vesturlands tekur gjarnan við upplýsingum um komu farfugla á Vesturlandi í síma 438 1122.



16. mars 2005

Minkur á Hrafnáþingi

Í dag 16. mars, klukkan 12.15, mun Róbert Arnar Stefánsson, forstöðumaður Náttúrustofu Vesturlands flytja erindið “Eru viðhorf til minksins á rökum reist?” á Hrafnáþingi Náttúrufræðistofnunar Íslands í Möguleikhúsinu.

Óhætt er að fullyrða að minkurinn sé á meðal óvinsælustu dýra landsins. Margir Íslendingar hafa sterkar skoðanir á honum, lífsháttum hans og áhrifum á aðrar tegundir og eru þessi viðhorf að jafnaði neikvæð. Sagt verður frá niðurstöðum íslenskra rannsókna sem hjálpað getu til við að varpa ljósi á það hvort viðhorfin til minksins séu á rökum reist.

Aðskotadýr í íslenskri náttúru

Þrátt fyrir efasemdaraddir í upphafi, átti minkur ekki í erfiðleikum með að glíma við íslenska náttúru og skapaði sér fljótlega orðspor sem öflugt og afkastamikið rándýr sem léti fátt lifandi óáreitt. Af þeim sökum er dýrið oft stórt í hugum þeirra sem minna til hans þekkja og grimmt í augum flestra. Meirihluti fólks er þeirrar skoðunar að minkurinn sé aðskotadýr í náttúru landsins, sem eigi að uppræta ef mögulegt er. En er það raunhæfur möguleiki?

Áhrif á aðrar tegundir

Neikvætt orðspor minksins hefur einkum mótað af því að fá hann tækifæri til, drepur hann gjarnan meira en hann kemst yfir að éta. Þannig eru mörg dæmi um að minkur hafi á skömmum tíma skemmt eða eyðilagt þétt vörp nokkurra fuglategunda, einkum sjófugla. Þannig getur hann haft töluverð svæðisbundin áhrif og líklegt er að hann hafi átt þátt í fækkun tegunda á landsvísi, þótt sennilega sé algengara að áhrif hans séu minni.

Í fyrirlestrinum mun Róbert fjalla um framangreind viðhorf til minksins og sýna rannsóknaniðurstöður sem tengjast þeim beint og óbeint.


25. febrúar 2005

Ísland örum skorið

Á næsta fundi Umhverfishóps Stykkishólms, sem haldinn verður á ráðhúsloftinu nk. fimmtudag (3. mars) kl. 21.00, verður umfjöllunarefnið virkjanaáform íslenskra stjórnvalda. Kynntur verður bæklingurinn „Ísland örum skorið“ sem nýlega var gefinn út. Auk

Þessi verður fjallað stuttlega um „Rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma“ þar sem metnir hafa verið helstu virkjanakostir með tilliti til orkugetu, hagkvæmni og umhverfisáhrifa. Mætum öll og kynnum okkur þessi mál svo við getum mótað okkur skoðun á þessum mikilvæga málaflokki.

Umhverfishópur Stykkishólms



8. febrúar 2005

Frítt í umhverfisbíó

Næstkomandi fimmtudagskvöld verður frítt í bíó í boði Umhverfishóps Stykkishólms og Náttúrustofu Vesturlands (10. febrúar kl. 20.00 á ráðhúsloftinu).

Sýnd verður á tjaldi breska, vandaða heimildamyndin „Árás á karlkynið“ sem er alvöru umhverfis-sakamálamynd!

Myndin var sýnd í Ríkissjónvarpinu sumarið 1995, en stendur enn algjörlega fyrir sínu. Hún er á ensku með íslenskum texta og stundum íslensku tali. Myndin er 50 mín. á lengd, en gera skal ráð fyrir u.þ.b. 20 mín. umræðu á eftir. Allir velkomnir og um að gera að draga vinina og/eða elstu börnin með.



20. janúar 2005

Hrakinn snjóttlingur – munið að gefa smáfuglunum!

Í morgun komu mæðgurnar Sunna Högnadóttir og Íris Huld Sigurbjörnsdóttir með snjóttling sem þær höfðu skotið skjólshúsi yfir. Sunna fann hann við húsvegg heimilis þeirra, þar sem hann bar sig fremur illa, og veitti honum gistingu síðustu nótt. Hann var settur í fuglabúr á Náttúrustofunni, þar sem hann hresstist brátt. Var honum því sleppt í birtingu og hefur hann því væntanlega brátt komist til félaga sinna.

Þegar jarðbönn eru líkt og nú, treysta smáfuglarnir á gjafir mannanna. Náttúrustofan skorar því á alla landsmenn að dreifa í garða sína fuglafræjum, kjötsagi eða öðrum mat sem fuglarnir geta nýtt sér.

12. janúar 2005

Talning vetrarfugla á Snæfellsnesi

Nú er lokið árlegri talningu vetrarfugla, sem skipulögð er af Náttúrufræðistofnun Íslands. Náttúrustofa Vesturlands hefur frá árinu 2001 tekið þátt í verkefninu og talið vetrarfugla við Kolgrafafjörð á Snæfellsnesi (frá Eiði við Kolgrafafjörð að nyrðri brú yfir Hraunsfjörð).

Niðurstöður þessa árs má sjá í töflu sem hér fylgir. Samtals sást 21 tegund, sem er meira en fyrri ár (14-18 tegundir 2001-2004). Þrjár tegundir sáust í fyrsta skipti í talningu á þessu svæði: rjúpa, lómur og ógreindur svartfugl. Síðastnefndu tegundina tókst ekki að greina með vissu vegna fjarlægðar en um var að ræða stuttnefju, langvíu eða álku. Að öðru leyti voru niðurstöðurnar svipaðar og fyrri ár.



Gunnúlfsvellur við Kolgrafafjörð í vetrarbúningi



4. janúar 2005

Sjaldgæfir fuglar í Stykkishólmi

Tvær fremur sjaldséðar fuglategundir, haftyrdill (Alle alle) og grápröstur (Turdus pilaris), sáust í Stykkishólmi fyrir og um hátíðirnar. Högni Högnason fann aðframkominn haftyrdil í innkeyrslunni hjá sér við Silfurgötu þann 18. desember en fuglinn drapst undir mannahöndum skömmu síðar. Gráprösturinn var hins vegar lifandi síðast þegar fréttist en Ann Linda Denner tilkynnti að hann hefði sést í garðinum hennar við Ásklif fyrir og um jólin.

Náttúrustofa Vesturlands tekur við upplýsingum um sjaldgæfa og aðra fugla á Vesturlandi. Þá er minnt á að Vetrarfuglatalningin á vegum Náttúrufræðistofnunar Íslands (<http://www.ni.is/vetrarfugl>) fer fram sunnudaginn 9. janúar.

29. nóvember 2004

Silkitoppuganga

Silkitoppa (*Bombycilla garrulus*) er árlegur vetrarflækingur á Íslandi. Í haust hefur þó borið óvenjulega mikið á þessum fallega fugli og hafa tilkynningar um einn eða fleiri fugla komið úr flestum landshlutum. Í sumum tilfellum hefur jafnvel verið um tugi fugla að ræða og hefur Yann Kolbeinsson, fuglaáhugamaður, tekið þessar upplýsingar saman og áætlað að rúmlega 340 fuglar þessarar tegundar hafi sést á landinu í nóvember.

Silkitoppurnar koma að austan, cialis þar sem þær verpa í norðanverðu barrskógabeltinu. Mikil áraskipti eru í fjölda silkitoppu hér á landi en líkt og t.d. krossnefir, koma silkitoppur stundum til V-Evrópu í stórum hópum en önnur ár er tegundin mun sjaldséðari. Þessi gerð fars hefur stundum verið nefnd rásfar og hefur helst verið talin skýrast af fæðuskorti á vetrarstöðvunum eða jafnvel offjölgun í stofni fuglanna, þótt frekari rannsóknir vanti til að staðfesta það.

Silkitoppa er fallegur fugl á stærð við stara. Síðustu vikur hafa 1-3 slíkar sést í Grundarfirði, þar sem neðri myndin var tekin (Guðjón Elisson). Efri myndina tók Gaukur Hjartarson á Húsavík. Sjá má að Gaukur hafði sett epli á grein sem þær sóttu í en einnig er algengt að sjá silkitoppur tína ber, ef einhver eru enn eftir, af runnum og trjám. Náttúrustofa Vesturlands tekur gjarnan við upplýsingum um silkitoppur og aðra sjaldgæfa jafnt sem algengari fugla.



23. nóvember 2004

Náttúrustofa Vesturlands kynnti efni á glæsilegri ráðstefnu líffræðinga Starfsfólk Náttúrustofu Vesturlands sótti um síðastliðna helgi ráðstefnuna “Líffræði – vaxandi vísindi”, sem Líffræðifélag Íslands og Líffræðistofnun Háskólans héldu í Öskju, náttúrufræðahúsi Háskóla Íslands. Um var að ræða glæsilega ráðstefnu með rúmlega 400 þátttakendum, þar sem um 240 íslensk rannsóknaverkefni voru kynnt. Einsdæmi er á heimsmælikvarða að allir líffræðingar heillrar þjóðar séu leiddir saman á þennan hátt. Kynnti Náttúrustofan þar áhugaverðar niðurstöður nokkurra rannsóknaverkefna sinna, þriggja um minka og eins um mengun í íslenska haferninum. Vöktu rannsóknirnar athygli bæði meðal gesta og fréttamanna. Starfsmaður Náttúrustofunnar hlaut jafnframt veglega viðurkenningu fyrir framlög sín.



23. nóvember 2004

Mengunarefni draga úr varpárangri íslenska arnarstofnsins

Ný rannsókn á vegum Náttúrustofu Vesturlands, Háskóla Íslands og Náttúrufræðistofnunar Íslands sýnir að íslenski haförnninn er talsvert mengaður af þrávirkum lífrænum efnum.

Örninn hefur verið alfriðaður í rúm 90 ár. Þrátt fyrir það er stofninn aðeins þriðjungur þess sem hann var á 19.öld. Hann er nú að ná sér aftur á strik en vöxturinn er þó mun hægari en í öðrum arnarstofnum í Evrópu. Erlendis hafa víða komið fram vísbendingar um að þrávirk lífræn mengunarefni hafi neikvæð áhrif á frjósemi ýmissa dýrategunda, þ.á.m. mannsins.

Ákveðið var að kanna hvort hægur vöxtur arnarstofnsins gæti að einhverju leyti skýrst af þessum efnum. Í því skyni var safnað fúleggjum arna og efnin mæld í þeim. Fyrstu niðurstöður eru sláandi, því sterk tengsl komu fram á milli varpárangurs einstakra arnarpara og efnastyrks í eggjum þeirra. Egg með háum efnastyrk komu að jafnaði frá arnarsetrum þar sem gengið hafði fremur illa að koma upp ungum á meðan egg með lágum styrk komu frá arnarsetrum þar sem varp hafði gengið vel á síðasta áratug.

Af einstökum efnum fannst mest af afleiðu skordýraeitursins DDT. Bannað hefur verið að nota efnið á Vesturlöndum í um þrjá áratugi og var það á sínum tíma sáralítið notað á Íslandi. Þetta tvennt sýnir annars vegar hversu þrávirk svona efni eru en hins vegar að þau flytjast langar leiðir með haf- og loftstraumum. Efnið er enn í notkun í fátækari löndum hitabeltisins. Þetta efni og önnur þrávirk lífræn mengunarefni valda því t.d. að ísbirnir á Svalbarða eru mjög margir ófrjór og með veikt ónæmiskerfi. Það og þessar niðurstöður benda því til þess að efnin geti haft neikvæð áhrif á íslensk dýr ofarlega í fæðukeðjunni.

Stofnanirnar munu afla fleiri sýna og rannsaka þetta frekar.



8. nóvember 2004

Fræðslufyrirlestur um örninn

Næstkomandi miðvikudag, 10. nóvember, verður Kristinn Haukur Skarphéðinsson, fuglafræðingur frá Náttúrufræðistofnun Íslands, með fyrirlestur um örninn á vegum Náttúrustofu Vesturlands. Hann mun fara yfir sögu arnarstofnsins á Íslandi og verndun hans í 90 ár. Fjallað verður um þróun stofnstærðar, vöktun stofnsins, árekstra við hagsmuni mannsins o.fl. Mjög fróðlegur og skemmtilegur fyrirlestur. Fyrirlesturinn verður haldinn á 3. hæð ráðhúss Stykkishólmsbæjar, Hafnargötu 3 í Stykkishólmi, kl. 20:00. Allir eru velkomnir á meðan húsrúm leyfir.



4. nóvember 2004

Vistvænt heimilishald í kvöld kl. 20:00

Fyrirlestur Stefáns Gíslasonar um það hvernig íslensk heimili geta stuðlað að því að umhverfisvandamál heimsins vaxi okkur ekki yfir höfuð. Fjallað verður m.a. um: innkaup og siðgæði, umhverfismerkingar, ferðalög, orkusparnað, þvotta, þrif og jólahald. Fyrirlesturinn verður í ráðhúsi Stykkishólmsbæjar, Hafnargötu 3. Aðgangur ókeypis og allir velkomnir meðan húsrúm leyfir.


Náttúrustofa Vesturlands og Umhverfishópur Stykkishólms

13. október 2004

Köttur veiddi sjaldgæfan fisk

Kettir eru þekktir af öðru en fiskveiðum, enda forðast þeir alla jafna að blotna meir en nauðsyn krefur. Kötturinn Adidas í Stykkishólmi virðist þó vera undantekning frá því. Sunnudaginn 10. október kom eigandi hans, Hermann Guðmundsson, að honum í eldhúsinu heima hjá sér þar sem hann hafði nýlokið við að éta ferskan fisk. Það eina sem eftir var af fiskinum var hausinn. Þótti Hermann hann vera undarlegur og fór því með hann á Náttúrustofu Vesturlands, þar sem hann var greindur sem geirnef (Scomberesox saurus). Högninn Adidas hafði því gert góða ferð í fjöruna og ekki í fyrsta sinn, því hann hafði áður sést koma með fisk heim, t.d. eitt sinn spriklandi sp rettfisk.

Geirnefur er langvaxinn fiskur með framteygða skolta líkt og hornfiskar og getur náð allt að 50 cm lengd. Fæðan er ljósáta og önnur sviflæg krabbadýr. Geirnefir eru úthafsfiskar sem lifa í torfum við yfirborð. Þeir eiga heimkynni í hlýjum og heittempruðum sjó. Á sumrin ganga stórar torfur norður á bóginn allt norður í Barentshaf og stundum flækist geirnefurinn til Íslandsmiða. Geirnefur er sums staðar veiddur í reknet en hvergi í miklu magni.



20. september 2004

Engisprettan öll

Engisprettan, sem dvalið hefur í ráðhúsi Stykkishólmsbæjar síðastliðnar vikur, drapst á laugardaginn, 18. september. Hún hafði þá verið í umsjá Náttúrustofunnar og starfsfólks ráðhússins í tæpan mánuð eða frá 20. ágúst er hún kom með flutningaskipi frá Póllandi. Lengst af var hún í góðu yfirlæti og át vel af víðiblöðum, vínberjum og fleira góðgæti. Þá varp hún í búið á tímabilinu. Engisprettan vakti verðskuldaða athygli þeirra sem áttu leið um húsið.



25. ágúst 2004

Engisprettan í Stykkishólmi

Þann 20. ágúst kom Símon Sturluson, hafnarverndarmaður Stykkishólmsbæjar, á Náttúrustofu Vesturlands með engisprettu. Hana hafði hann fundið í flutningaskipinu Jökulfelli við uppskipun á stórum plaströrum, sem flutt voru til landsins frá Gdansk í Póllandi. Engisprettan er stór (u.þ.b. 6 cm löng) og gullfalleg. Hún er af tegundinni Great Green Bush-cricket (*Tettigonia viridissima*) og er á lífi í glerbúri á Náttúrustofunni. Ólíklegt verður að telja að engisprettan hefði lifað lengi hefði hún sloppið út í íslenska síðsumarið að aflokinni hitabylgjunni.



25. ágúst 2004

Kóngasvarminn mættur í Stykkishólm á ný

Haustið 2003 kom mikill fjöldi einstaklinga af fiðrildategundinni kóngasvarma (*Agrius convolvuli*) til Íslands. Í Stykkishólmi sáust mest fimm einstaklingar í einu við skógartopp í garði Magdalenu Hinriksdóttur og Hjörleifs Kristins Hjörleifssonar við Ásklif. Nú ári síðar, nánar tiltekið þann 15. ágúst síðastliðinn, sást síðan einn kóngasvarmi á sama stað. Gaman verður að fylgjast með hvort frekara framhald verður á tilkynningum um kóngasvarma nú í haust.



23. júní 2004

Álft í smalamennsku

Eins og margir þekkja geta álftir verið aðgangsharðar við önnur dýr þegar kemur að vernd hreiðra sinna og unga. Í vikunni ók starfsfólk Náttúrustofu Vesturlands í Stykkishólmi fram á álft sem greinilega tók verndarhlutverk sitt mjög alvarlega, þar sem hún rak kind með lömbin sín tvö við Straumfjarðará í Eyja- og Miklaholtshreppi. Var álftin mjög aðgangshörð og beit margsinnis í afturenda kindarinnar. Hún lét ekki staðar numið fyrr en komið var í nokkur hundruð metra fjarlægð frá maka sínum og unga.



23. júní 2004

Sjaldgæfur fiskur við Stykkishólm

Sunnudaginn 20. júní barst Náttúrustofu Vesturlands eintak af fisktegund, sem líklega er fremur sjaldgæf við Íslandsstrendur. Um er að ræða stóru sænál (*Entelurus aequoreus*) sem lifir á 5-100 m dýpi, mest í þarabeltinu. Tegundin finnst við strendur vesturhluta Evrópu frá Spáni til Noregs en við Ísland hefur hennar aðallega orðið vart við sunnan- og suðvestanvert landið. Samkvæmt upplýsingum frá Gunnari Jónssyni, fiskifræðingi á

Hafrannsóknastofnuninni, virðist sem sænálum hafi fjölgað mjög við Ísland á síðustu tveim árum og virðist útbreiðslan ná a.m.k. norður í Breiðafjörð en tegundarinnar hefur þó ekki áður orðið vart svo innarlega í firðinum.

Hrygnur stóru sænálar geta orðið allt að 60 cm langar en hængarnir 40 cm. Sænálar eru langvaxnir, sívalir fiskar þaktir beinplötum. Á enda framteygðrar trjónu er smár munnur, sem vinnur eins og sogrör við veiðar á smádýrum. Umrætt eintak er 31 cm langt og kom í grásleppunet við Landey við Stykkishólm. Veiðimaðurinn heitir Kristján Kristjánsson og er úr Stykkishólmi.



22. júní 2004

Varasamar plöntutegundir

Ákveðnar plöntutegundir eiga það til að vera ágengar, þ.e.a.s. breiðast mjög hratt út og kæfa annan gróður. Oft eiga þessar tegundir það sammerkt að hafa verið fluttar til landsins, markvisst eða óviljandi. Innfluttar tegundir eru taldar ein helsta ógnin við varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni, vegna þess að sumar þeirra eyða náttúrulegum gróðri. Þessar ágengu tegundir geta umbylt vistkerfum og samfélögum og haft margvísleg áhrif á einstakar tegundir með afráni, samkeppni, sjúkdómum eða kynblöndun. Áhrifin eru oft óafturkræf og afleiðingarnar varanlegar.

Á Íslandi er alaskalúpínan (*Lupinus nootkatensis*) langþekktust ágengra tegunda. Lúpínan er mjög öflug landgræðslujurt, og getur grætt upp víðáttumiklar auðnir á skömmum tíma í höndum þeirra sem með hana kunna að fara. Á hinn bóginn ber að varast að setja hana í eða nálægt grónu landi, sem mönnum er annt um, því ef hún kemst í mólendi leggur hún það undir sig smátt og smátt og eyðir úr því öllum gróðri. Önnur jurttegund hefur geyst fram á sjónarsviðið á allra síðustu árum og virðist jafnvel geta verið enn skæðari en lúpínan. Þetta er skógarkerfill (*Anthriscus sylvestris*), sem er fyrst getið í nágrenni Akureyrar á 3. áratug síðustu aldar, en er nú löngu orðinn ílendur og er farinn að dreifa sér ört út á eigin spýtur. Hann sækir mjög í að mynda samfelldar breiður sem ekkert fær stöðvað. Skepnur bíta hann lítið, og hann vex einnig vel í skugga og þekur stundum skógarbotna.

Báðar áður nefndar tegundir eru nú farnar að ógna gróðurlendum á Snæfellsnesi eins og víðar. Eitthvert besta/versta dæmið á svæðinu má sjá í Ólafsvík, þar sem lúpína og skógarkerfill mynda samfelldar og áberandi breiður ofan Ólafsbrautar og hafa eytt náttúrulegum gróðri.

Breiðurnar eru sérlega áberandi um þessar mundir, á meðan tegundirnar eru í blóma. Í Stykkishólmi eru sams konar breiður ört vaxandi víða um bæjarlandið. Eitt af vandamálunum er að báðar jurtirnar eru fallegar í blóma og lífga oft upp á lit umhverfisins en íslensku jurtirnar eru oft smágerðar og lítt áberandi þeim sem ekki hafa augun sérstaklega opin fyrir þeim. En enginn veit hvað átt hefur fyrr en misst hefur og vonandi geta allir verið sammála um að veruleg eftirsjá væri af íslensku tegundunum og lítil fjölbreytni í því að hafa aðeins tvær plöntutegundir utan garða. Þótt framtíðarmyndin sé e.t.v. ekki svo svört er ljóst að um verulegt vandamál er að ræða.

Fyrir þá sem vilja bregðast við er mikilvægt að rífa upp eða slá plönturnar áður en þær mynda fræ að lokinni blómgun, til koma í veg fyrir fræuppskeru ársins. Þetta þarf að endurtaka árlega þar til fræforðinn í jarðveginum er á þrotum.

Róbert A. Stefánsson, forstöðumaður Náttúrustofu Vesturlands.

Heimildir:

www.floraislands.is

Þóra Ellen Þórhallsdóttir (2001). Hverjar, hvar og hvernig? Tilgátur og kenningar um útbreiðslu innfluttra tegunda í nýjum heimkynnum. Útdráttur úr erindi sem flutt var á ráðstefnu Líffræðifélags Íslands í Norræna húsinu, 7. apríl 2001.

25. maí 2004

Fúlatjörn hreinsuð

Fúlatjörn er andapollur Hólmara í útjaðri bæjarins, á milli hesthúsanna og RARIK. Hún blasir við sjónum þegar ekið er inn í og út úr bænum. Í dag, þriðjudag, réðst hópur ungra dugnaðarforka í það verkefni að hreinsa tjörnina. Þetta voru nemendur í 8. og 9. bekk grunnskólans ásamt umsjónarkennara og forstöðumanni Náttúrustofu Vesturlands en verkið var unnið eftir ábendingu Umhverfishóps Stykkishólms. Fjöldi ónýtra bíldekkja og annað drasl setti ljótan svip á annars fallegan stað og var því um frábært framtak að ræða. Bæjarstarfsmenn aðstoðu við að fjarlægja tank úr miðri tjörninni og fluttu í burt allt drasl sem safnaðist. Meðfylgjandi myndir sýna tjörnina fyrir og eftir hreinsun og fólk að starfi.



24. maí 2004

Glókollurinn heldur áfram að breiðast út

Glókollur (*Regulus regulus*) er minnsti fugl Evrópu. Hann heldur aðallega til í greniskógum, blandskógum og stórum trjágörðum með grenitrjám, þar sem hann étur grenilýs, önnur smá skordýr og áttfætlumaura af barrinu. Glókollur er einn af nýlegum landnemum á Íslandi. Lengi vel var hann einungis flækingsfugl en haustið 1995 hröktust óvenjulega margir einstaklingar til landsins og talið er að tegundin hafi orpið árlega á Íslandi síðan.

Náttúrustofa Vesturlands í Stykkishólmi rannsakaði í vor útbreiðslu glókolls á Vesturlandi eins og vorið á undan. Í apríl og maí heimsótti starfsmaður Náttúrustofunnar alla helstu greniskóga og -reiti í landshlutanum og fundust glókollar nú á meira en helmingi svæðanna eða 25 af 45. Samtals eru glókollar nú komnir á 15 af 21 svæði í Borgarfjarðarsýslu, 7 af 13 í Mýrasýslu, tvö af 8 í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu og eitt svæði af þremur í Dalasýslu. Glókollur fannst nú

í fyrsta skipti að vorlagi á 8 þessara svæða og hefur útbreiðslan aukist nokkuð á síðastliðnu ári.

Mjög líklegt er að útbreiðsluaukning glókolla á Íslandi haldi áfram á næstu árum og hyggst Náttúrustofa Vesturlands fylgjast grannt með henni á Vesturlandi. Allar frekari upplýsingar um glókolla á Vesturlandi eru þegnar með þökkum.

Róbert A. Stefánsson og Sigrún Bjarnadóttir

11. maí 2004

Heimsókn 9. bekkjar GSS

Nemendur 9. bekkjar Grunns kólans í Stykkishólmi heimsóttu í morgun Náttúrustofuna. Tilgangur heimsóknarinnar var að fræðast um fiska, en Róbert sýndi krökkunum ýmsar fisktegundir og fræddi þau um líffræði þeirra. Nemendur tóku þátt í að kryfja þorska og skoðuðu í þeim líffærin.



3. maí 2004

Fundur um málefni arnarins

Fimmtudaginn 29. apríl boðaði umhverfisráðuneytið til fundar í Stykkishólmi. Tilgangurinn var að ræða við fulltrúa Náttúrufræðistofnunar Íslands, Náttúrustofu Vesturlands, Fuglaverndar og æðarbænda um framkomið frumvarp um breytingar á lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. Frumvarpið var sett fram til að treysta verndun hafarnarins og er í raun svar umhverfisráðherra við dómi Hæstaréttar í apríl 2003, þar sem einstaklingur var sýknaður af því að hafa skemmt hreiðurstað arnar. Varðandi örninn og verndun hans eru helstu breytingarnar þær að hluti texta úr reglugerð, sem í gildi hefur verið síðan árið 1996, er færður í lagatextann. Hann felur m.a. í sér að ekki megi koma nær hreiðrum

arna en 500 m á tímabilinu 15. mars til 15. ágúst nema brýna nauðsyn beri til, svo sem vegna lögmætra nytja. Að auki er gert ráð fyrir að bannað verði að raska varpstöðum arna, hvort sem þeir eru í notkun eða ekki. Þess misskilnings hefur gætt í umræðunni að umferðarbannið eigi við um alla varpstaði, hvort sem þeir eru í notkun eður ei en þarna er aðeins verið að tala um hreiður sem í notkun eru hverju sinni.

Frá frumvarpinu barst umræðan m.a. að eftirliti Náttúrufræðistofnunar Íslands með arnarstofninum, sem æðarbændur hafa kvartað nokkuð undan. Niðurstaðan varð að Náttúrufræðistofnun Íslands ræddi við æðarbændur um mögulega lausn á þeirri deilu.

Allir fundarmenn fengu tækifæri til að koma sínum sjónarmiðum á framfæri og lýstu þeir ánægju sinni með það að boðað skyldi vera til fundarins. Vonast er til að þessi fundur hafi verið skref í þá átt að friður náist um verndun og vöktun arnarstofnsins.

Róbert A. Stefánsson, forstöðumaður Náttúrustofu Vesturlands

21. apríl 2004

Heimsókn 3. bekkjar GSS

Í morgun kom 3. bekkur GSS í heimsókn á Náttúrustofuna. Krakkarnir fengu að klappa sel, skoða ýmsar tegundir af fiskum og fylgjast með þegar Róbert krufði karfa. Þá fengu þau að skoða uppstoppaða fugla og mink. Krakkarnir sýndu mikinn áhuga og höfðu ýmsar spurningar fram að færa. Starfsfólk Náttúrustofunnar þakkar krökkunum þeirra kærlega fyrir skemmtilega heimsókn.



15. apríl 2004

Stofnun Umhverfishóps Stykkishólms

Stofnaður hefur verið Umhverfishópur Stykkishólms en það er áhugamannafélag sem opið er öllum þeim er vilja láta sig umhverfið varða. Markmið félagsins eru eftirfarandi:

1) Að félagsmenn líti í eigin barm:
a. Leitist við að haga lífi sínu þannig að athafnir þeirra valdi sem minnstum spjöllum á umhverfinu.

b. Fá ráðgjöf og stuðning hver frá öðrum.

2) Að skipuleggja og framkvæma afmörkuð verkefni sem fegra og bæta umhverfi Stykkishólms, t.d. hreinsun strandlengjunnar, gróðursetning, landgræðsla og gerð/stikun göngustíga.

3) Að stuðla að aukinni umhverfisvitund íbúa samfélagsins með því að:

a. Skrifa pistla í fjölmiðla um afmörkuð efni.

b. Útbúa og/eða dreifa bæklingum og dreifibréfum um umhverfismál og náttúruvernd.

c. Standa fyrir opnum fyrirlestrum um umhverfismál.

Öll starfsemi hópsins skal vera í samræmi við stefnu og viðmið Staðardagskrár 21 og Green Globe 21.

Starfsemi félagsins miðast við að um áhugamannafélag er að ræða og mun þátttaka ráðast af getu og vilja hvers og eins. Fundir verða haldnir mánaðarlega, fyrsta fimmtudag hvers mánaðar að öllu óbreyttu.

Á stofnfundi félagsins, 31. mars síðastliðinn, var kosin þriggja manna stjórn, sem í sitja þau Menja von Schmalensee (formaður), Ásgeir Gunnar Jónsson (varaformaður) og Lárus Á. Hannesson (ritari).

Áhugamenn um umhverfismál eru hvattir til að skrá sig í félagið en þeir sem skrá sig fyrir næsta fund (6. maí) gerast þar með stofnfélagar. Áhugasamir hafi samband við Menju á Náttúrustofu Vesturlands (menja@nsv.is).

F.h.

stjórnar,

Menja von Schmalensee

24. mars 2004

Tvíkynja þorskar

Nýverið bárust Náttúrustofunni kynkirtlar úr þorski, þar sem hrogn og svil voru samvaxin, þ.e. þorskurinn var tvíkynja. Fiskurinn hafði komið í veiðarfæri Þórsness SH-108 í mynni Breiðafjarðar síðastliðinn föstudag, 19. mars. Alla jafna eru tvíkynja þorskar afar sjaldgæfir en á heimasíðu Hafrannsóknarstofnunarinnar er sagt frá því að nýlega hafi henni borist tveir slíkir með nokkurra daga millibili. Þar má sjá myndir af fyrirbærinu á slóðinni <http://www.hafro.is/undir.php?ID=19&nanar=1REF=3&fID=321>.



24. mars 2004

Heimsókn leikskólabarna

Í dag fékk Náttúrustofan fleiri börn frá Leikskólanum í Stykkishólmi í heimsókn. Róbert sýndi þeim nokkrar tegundir af fiskum og þau fengu að klappa sel og mink. Menja fræddi þau um fugla og sýndi börnunum uppstoppaða fugla í eigu Náttúrustofunnar. Gaman var að sjá hve margar fugla- og fiskategundir þau þekktu. Starfsfólk Náttúrustofunnar þakkar krökkunum og leikskólakennurum þeirra kærlega fyrir skemmtilega heimsókn.

4. mars 2004

Skýrsla um mink við Kolgrafafjörð

Náttúrustofa Vesturlands hefur gefið út áfangaskýrslu um rannsóknir sínar á mink við Kolgrafafjörð. Í kjölfar stjórnsýslukæru á matsskýrslu um umhverfisáhrif þverunar Kolgrafafjarðar þar sem fram komu áhyggjur af fjölgun minks með tilkomu stórgrýttar vegfyllingar, setti umhverfisstjórnir þetta skilyrði fyrir framkvæmdinni að Vegagerðin stæði fyrir rannsókn á áhrifum hennar á þéttleika minks á svæðinu. Náttúrustofan tók að sér verkefnið og fór fyrri hluti rannsóknarinnar fram haustið 2003. Niðurstöður hennar komu mjög á óvart en aðeins einn minkur notaði svæðið á rannsóknartímabilinu. Meðal annarra athyglisverðra niðurstaðna var sú staðreynd að langt fram eftir hausti var minkurinn nær eingöngu á músaveiðum en fór sjaldan í fjöruna, sem lengst af ársins er aðalbúsvæði minka við sjó. Skýrsluna má sjá í heild sinni á heimasíðu Náttúrustofu Vesturlands. Skýrsluna má sjá í heild sinni hér.



24. nóvember 2003

Fiðrildið skrautygla í Stykkishólmi

Föstudaginn 24. október fann Davíð Sveinsson, sales starfsmaður Skipavíkur í Stykkishólmi, hospital fiðrildi á gangstétt við fyrirtækið. Hann kannaðist ekki við að hafa séð svona fiðrildi áður og kom því með það til greiningar á Náttúrustofu Vesturlands. Ekki tókst að greina það strax og var það því sent til Erlings Ólafssonar á Náttúrufræðistofnun Íslands. Kom þá í ljós að um var að ræða skrautyglu (*Phlogophora meticulosa*), shop sem fundist hefur þó nokkrum sinnum sem flökkufiðrildi hér á landi og vitað er til að a.m.k. einu sinni hafi hún tímgastr. Hún er stórt næturfiðrildi með vænghaf 46-50 mm og öll ljós á lit.

Skrautygla finnst í Evrópu, N.-Afríku og V.-Asíu en þetta eintak hefur sennilega borist með göngu einstaklinga þessarar tegundar, sem talið er að hafi komið hingað til lands 13. október, fyrst til Suðausturlands en breiddist síðar vestur eftir landinu. Náttúrustofan tekur gjarnan við eintökum athyglisverðra skordýra og annarra dýra og aðstoðar við greiningu þeirra.

Heimildir:

Erling Ólafsson og Hálfván Björnsson 1976. Þrjú flökkufiðrildi tímgastr á Íslandi. Náttúrufræðingurinn 46: 200-208.

Erling Ólafsson, persónulegar upplýsingar.

11. nóvember 2003

Branduglu bjargað úr neti

Helgi Bergsson fann í dag branduglu, sem hafði flækt sig kirfilega í grásleppunetatrossu í Stykkishólmi. Hann skar fuglinn úr netinu og kom með á Náttúrustofuna til að ná þéttustu þráðunum af fuglinum. Eftir það var uglunni sleppt aftur í útjaðri bæjarins. Hún var hin hressasta og virtist ekki hafa orðið meint af. Vegna mikils músagangs þessa dagana er ekki ólíklegt að branduglur þrífist vel um þessar mundir.



15. október 2003

Drög að Náttúruverndaráætlun kynnt

Umhverfisráðherra, Sív Friðleifsdóttir, lagði fram drög að Náttúruverndaráætlun 2004-2008 á Umhverfispingi, sem haldið var dagana 14.-15. október í Reykjavík. Eftir undirbúning Náttúrufræðistofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar, stóð val umhverfisráðuneytisins um 75 svæði sem lagt var til að friða með einum eða öðrum hætti. Þar af voru valin 14 svæði, sem friðuð verða á næstu fimm árum, fáið áætlunin samþykkt á Alþingi. Undirbúningur hefur verið faglegur og m.a. byggt á aðferðafræði sem þróuð var á áður nefndum stofnunum.



1. október 2003

Gráhegrinn mættur

Gráhegrar eru aftur farnir að sjást víða um land. Fyrsta tilkynningin um gráhegra við Stykkishólm kom frá Ingu Eypórsdóttur en hún sá gráhegra í fjöru neðan við hestúsin þann 16. október. Starfsmaður Náttúrustofunnar sá svo aftur gráhegra við Nesvog sunnudaginn 19. október, litlu norðar en sá fyrri (sá sami?) sást.

Tekið er á móti upplýsingum um óvenjulega og/eða sjaldgæfa fugla á Náttúrustofu Vesturlands.

30. sept 2003

Fiskaskoðun 5. bekkjar

Fyrr í mánuðinum heimsótti 5. bekkur Grunnskólans í Stykkishólmi Náttúrustofu Vesturlands. Þau skoðuðu steinbít, keilu, þorsk, ýsu, sólkola, sandkola, rauðsprettu, tindaskötu og loðnu. Einnig fylgdust þau með því þegar forstöðumaður Náttúrustofunnar, Róbert A. Stefánsson, krufði karfa. Sérstaklega áhugavert þótti þeim að sjá karfaheila. Þá voru þau frædd um fiska, líkamsbyggingu þeirra og lifnaðarhætti.





26. ágúst 2003

Fleiri Kóngasvarmar

Ýmsar tilkynningar um að sést hafi til kóngasvarma hafa borist Náttúrustofu Vesturlands. Margar spurningar vakna við þessa óvenjulegu sjón og hefur Jón Már Halldórsson, líffræðingur, svarað nokkrum þeirra á vísindavef Háskóla Íslands. Eftirfarandi spurningar og svör ásamt meðfylgjandi mynd er að finna á vísindavefnum.

„Hvernig fiðrildi er kóngasvarmi? Er það eitrað eða hættulegt? Lifir það á Íslandi? Kóngasvarmi (*Agrius convolvuli* , e. *Convolvulus Hawk-moth*), stundum nefnt kóngafiðrildi, er ekki hluti af íslenskri skordýrafánu en berst hingað stundum sem flækingur.

Kóngasvarmar eru næturdýr og eru þess vegna á ferli eftir að skyggja tekur. Þeir lifa á blómasafa eins og önnur fiðrildi og eru afar stórir miðað við íslensk skordýr, vænghafið getur verið 9-13 cm. Kóngasvarmar geta haldið sér kyrrum á lofti fyrir framan blóm og stinga löngum rana inn í þau til að sjúga blómasafann. Þeir þurfa því ekki að setjast á blómið og minna þannig á fugla, sérstaklega kólibrífugla. Fiðrildaættin sem kóngasvarminn tilheyrir, svarmaætt (*Sphingidae*), er í samræmi við það kölluð „Hummingbird moth“ á ensku. Kóngasvarmar eru með öllu skaðlausir og er engin ástæða til að hræðast þá.

Þau dýr sem finnast hér á landi hafa að öllum líkindum borist frá Evrópu. Tíðafar í álfunni hefur verið afar hagstætt fyrir kóngasvarmann og suðlægir vindar undanfarnar vikur hafa flutt fjölda einstaklinga hingað norður eftir. Búsvæði kóngasvarmans er víðáttumikið, það nær til Afríku, Asíu, Eyjaálfu auk Suður-Evrópu. Kóngasvarmar ferðast árstíðabundið norðar í Evrópu, meðal annars til Bretlandseyja, en fjölga sér þar ekki. Borist hafa tilkynningar um þessi fiðrildi víða

að af landinu eftir 9. ágúst, svo sem frá Stykkishólmi, Blönduósi, höfuðborgarsvæðinu, Selfossi og Neskaupsstað.“

Að auki kom fram í Morgunblaðinu, laugardaginn 23. ágúst sl. að fiðrildið hafi sést á Vestfjörðum og starfsmaður Náttúrustofu Vesturlands sá eitt á sunnanverðu Snæfellsnesi. Einnig hefur Náttúrustofan fregnir af því að dauður kóngasvarmi hafi fundist á Rífi á Snæfellsnesi.

20. ágúst 2003

Kóngasvarmar í Stykkishólmi

Náttúrustofu Vesturlands barst tilkynningu um stór fiðrildi í húsagarði við Ásklif 11 í Stykkishólmi í gærkvöldi upp úr kl. 22. Heimilisfólkið fylgdist þá með 5 stykkjum á blómstrandi skógartoppi og bentu lýsingin til kóngasvarma (*Agrius convolvuli*). Þegar starfsmaður Náttúrustofunnar mætti á staðinn voru fiðrildin farin en tveir kóngasvarmar birtust svo aftur skömmu síðar.

Um er að ræða fiðrildi sem flækst hefur hingað frá Evrópu. Það er næturfiðrildi, þ.e. er fyrst og fremst á ferðinni eftir að skyggja tekur. Kóngasvarmar lifa á blómasafa eins og önnur fiðrildi. Þeir geta andæft fyrir framan blóm, stungið rananum inn í þau til að sjúga blómasafann og þurfa því ekki að setjast á blómið. Þetta atferli og líkamsbygging þeirra (þykkur búkur) gerir það að verkum að kóngasvarmar minna á kólibríflugla þegar þeir éta og hafa verið misgreindir sem slíkir.

Þessi fiðrildi í Stykkishólmi eru hluti af göngu þessarar tegundar sem nú er á landinu. Náttúrustofan hefur upplýsingar um að frá 9. ágúst hafi fundist eintök í Reykjavík, Garðabæ, Selfossi, Neskaupsstað, Blönduósi og nú síðast Stykkishólmi.

Til gamans fylgja myndir af kóngasvörnum. Hafið augun opin og vinsamlegast látið vita í s. 898 6638 ef þið sjáið fleiri svona kvikindi. Af gefnu tilefni skal það tekið fram að fiðrildin eru með öllu skaðlaus og er ástæðulaust að hræðast þau.



20. júní 2003

Smábátahöfnin í Stykkishólmi fær Bláfánann (frétt af heimasíðu Landverndar).

Föstudaginn 13. júní 2003 afhenti Landvernd smábátahöfninni í Stykkishólmi Bláfánann við hátíðlega athöfn. Smábátahöfnin í Stykkishólmi sótti um að fá að flagga „Bláfánanum“ í sumar. Bláfáninn er alþjóðlegt merki fyrir hafnir sem uppfylla ströng skilyrði í umhverfis- og öryggismálum.

Það eru alþjóðasamtökin Foundation for Environmental Education, sem Landvernd á aðild að, sem standa að baki þessu merki. Íslensk dómnefnd fór yfir umsóknirnar frá viðkomandi hafnarstjórnnum og í apríl voru þær lagðar fyrir evrópska dómnefnd sem samþykkti Bláfánann til Stykkishólms.

Ólöf Guðný Valdimarsdóttir formaður Landverndar flutti ávarp og afhenti hafnarstjórn fánann. Síðan flutti Sturla Böðvarsson samgönguráðherra varp og þakkaði Landvernd fyrir að sjá um Bláfánann á Íslandi og stuðla þannig að bættri umgengi og meira öryggi í höfnum landsins. Smábátahöfnin í Stykkishólmi er fyrsta höfnin til að hljóta þessa alþjóðlegu viðurkenningu hér á landi.



5. júní 2003

Grátrana í Borgarfirði

Tilkynning barst frá Sigmundi Ásgeirssyni um að GRÁTRANA hefði sést í gær á Hvítárvöllum í Borgarfirði. Grátrana er stór fugl, hæð 110-120 cm og vænghaf 220-245 cm. Að sögn er þessi fugl spakur og glæsilegur. Ef þið eigið leið um svæðið, hafið þá augun hjá ykkur. Gaman væri að fá fleiri fréttir af fuglinum.

Róbert A. Stefánsson

(Teikning: Steen Langvad, úr Fuglar á Íslandi og öðrum eyjum í Norður Atlantshafi)



28. maí 2003

Glókollurinn að breiðast út

Glókollur (*Regulus regulus*) er minnsti fugl Evrópu. Hann heldur aðallega til í greniskógum, blandskógum og stórum trjágörðum með grenitrjám, þar sem hann étur grenilýs, önnur smá skordýr og áttfætlumaura af barrinu. Glókollur er einn af nýlegum landnemum á Íslandi. Lengi vel var hann einungis flækingsfugl en haustið 1995 hröktust óvenjulega margir einstaklingar til landsins og talið er að tegundin hafi orpið árlega á Íslandi síðan. Eftir það hefur hann fundist í greniskógum og skógarreitum víða um land að undanskildum Vestfjörðum og Norðurlandi. Náttúrustofa Vesturlands í Stykkishólmi rannsakaði í vor útbreiðslu glókolls á Vesturlandi. Í apríl og maí heimsóttu starfsmenn Náttúrustofunnar sitkagreniskóga og -reiti í landshlutanum. Samtals var um að ræða 27 svæði en að auki voru heimsóttir 7 skógræktarreitir sem ekki voru á listanum og því samtals 34 svæði. Vart varð við glókolla á 10 svæðum. Sex þeirra voru í Borgarfjarðarsýslu, þrjú við suðausturjaðar Mýrasýslu og eitt í

Sauraskógi í Helgafellssveit á norðanverðu Snæfellsnesi. Tegundin er orðin algeng á sumum svæðanna.

Mjög líklegt er að útbreiðsluaukning glókolla á Íslandi haldi áfram á næstu árum og hyggst Náttúrustofa Vesturlands fylgjast grannt með henni á Vesturlandi. Allar frekari upplýsingar um glókolla á Vesturlandi eru þegnar með þökkum.

Róbert A. Stefánsson og Sigrún Bjarnadóttir (ljósmynd: Daníel Bergmann)



5. febrúar 2003

Fiskaskoðun 3. bekkjar GSS

Sigurborg Sturludóttir, kennari 3. bekkjar í Grunnskólanum í Stykkishólmi, kom með krakkana sína í heimsókn á Náttúrustofuna síðastliðinn fimmtudag (30. janúar). Tilgangur heimsóknarinnar var að fræðast um fiska. Krufinn var þorskur og helstu líffæri skoðuð. Krökkunum fannst sniðugt að finna m.a. kuðungakrabba í maga þorskanna tveggja sem opnaðir voru, enda höfðu þau skoðað lifandi kuðungakrabba á Náttúrustofunni rúmri viku fyrr. Auk þorsks voru til sýnis fersk eintök af ýsu, karfa, skarkola, steinbít og tindaskötu. Krakkarnir tóku fiskana með sér í skólann, þar sem ætlunin var að nota þá til að útbúa listaverk



24. janúar 2003

Gráhegrarnir tóra enn

Starfsfólk Náttúrustofu Vesturlands sá 5 gráhegra í vari fyrir norðanáttinni sunnan Búðaness í Stykkishólmi, miðvikudaginn 21. janúar. Að líkindum er um sömu 5 fugla að ræða og sáust við Landeyjarsund í fyrri hluta nóvember.

Talið er að 20-50 gráhegrar dvelji að jafnaði á Íslandi yfir vetrartímann (Ævar Petersen, 1998. Íslenskir fuglar. Vaka-Helgafell) og eru þeir árlegir gestir við Breiðafjörð. Miðað við fjölda tilkynninga um gráhegra á landinu í haust og vetur er líklegt að þeir séu nokkru fleiri en 50

Þetta árið. Gaman væri ef hegrarnir reyndu varp á landinu en venjulega hverfa þeir af landi brott þegar líður að vori. Ekki er vitað til að varp hafi nokkru sinni verið reynt en erlendis verpa gráhegrar í trjám.



23. janúar 2003

Skólaheimsókn á Náttúrustofuna

Krakkar í 1.-5. bekk Grunnskólans í Stykkishólmi heimsóttu Náttúrustofu Vesturlands miðvikudaginn 22. janúar. Þar sýndi starfsfólk Náttúrustofunnar brot af því lífríki sem finna má á botni Breiðafjarðar og fræddu börnin um lifnaðarhætti dýranna. Þarna mátti sjá krabba, krossfiska, samlokur, sæbjúgu, sæsnigla, burstaorma, fiska o.fl. Stærstum hluta dýranna höfðu

skipverjar á Kristni Friðrikssyni safnað deginum áður en hluta dýranna söfnuðu starfsmenn Náttúrustofunnar við Stykkishólm. Lifandi dýrin vöktu kátínu og hrifningu unga fólksins.

9. janúar 2003

Fuglatalning

Náttúrustofa Vesturlands tók í þriðja skipti þátt í árlegri vetrarfuglatalningu Náttúrufræðistofnunar Íslands, sem fram fór 5. janúar síðastliðinn. Talin voru þrjú samliggjandi svæði í Kolgrafa- og Hraunfirði, eða frá Eiði í Kolgrafafirði að nyrðri brúnni yfir Hraunsfjörð.

Svipaður fjöldi tegunda sást í þessari talningu og í talningunum árin 2000 og 2001. Helstu breytingar frá fyrri árum voru að nú sáust fleiri einstaklingar en áður. Þá sáust í fyrsta skipti himbrimi, hettumáfur og rita. Ekki sást snjótittlingur örn eða smyrill. Athygli vekur mikill hópur tjalda, sem var á leiru í Hraunfirði. Meirihluti íslenska tjaldastofnsins flýgur til Bretlandseyja á haustin en hluti hans dvelur í fjörum á Suðvestur og Vesturlandi eða 2-3 þúsund skv. Fuglum Íslands eftir Ævar Petersen.



4. desember 2002

Silkitoppur í Hólmgarði

Tvær silkitoppur (*Bombus garulus*) voru í Hólmgarði, föstudaginn 29. nóvember. Ann Linda Denner tilkynnti um fuglana og sagði þá hafa setið í reynitré og gætt sér á berjum.

Silkitoppa er fallegur spörfugl, 18-21 cm á lengd. Hún er auðgreind á skrautlegum fjaðurham sínum. Grunnlitur er grábleikur og höfuðtoppur áberandi. Silkitoppa verpur í norðurluta barrskógabeltisins frá Skandinavíu og austur um Rússland. Hún er óreglulegur flækingur á Íslandi en kemur stundum í stórum hópum. Alls sáust silkitoppur á 8 stöðum á landinu í nóvember.

Á Íslandi sækja silkitoppur í reyniber og önnur aldin í görðum, en nú er lítið um æti fyrir þær hér og þiggja þær þá gjarnan epli eða annað álíka góðgæti.

Róbert A. Stefánsson, Náttúrustofu Vesturlands

(Teikn. úr Collins Bird Guide 1999, K. Mullarney, L. Svensson, D. Zetterström, P.J. Grant. Harper Collins Publ. Ltd.)

29. nóvember 2002

164 minkar veiddir til merkingar

Nú er lokið öðrum áfanga rannsóknar Náttúrustofu Vesturlands á minkastofninum á Snæfellsnesi. Fyrsti áfanginn hófst síðsumars 2001 og stóð út októbermánuð sama ár, þegar

minkar voru veiddir í lífgildrum og merktir á öllu Snæfellsnesi. Annar áfangi fór fram í sumar og haust þegar veiðar fyrra árs voru endurteknar. Gildrum var k omið fyrir víða um sýsluna og minkar sem veiddust merktir með frostmerki á læri afturfótar og örmerki undir húð á baki. Þegar veiðimenn svo drepa mink sjá þeir merkið sem hvítan blett eða hár á læri afturfótar. Þá má ganga úr skugga um hvar og hvenær minkurinn var merktur með því að senda hann til Náttúrustofunnar, þar sem lesið er af merkinu.

Hvatinn að framkvæmd verkefnisins var að þrátt fyrir að minkur hafi verið veiddur frá því fljótlega eftir landnám hans fyrir um 70 árum, hafa þær veiðar ekki skilað þeim árangri sem vonast var eftir, jafnvel þótt ríki og sveitarfélög hafi kostað um 850 milljónum á núvirði til minkaveiða á síðustu 45 árum. Skýringa þess er e.t.v. að leita í því að tegundin hefur mikla aðlögunarhæfni, er frjósöm og skammlíf. Þær fækkunaraðgerðir sem notaðar hafa verið hingað til eru því aðeins líklegar til að skila staðbundnum og tímabundnum árangri.

Markmið rannsóknarinnar eru að fá upplýsingar um stærð minkastofnsins á Snæfellsnesi, áhrif veiða á stofninn, náttúruleg vanhöld minka og ferðir þeirra en öll þessi atriði munu hjálpa til við að skipuleggja veiðar betur og ná þannig frekar árangri.

Í fyrra voru 84 minkar veiddir til merkingar og í ár veiddust jafn margir. Af þessum 168 minkum hafa 15 endurheimst með veiðum minkabana en vitað er að 14 drápust af öðrum orsökum. Því er ljóst að 139 merktir minkar ganga enn lausir eða hafa drepist af náttúrulegum orsökum.

Gera má ráð fyrir að árið 2004 megi reikna út stofnstærð að hausti út frá endurheimtum en fáir minkar ná meira en tveggja ára aldri, þótt dæmi séu um allt að 7 ára mink. Endurheimturnar gefa mikilvægar upplýsingar, sem vonandi munu nýtast til að bæta stjórnun minkaveiða og gera þær árangursríkari.

Mikilvægt er að allir veiddir minkar á Vesturlandi séu sendir til Náttúrustofu Vesturlands í Stykkishólmi til rannsóknar, svo rannsóknin verði sem áreiðanlegust. Hlutur veiðimanna í verkefninu er mikilvægur og hafa margir þeirra brugðist vel við og sent veiði sína. Eru þeim færðar bestu þakkir fyrir.

Róbert A. Stefánsson, forstöðumaður Náttúrustofu Vesturlands.





Krossnefurinn

í



Stykkishólmi (ljósm. RAS)

Töluverður litamunur getur verið á krossnefjum (teikn. úr Lars Jonsson 1992. Birds of Europe. Christopher Helm Ltd

14. nóvember 2002

Krossnefur í Stykkishólmi

Á haustin og vorin, þegar fuglar ferðast oft langar leiðir milli varpstöðva og vetrarstöðva, villast alltaf einhverjir af leið og flækjast þá stundum óvenjulegir fuglar til landsins. Á það sérstaklega við eftir suðvestanáttir á haustin.

Á síðunni var nýlega sagt frá gráhegrum í Stykkishólmi. Sjaldséðari flækingsfugl, en þó næstum árvissan Íslandsvin, fann Eiríkur Helgason í fjárhúsi sínu við skógræktarsvæðið að Grensá í seinni hluta október. Hann sá fuglinn hamast innan á glugga fjárhússins og handsamaði hann. Um var að ræða krossnef (*Loxia curvirostra*), sem er stór finkutegund (lengd 17 cm). Hann lifir víða í barrskógum í norðlægum löndum en finnst einnig á ákveðnum svæðum sunnar, allt suður til N-Afríku og Mexíkó. Helsta einkenni krossnefs er sterklegt nef þar sem efri og neðri hluti skoltsins svegjast hvor til sinnar hliðar og ganga því á víxl þegar fuglinn bítur saman (líkt og skæri), sem er líklega aðlögun að því að ná fræjum úr könglum barrtrjáa. Litur krossnefs er breytilegur, ýmist gráleitur (ungar), gul-grænleitur (kvenfuglar) eða rauður (karlfu glar). Fuglinn hjá Eiríki er að líkindum kvenfugl.

Krossnefir ferðast oft um í hópum í ætisleit og hafa stundum flækst hundruð fugla til Íslands í einu, síðast fyrir ári síðan. Komur svo margra fugla í einu hafa gjarnan verið tengdar fæðuskorti á heimaslóðum í Skandinavíu eða Rússlandi. Vitað er um eina varptilraun krossnefs á Íslandi en það var árið 1994 í Fljótshlíð.

Róbert A. Stefánsson

6. nóvember 2002

Fleiri gráhegrar

Í gær var sagt frá því hér á síðunni að gráhegri hefði sést í Stykkishólmi að undanfögnu. Í dag fór svo Róbert A. Stefánsson, forstöðumaður Náttúrustofunnar í stuttan bíltúr um bæinn og fann FIMM unga gráhegra í hópi við Landeyjarsund. Miðað við það hversu stutt var leitað er ekki ólíklegt að fleiri leynist í nágrenninu. Hafið því augun opin.



5. nóvember 2002

Gráhegri í Stykkishólmi

Gráhegri hefur sést í Stykkishólmi að undanfögnu. Hann sást fyrst 24. október við Maðkavík en hefur síðan sést við höfnina og aftur við Maðkavík í gær 4. nóvember.

Gráhegrar eru stórir og tilkomumiklir vaðfuglar. Þeir verpa ekki á Íslandi en nokkrir flækjast hingað á hverju hausti og sjást þá helst í fjörum og við ár og vötn sem ekki frjósa. Þeir eru háfættir og hálslangir, ljósir á kvið en með gráa vængi. Einnig má sjá svartar flikrur á kvið og höfði. Á flugi eru þeir fremur þunglamalegir en eru auðþekkjanlegir á breiðum og löngum vængjum, sem minna reyndar dálítið á arnarvængi nema bognari. Að auki greinast þeir frá örnum á flugi á lögnum fótum sem skaga aftur fyrir stélið. Vænghafið er 155-175 cm. en standandi eru þeir 84-102 cm. á hæð, eftir því hvort hálsinn er uppréttur.

Talið er að flestir gráhegrar komi hingað frá Noregi en hafi villst af leið sinni suður til mið-Evrópu.

Tekið er við ábendingum um sjaldgæfa og/eða óvenjulega fugla á Náttúrustofu Vesturlands í síma 438 1122 eða í tölvupósti nsv@stykkisholmur.is

Róbert A. Stefánsson, forstöðumaður.

Á meðfylgjandi mynd má sjá gráhegrann í fjöruborðinu í Maðkavík. Íris Huld tók myndina með stafrænni myndavél í gegnum fjarsjá Náttúrustofunnar. Heimild: www.skessuhorn.is

30. október 2002

Lítil mengun vegna frárennslis í Snæfellsbæ og Stykkishólmi Sparnaður upp á hundruðir milljóna ef tekið verður tillit til hagstæðra sjávarfalla

Bæjarstjórnir Snæfellsbæjar og Stykkishólms hafa fengið Náttúrustofu Vesturlands til að mæla mengun vegna frárennslis í sjó á hvorum staðnum fyrir sig. Náttúrustofan hefur skilað skýrslum yfir ástand í frárennslismálum á báðum stöðum og bendir útkoman til þess að hugsanlega geti bæði sveitarfélögin komist af með mun minni kostnað en áætlað var við að lengja og lagfæra útrásir í sjó. Sem kunnugt er eiga öll sveitarfélög landsins að vera búin að uppfylla skilyrði um frárennslis í sjó samkvæmt heilbrigðisreglugerð fyrir árið 2005. „Ástandið er mjög gott og staðfestir það sem við höfum talið að hér væri mikil hreinsun vegna mikilla sjávarfalla,“ segir Kristinn Jónasson bæjarstjóri Snæfellsbæjar. Það þarf hugsanlega að lengja sumar útrásirnar en að öðru leyti viljum við meina að stöðug vöktun með reglulegum mengunarmælingum ætti að nægja. Ef það fæst viðurkennt þurfum við ekki að leggja í kostnað upp á 300 – 500 milljónir við hreinsun. Við munum með öðrum orðum fara fram á það við umhverfisráðuneytið að það verði metið þegar gerðar eru kröfur um lengingu útrásanna hverjar aðstæður eru frá náttúrunnar hendi. Það er ljóst að ef það verður tekið til greina erum við að tala um sparnað upp á fleiri hundruð milljónir króna,“ segir Kristinn.

„Samkvæmt skýrslunni er aðeins mengun við eina útrás hjá okkur sem þýðir að þær kröfur sem við eigum að uppfylla eins og staðan er í dag er ekki í neinu samhengi við raunveruleikann,“ segir Óli Jón Gunnarsson bæjarstjóri Stykkishólmsbæjar. „Heildarframkvæmdir hjá okkur vegna lenginga og samtenginga útrása eru um 200 milljónir samkvæmt áætlun en við erum að tala um að við getum helmingað þá upphæð ef okkar rök eru tekin gild og ég sé ekki forsendu til annars,“ segir Óli Jón.